# FRÉTTABLAÐIÐ

259. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 5. NÓVEMBER 2015




**Flókið verk** „Nú er staðan sú að við vorum byrjaðir að dæla og það gekk vel þar til gluggi brotnaði og gaf sig. Nú erum við að vinna í því að loka fyrir gluggann og þétta upp á nýtt svo við getum haldið áfram dælingu," sagði Sigurður Stefánsson, eigandi Köfunarþjónustu Sigurðar, rétt áður en Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Hann vonaðist til þess að Perla kæmist á flot síðar um kvöldið eða nóttina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Skólastjórar sömdu í gær

**KJARAMÁL** Fulltrúar Skólastjórafélags Íslands og samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga skrifuðu undir nýjan kjarasamning hjá ríkissáttasemjara í gærkvöld.

„Ég er sátt við útkomuna," segir Svanhildur María Ólafsdóttir, formaður Skólastjórafélagsins.

Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga segir á sjöunda tug samninga sveitarfélaganna ólokið. „Við erum rétt að byrja, eigum eftir sextíu og þrjá samninga." **- óká, kbg**

### Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Opið bréf til forstjóra Landspítalans. 26

**SPORT** Glódís Perla átti frábært fyrsta ár í atvinnumennsku. 30-32

**MENNING** Dansarar líkja eftir flugeldum í Borgarleikhúsinu. 52

**LÍFIÐ** Fræðsludagskrá fyrir listamenn verður á Airwaves-hátíðinni. 64

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● LÍFIÐ**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






## Skórnir lykillinn að Airwaves

**LÍFIÐ** Airwaves-hátíðin er fyrir löngu búin að festa sig í sessi sem árlegur viðburður í menningarlífi Íslendinga. Er mál manna að hátíðin sé ekki aðeins tónlistarveisla heldur einnig okkar eigin tískuvika, sem einkennist af fimm dressum sem geta höndlað í skulda á sama tíma og ofsahita tónleikarýma.

„Mikilvægast er að vera í góðum skóm," segir Ósk Gunnarsdóttir, einn álitsgjafanna þaulreyndu sem fara yfir hvað skal hafa í huga þegar fatnaður er valinn fyrir þessa fimm daga þegar allra veðra er von. **– ga / sjá síðu 56**

## Kjalölduvirkjun beint í vernd

**ORKUMÁL** Verkefnastjórn rammaáætlunar hefur ákveðið að Kjalölduveita, nýr virkjunarkostur Landsvirkjunar, verði ekki metinn í vinnu við 3. áfanga áætlunarinnar. Kjalölduveita sé aðeins önnur útfærsla af Norðlingaölduveitu og flokkist því beint í verndarflokk án umfjöllunar.

Landsvirkjun unir þessari niðurstöðu ekki og hefur tekið málið upp við umhverfis- og auðlindaráðuneytið. „Við teljum í raun að þessi afgreiðsla stangist á við lög og höfum mótmælt henni við umhverfisráðherra," segir Hörður Arnarson, forstjóri fyrirtækisins. **– shá / sjá síðu 10**

# Höfuðborgin skuldar nú mest á hvern íbúa

**Meirihlutinn í borgarstjórn Reykjavíkurborgar ætlar að reka A-hluta borgarsjóðs með halla næstu fimm árin. Hallarekstur verður hjá fjórum stærstu sveitarfélögunum í ár. Reykjavíkurborg skuldar nú yfir tvær milljónir króna á íbúa.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir að A-hluti borgarsjóðs verði rekinn með halla allt til ársins 2020. Það stefnir í 13 milljarða halla hjá borgarsjóði á þessu ári. Allt stefnir í að halli verði á rekstri fjögurra stærstu sveitarfélaga landsins á árinu.

Þegar skuldir sveitarfélaga á hvern íbúa eru skoðaðar sést að Reykjavík sker sig nokkuð úr. Þegar fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna eru bornar saman sést að Akureyri, Kópavogur og Hafnarfjörður skulda í kringum 1,2 til 1,5 milljónir króna á hvern íbúa. Hins vegar skuldar borgarsjóður rúmlega tvær milljónir á hvern íbúa.

Halldór Halldórsson, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn, segir stöðu borgarsjóðs grafalvarlega. „Reka á aðalsjóð með halla til ársins 2020 en láta eignasjóð borgarinnar dekka tapreksturinn. Miðað við hvernig gengið hefur

> **Samkvæmt útreikningum okkar verður næsta ár í járnum og það verður það hjá mörgum sveitarfélögum.**
>
> Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs.



> **Miðað við hvernig gengið hefur að halda áætlunum hefur maður áhyggjur af stöðu borgarinnar**
>
> Halldór Halldórsson, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn



að halda áætlunum hefur maður áhyggjur af stöðu borgarinnar," segir Halldór.

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs, segir allar líkur á að reksturinn í ár verði neikvæður vegna nýs starfsmats og hækkandi lífeyrisskuldbindinga. Hann telur einnig að næsta rekstrarár verði erfitt öllum sveitarfélögum.

„Samkvæmt útreikningum okkar verður næsta ár í járnum og það verður það hjá mörgum sveitarfélögum. Það eru allar sveitarstjórnir í dag að kvarta yfir stöðunni. Laun bæjarstarfsmanna hækka meira en útsvarstekjur sveitarfélaga," segir Ármann.

Sömu sögu er að segja af Hafnarfirði og Akureyri en gert er ráð fyrir sambærilegum hagnaði í sveitarfélögunum á árinu 2016. Gert er ráð fyrir 750 milljóna króna halla á rekstri Hafnarfjarðar og munu bæjaryfirvöld fara í miklar aðhaldsaðgerðir á næsta ári. **– sa, sg / sjá síðu 12**




## Veður



**Austan og suðaustan** 8-15 m/s, en allt að 20 m/s við suður- og suðausturströndina í dag. Rigning um landið sunnan- og vestanvert, en úrkomuminna um landið norðaustanvert. Hiti 3 til 8 stig. SJÁ SÍÐU 36



David Cameron.. Fréttablaðið/Stefán

## Vélin gæti hafa verið sprengd

**BRETLAND** Í yfirlýsingu sem skrifstofa Davids Cameron, forsætisráðherra Bretlands, sendi frá sér í gær er skýrt hvers vegna flugferðir breskra ferðalanga til Sínaískaga hafa verið stöðvaðar. Sprengja gæti hafa grandað rússnesku flugvélinni og því þurfi að gæta fyllstu varúðar.

„Eftir því sem fleiri upplýsingar koma í ljós aukast áhyggjur okkar af því að flugvélinni gæti hafa verið grandað með sprengju,“ segir í tilkynningunni. – **kbg**



N1 seldi flugvélabensín fyrir 9 milljarða á níu mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## N1 missir sölu til Icelandair

**VIÐSKIPTI** Icelandair hættir að kaupa eldsneyti af N1 þegar samningur rennur út á gamlársdag. Þetta kemur fram í árshlutauppgjöri N1 fyrir þriðja fjórðung. Icelandair hyggst semja við Skeljung. Staðfestir Valgeir Baldursson, forstjóri Skeljungs, að viðræður standi yfir.

Í árshlutauppgjöri N1 segir að tekjur félagsins af viðskiptum við Icelandair á fyrstu 9 mánuðum ársins hafi verið 9,2 milljarðar króna af 39,3 milljarða heildarsölu N1. Áhrif þessara viðskipta við Icelandair á EBITDA félagsins eru þó sögð óveruleg. – **jhh**

## Safna fötum fyrir flóttafólk



**Fatasöfnun fyrir flóttafólk á grísku eyjunni Lesbos fer nú fram á leikskólanum Sælukoti. Síðasti dagur söfnunarinnar er föstudagurinn 6. nóvember en söfnunin hefur gengið afar vel. Mikið af hlýjum fatnaði, flís og ull, teppum og alls konar barnafatnaði hefur borist. Flutningsmiðlunarfyrirtækið FRAKT ætlar að leggja málefninu lið með því að standa straum af sendingarkostnaði við það sem safnast.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Fáir fá A á landsbyggðinni

**MENNTUN** Menntamálastofnun hefur birt niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum í íslensku, stærðfræði og ensku fyrir 10. bekk sem haldin voru í september.

Munur á milli meðaltala normaldreifðra einkunna í íslensku og stærðfræði eykst milli ára á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Munurinn milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar kemur enn skýrar fram í hlutfalli einstakra einkunna. Þannig er hlutfall þeirra nemenda sem fengu A á höfuðborgarsvæðinu verulega hærra en á landsbyggðinni. Þetta á við í öllum fögum. Í Reykjavík fengu til að mynda 9,7 prósent hæfnieinkunna A í íslensku en aðeins 3,5 prósent í Suðurkjördæmi.

Menntamálastofnun telur mikilvægt að bregðast við muninum á námsárangri milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. – **kbg**

# Samningur við besta spítala Bandaríkjanna

Tryggvi Þorgeirsson er annar stofnenda íslensk-sænska nýsköpunarfyrirtækisins Sidekick Health sem hefur samið við Massachusetts General-spítala um notkun á heilsueflandi leik til rannsóknar á lífsstílsinngripi fyrir sjúklinga.

**NÝSKÖPUN** „Mér fannst vanta nýjar leiðir til þess að fyrirbyggja lífsstílstengda sjúkdóma áður en skaðinn er skeður,“ segir Tryggvi Þorgeirsson læknir, lýðheilsufræðingur og einn stofnenda íslensk-sænska fyrirtækisins Sidekick Health.

Á dögunum gerði Massachussetts General-spítalinn í Boston samning við fyrirtækið um að nota heilsueflandi leik fyrirtækisins, Sidekick, til rannsóknar á lífsstílsinngripi fyrir sjúklinga sína. Þá er fyrirtækið einnig í samstafi við sérfræðinga í háskólunum MIT og Harvard í Boston.

„Spítalinn hefur margoft verið valinn besti spítali Bandaríkjanna og því er það mikill heiður fyrir starfsfólk Sidekick að hafa verið valið til þessa verks,“ segir Tryggvi og útskýrir að umræði leikjavædda heilseflingu sem fólk geti hlaðið niður á síma og spjaldtölvur.

Tryggvi útskýrir að Sidekick sé einföld leikjavædd lausn sem gerir heilsueflingu skemmtilega og aðgengilega til að ná fram varanleagum lífsstílsbreytingum. „Langvinnir lífsstílstengdir sjúkdómar, svo sem áunnin sykursýki og hjarta-og æðasjúkdómar, valda 86 prósentum af dauðsföllum í Evrópu. Langstærsti útgjaldaliðurinn hjá heilbrigðiskerfinu í dag fer í að bregðast við vandanum eftir að skaðinn er skeður og er þessi lausn sett fram til þess að fyrirbyggja sjúkdómana áður.“

Þá segir Tryggvi að aðferðafræði Sidekick-lausnarinnar byggist á sterkum vísindagrunni. „Til dæmis eru þrjár doktorsrannsóknir í gangi núna í tengslum við lausnina. Rannsóknirnar eru í samstarfi við aðila frá Háskóla Íslands, Landspítalanum, Karolinska Institutet í Stokkhólmi, Harvard og MIT.“ Hann segir lausnina einnig nýtast fyrirtækjum sem vilji bæta heilsu starfsmanna sinna. Starfsmenn fá þá aðgang að snjallsímalausn Sidekick sem meðal annars inniheldur heilsutengda leiki og keppni milli starfsmanna.



**Leikurinn Sidekick er einföld leikjavædd lausn sem gerir heilsueflingu aðgengilega til að ná fram varanlegum lífsstílsbreytingum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Mér fannst vanta nýjar leiðir til þess að fyrirbyggja lífsstílstengda sjúkdóma áður en skaðinn er skeður**
>
> Tryggvi Þorgeirsson, læknir og lýðheilsufræðingur

Sæmundur Oddsson læknir er annar stofnandi Sidekick ásamt Tryggva, en fyrirtækið var stofnað árið 2013. „Sæmundur var þá læknir í Svíþjóð á einu stærsta sjúkrahúsi í Evrópu og fann fyrir því hve mikið vantaði lausnir til að fyrirbyggja og meðhöndla lífsstílstengda kvilla.“

Hjá fyrirtækinu starfa ellefu manns, meðal annars læknar, sálfræðingur, lýðheilsufræðingur, verkfræðingar og forritarar. „Þetta er ótrúlega öflugt teymi og þess vegna höfum við náð svona langt.“

Sidekick hefur þegar fengið fjármögnun upp á nokkur hundruð milljónir króna í gegnum erlenda fjárfestingu og styrki, meðal annars frá Tækniþróunarsjóði.

nadine@frettabladid.is






# Margt smátt gerir eitt stórt!

## Þar skiptir þú öllu máli.

Nú stendur yfir fjáröflunarátakið Neyðarkall björgunarsveitanna um allt land. Líkt og áður er um að ræða sölu á litlum Neyðarkalli á lyklakippu og er almenningur hvattur til þess að taka vel á móti sjálfboðaliðum okkar. Stuðlaðu að eigin öryggi og annarra með því að styðja þetta átak.

**Þetta er Neyðarkall til þín. Stuðningur þinn skiptir öllu.**



**Á lyklakippunni þinni er Neyðarkallinn tákn um stuðning.**

Neyðarkallinn 2015 er í bílaflokki og með algjöra tækjadellu. Mikil vinna fer fram á bak við tjöldin hjá því fólki sem heldur öllu gangandi, tilbúið með drifskaftið og skiptilykilinn. Bílaflokksfólk er mikilvægur hlekkur í hverju útkalli; á leitarsvæði, slysavettvangi eða við almenna aðstoð.

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

# Hálfs árs bið eftir niðurstöðu kærunefndar útlendingamála

**MANNRÉTTINDI** „Ég get því miður ekki gefið upplýsingar um einstök mál. Mér sýnist að eins og er sé um 5-6 mánaða bið eftir niðurstöðu á hælismálum hjá okkur frá því að gögn um kæruna berast okkur,“ segir Hjörtur Bragi Sverrisson, formaður kærunefndar útlendingamála, um stöðu fjölskyldna frá Sýrlandi og Albaníu sem hafa kært úrskurð Útlendingastofnunar.

„Við reynum hins vegar að taka fjölskyldur framar í röðina þar sem við lítum svo á að fjölskyldur séu í viðkvæmari stöðu en umsækjendur um alþjóðlega vernd almennt.“

Hjörtur segir nefndina skoða öll gögn sem Útlendingastofnun byggði sína niðurstöðu á og hún afli auk þess gagna sjálf.

„Þau gögn sem nefndin aflar eru aðallega frá mannréttindasamtökum og samtökum sem vinna að málefnum hælisleitenda og flóttamanna. Þá skoðum við skýrslur sem stjórnvöld í öðrum löndum hafa unnið um stöðu hælisleitenda og rétt þeirra til alþjóðlegrar verndar. Við höfum einnig leitað talsvert til Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna en sú stofnun hefur verið mjög hjálpleg við að finna upplýsingar um aðstæður í löndum þar sem þróunin er mjög hröð,“ segir Hjörtur.

Hælisleitendur og talsmenn þeirra hafa tækifæri til að koma fyrir nefndina og skýra mál sitt betur. „Og geta við það tækifæri útskýrt atriði sem ekki hafa komið fram áður og skýrt betur atriði sem kunna að vera óljós í greinargerðum þeirra eða öðrum skriflegum gögnum.“ **– kbg**

> **Við lítum svo á að fjölskyldur séu í viðkvæmari stöðu en umsækjendur um alþjóðlega vernd almennt**
>
> Hjörtur Bragi Sverrisson, formaður kærunefndar útlendingamála



Telati-fjölskyldan þarf að bíða í nokkra mánuði enn í óvissu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Versti dagurinn

**VIÐSKIPTI** Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, segir vaxtahækkun Seðlabankans hafa komið mönnum í opna skjöldu. Seðlabankastjóri hafði ekki fyrr tilkynnt um ákvörðun bankans um að hækka stýrivexti um 0,25 prósent en mikil læti urðu á markaði. Hlutabréfaverð tók dýfu en það jafnaði sig að miklu leyti þegar líða tók á daginn. Skuldabréfin lækkuðu hins vegar mun meira og hafa ekki lækkað meira á árinu. Þar voru viðskipti fyrir 31 milljarð, en það hefur ekki gerst síðan 2013. **– kbg**



**Magnús Ver vill hreinsa nafn sitt.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Áfrýjar til Hæstaréttar

**DÓMSMÁL** Magnús Ver Magnússon ætlar að áfrýja dómi Héraðsdóms Reykjavíkur til Hæstaréttar. Hinn 16. október dæmdi Héraðsdómur Reykjavíkur ríkið til að greiða Magnúsi 600 þúsund krónur í miskabætur vegna rannsóknar lögreglu á meintri aðild hans að fíkniefnainnflutningi.

Mál Magnúsar snýst um tilefnislausar símhleranir og hlustanir lögreglu. Hann vonast eftir þyngri dómi. „Það er mikilvægt að ég fái nafn mitt hreinsað vegna þessa máls og að Hæstiréttur sendi skýr skilaboð um að mannréttindabrot, séu alvarleg brot.“ **– kbg**

# Tvær kærur í nauðgunarmáli

**Tveir karlmenn eru meintir gerendur í grófu kynferðisbrotamáli sem er til rannsóknar. Annar þeirra er nemandi við Háskólann í Reykjavík og er sagður hafa nauðgað tveimur bekkjarsystrum sínum í október. Starfsmaður Reykjavik Marina er einnig meintur gerandi en bekkjarskemmtun nemenda fór þar fram.**

**LÖGREGLUMÁL** Tvær kærur hafa verið lagðar fram í nauðgunarmáli sem Fréttablaðið greindi frá í gær að lögreglan hefði til rannsóknar. Tveir karlmenn eru meintir gerendur í kynferðisbrotamálinu sem sagt er vera gróft. Annar mannanna er á fertugsaldri og er nemandi við frumgreinadeild Háskólans í Reykjavík. Hinn maðurinn er á svipuðum aldri og er ekki nemandi skólans.

Tvær skólasystur fyrrgreinds manns eru taldar hafa orðið fyrir grófu kynferðisofbeldi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins á önnur að hafa orðið fyrir nauðgun af hálfu bekkjarbróður síns en hin af völdum beggja meintra gerenda. Því er um að ræða tvö atvik þar sem nemandi frumgreinadeildarinnar á að hafa beitt konurnar grófu kynferðislegu ofbeldi sinn daginn hvorri í október.

Í báðum tilvikum eiga meint brot að hafa átt sér stað eftir bekkjarskemmtanir í miðbæ Reykjavíkur.

Fréttablaðið hafði samband við nokkra nemendur sem eru í sama bekk og hlutaðeigandi. Þeir greindu frá því að málið hefði vakið mikinn óhug nemenda og kennara við skólann.

### Níu dagar á milli

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins átti fyrra atvikið sér stað þann 7. október en þá hittust nemendur á svokölluðu pub quiz á skemmtistaðnum Austur. Umræddur nemandi á það kvöld að hafa nauðgað annarri stúlkunni. Um það mál var ekki upplýst fyrr en seinna atvikið hafði átt sér stað.

Síðara atvikið átti sér stað níu dögum síðar en þá hittust bekkjarfélagar á Slippbarnum. Meintir gerendur voru á staðnum en annar mannanna, sem ekki er nemandi við skólann, er starfsmaður Reykjavík Marina hótelsins, þar sem Slippbarinn er rekinn. Hann var þó ekki á vakt í umrætt skipti. Eiga mennirnir að hafa farið með konunni í heimahús í Hlíðunum síðar um kvöldið og hún verið í annarlegu ástandi. Samkvæmt upplýsingum frá nemendum leikur grunur á að meintir gerendur hafi byrlað konunni ólyfjan og eiturlyfjum. Þá munu þeir hafa beitt konuna kynferðislegu og öðru líkamlegu ofbeldi.

„Málið er til rannsóknar hjá lögreglu og við höfum ekkert um málið að segja. Við tjáum okkur ekki um mál einstakra starfsmanna,“ segir Birgir Guðmundsson, hótelstjóri Reykjavík Marina, aðspurður.

### Þolandi mætti ekki í skólann

Upp komst um fyrra atvikið, eftir að síðara atvikið hafði átt sér stað. Þolandi í því máli hafði ekki mætt í skólann frá því að meint nauðgun átti sér stað.

Lögreglan staðfestir að búið sé að leggja fram kæru í málinu og að til rannsóknar séu kynferðisbrot. „Við verjumst allra frétta af rannsókninni og getum ekki upplýst neitt frekar um rannsókn málsins en það sem hefur komið fram af okkar hálfu nú þegar,“ segir Árni Þór Sigmundsson yfirlögregluþjónn um málið.

Forsvarsmenn skólans vildu ekki veita frekari upplýsingar um málið en segja skólann hafi boðið þeim nemendum sem málið snertir alla þá aðstoð sem hann geti veitt. Enn fremur hafi skólinn lagt áherslu á að nám hópsins geti haldið áfram með sem eðlilegustum hætti og að hlutaðeigandi nemendur þurfi ekki að hafa samskipti.

Nemendur sem Fréttablaðið talaði við sögðu að manninum hefði verið vikið tímabundið úr skólanum. **nadine@frettabladid.is**



**Tvær ungar konur sem stunda nám við Háskólann í Reykjavík urðu samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fyrir grófu kynferðisofbeldi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Málið er til rannsóknar hjá lögreglu og við höfum ekkert um málið að segja. Við tjáum okkur ekki um mál einstakra starfsmanna.**
>
> Birgir Guðmundsson, hótelstjóri Reykjavík Marina







• **Verið hjartanlega velkomin.** Geysir Skólavörðustíg 16. Sími 519 6000 — www.geysir.com **5. til og með 8. nóvember* •

# Hælisleitendur fá ekki gjafsókn

**Lögmaður segir yfirvöld hafa breytt stefnu sinni án þess að kynna það formlega og neiti hælisleitendum um gjafsókn í dómsmálum. Gríðarlega alvarlegt sé að minnihlutahópur sé útilokaður frá dómstólum.**

**STJÓRNSÝSLA** Katrín Oddsdóttir lögmaður fékk í gær þrjár synjanir um gjafsókn fyrir hælisleitendur. Hún segir synjanirnar hafa komið stórkostlega á óvart.

„Þetta er stefnubreyting sem við vitum ekkert hvaðan kemur,“ segir Katrín en synjanirnar koma frá gjafsóknarnefnd og eru undirritaðar af embættismönnum innanríkisráðuneytisins. „Ég held að enginn hafi átt von á þessu. Rauði kross Íslands kom með þessi mál á okkar borð því það var talið að um ranga niðurstöðu væri að ræða og það þyrfti að taka málið upp fyrir dómstólum.“

Katrín segir hælisleitendur yfirleitt fá gjafsókn. „Það er ekki alveg undantekningarlaust, en oftast. Enda hafa þeir engan annan möguleika á að láta reyna á réttmæti ákvarðana um hvort beri að senda þá í önnur lönd,“ segir hún. Synjanir sem um ræðir eigi sameiginlegt að varða hælisleitendur sem senda á til annars lands á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar.

„Eitt af þeim málum sem liggja á mínu borði er stóralvarlegt. Það varðar ungan mann sem hefur verið á flótta frá barnsaldri, er með vottorð frá lækni um að vera of veikburða og andlega lasinn til að ferðast og nú á að senda hann til Ítalíu. Hann mun ekki lifa það af. Aðstæður á Ítalíu eru skelfilegar og enginn heldur því fram að það sé í lagi að senda fólk þangað. Innanríkisráðherra hefur meira að segja haft orð á því.“

> **Rauði kross Íslands kom með þessi mál á okkar borð því það var talið að um ranga niðurstöðu væri að ræða og það þyrfti að taka málið upp fyrir dómstólum.**
>
> Katrín Oddsdóttir lögmaður



Í synjunarbréfunum kemur fram að ekki þyki tilefni til málshöfðunar. Katrín bendir á að það sé eingöngu dómstólsins að ákveða slíkt með dómsniðurstöðu, en ekki nefndar úti í bæ. Án gjafsóknar eigi hælisleitendur engan möguleika á að leita réttar síns. Þess má geta að það að reka dómsmál á Íslandi kostar mörg hundruð þúsund. Eingöngu þingfestingargjöld nema tugum þúsunda.

„Allir eiga rétt á að fara með deilumál sín fyrir dómstóla. Það stendur í stjórnarskránni. Það hefur margoft gerst að hælisleitendur fari með mál sín fyrir dómstóla og unnið þau. Ákvarðanirnar eru ekki alltaf taldar réttmætar og þannig heldur það áfram að vera. Því er gríðarlega alvarlegt að búið sé að útiloka einn minnihlutahóp frá dómstólum í landinu,“ segir Katrín.

erlabjorg@frettabladid.is

# Skólakrakkar gegn einelti

**FÉLAGSMÁL** „Markmið göngu gegn einelti er að stuðla að jákvæðum samskiptum, vekja athygli á mikilvægi vináttu og virðingar og benda á að einelti er ofbeldi sem ekki verður liðið,“ segir í tilkynningu frá Kópavogsbæ vegna eineltisgöngu þar á morgun.

Það verða leik- og grunnskólabörn sem á morgun ganga gegn einelti í þriðja sinn. „Gangan eflir samstöðu og vináttu barna og hefur þannig haft jákvæð áhrif á skólastarf í bænum. Með göngunni leggur Kópavogsbær sitt lóð á vogarskálarnar í baráttunni gegn einelti,“ segir í tilkynningu bæjarins. „Yfir átta þúsund tóku þátt í göngunni í fyrra og voru nemendur, kennarar og aðrir þátttakendur afar ánægðir með hvernig til tókst.“ – gar




Frá fyrstu eineltisgöngu skólabarnanna í Kópavogi fyrir tveimur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Opinber heimsókn til Víetnams



Dorrit Moussaieff forsetafrú og Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hitta Truong Tan Sang, forseta Víetnams, og Mai Thi Hanh, eiginkonu hans, í forsetahöllinni í Hanoí. Þriggja daga opinber heimsókn forsetans til Víetnams hófst í gær, en í henni tekur einnig þátt Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra. Þá eru auk embættismanna með í för forstjórar Hafrannsóknastofnunar og Orkustofnunar auk rektors Háskólans í Reykjavík. Einnig verður farið til Suður-Kóreu og Singapúr. NORDICPHOTOS/AFP



# Clarins dagar í Hagkaup

*5. - 15. nóvember.*



CLARINS

## Gjöfin þín*

*Þegar verslað er fyrir 7.900 kr eða meira*



Clarins er komið í Hagkaup Garðabæ

## Ferðaleikur Clarins til Dublin fyrir jólin.

*Flug og gisting fyrir tvo 26.-29. nóvember.*

Komdu við í næstu snyrtivöru-verslun Hagkaups** 5. -15. nóvember og verslaðu Clarins vöru og skráðu þig í pottinn.

*Einn heppinn viðskiptavinur verður dreginn út 18. nóvember.*



*Meðan birgðir endast **Nema í Hagkaup Selfossi

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

# Leggja til að nýr spítali verði ekki byggður á næstunni

**HEILBRIGÐISMÁL** Vænlegt væri að bíða með fyrirhugaðar framkvæmdir við nýjan Landspítala á lóð spítalans við Hringbraut. Á meðan yrði þjónustuhlutverk og kjarnastarfsemi spítalans endurmetið. Ástæðan er sú að fyrirhugaðar framkvæmdir á Landspítalalóð eru taldar kosta yfir 87 milljarða á næstu fimm árum. Sú framkvæmd myndi bætast við mikla þenslu sem fram undan er.

Þetta kemur fram í skýrslu Rannsóknarstofnunar atvinnulífsins við Háskólann á Bifröst. Skýrslan var unnin fyrir Samtök atvinnulífsins og Samtök verslunar og þjónustu.

Skýrsluhöfundur segir að með endurmati á þjónustuhlutverki og kjarnastarfsemi sé hann að leggja til að Landspítalinn sinni flóknari og dýrari læknisaðgerðum og meðferðum.

„En eftirláti öðrum minni og einfaldari aðgerðir og meðferðir,“ segir Gunnar Alexander Ólafsson heilsuhagfræðingur. Þar á Gunnar við heilsugæslustöðvar og sérfræðinga utan spítalans. Nú þegar hafi heilbrigðisþjónusta á Íslandi þróast þannig að þjónusta utan spítalans hafi vaxið mikið. Til að mynda séu augnlækningar mikið til komnar út af spítalanum.

Í skýrslunni er einnig talað um það að Hringbraut sé ekki raunhæf staðsetning fyrir spítalann. Gunnar segir eðlilegt að horfa til staðsetningar austar í borginni. „Mér er dálítið tíðrætt um Sævarhöfða,“ segir hann. Þar er bílaumboðið BL með aðstöðu og frekara atvinnuhúsnæði að auki. Gunnar segir að það verði að horfa til þess að umferð muni aukast þegar staður fyrir spítalann er valinn.

> Það er ekki í kreppu og ekki í uppsveiflu heldur. Hvenær er það þá á dagskrá? Hvenær ætla menn að sækja fram í heilbrigðiskerfinu?
>
> Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum



Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum, segir byggingu nýs spítala öryggismál. Ábyrgðarhluti sé að afvegaleiða umræðuna um öryggi sjúklinga á grunni skýrslu sem sé í besta falli ónákvæm. .

Lögð sé allt of mikil áhersla á umræðuna um staðsetningu. Fjölmargar fyrri skýrslur sýni að staðsetningin við Hringbraut sé í það minnsta jafn góð og aðrar. Á Norðurlöndunum byggi menn sjúkrahús af þessari tegund á 20 til 30 ára fresti. Ákvörðun um byggingu nýs sjúkrahúss sé því ekki ákvörðun fyrir næstu öldina.

„Í öðru lagi er lögð áhersla á það í þessari skýrslu að það þurfi að fresta þessum framkvæmdum vegna þensluáhrifa í samfélaginu,“ segir Ólafur. Auðvitað séu efnahagsmálin mjög mikilvæg en þegar búið sé að reka sjúkrahús í gegnum stórhættulegt efnahagsástand og hrun hljóti að þurfa að spyrja hvenær öryggi sjúklinga verði sett á dagskrá.

„Það er ekki í kreppu og ekki í uppsveiflu heldur. Hvenær er það þá á dagskrá? Hvenær ætla menn að sækja fram í heilbrigðiskerfinu?“ spyr Ólafur. **- jhh**



Hjúkrunarfræðingurinn naut stuðnings vina og samstarfskvenna í dómsal í gær. Hún var algjörlega buguð vegna málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Var í taugaáfalli við yfirheyrslu

**Hjúkrunarfræðingur sem er ákærður fyrir manndráp hafði hlaupið á milli margra deilda og gefist lítill tími til að sinna sjúklingi sem lést. Sjálfsásakanir hafi valdið því að hún neitaði ekki sök í fyrstu skýrslutöku.**

**DÓMSMÁL** Gríðarlegt álag á starfsfólk Landspítalans er meðal annars ástæðan sem hjúkrunarfræðingurinn, sem ákærður er fyrir manndráp af gáleysi, gaf fyrir því að fyllstu öryggisreglum og verkferlum var ekki fylgt að kvöldi 3. október 2012 þegar Guðmundur Már Bjarnason lést á gjörgæsludeild Landspítalans. Komið var fram á seinni hluta tvöfaldrar vaktar hjúkrunarfræðingsins þegar Guðmundur lést.

Það var sérstakt andrúmsloft í dómsal 101 í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Til að styðja ákærðu voru komnar um tíu konur, samstarfskonur og vinkonur, og fylgdust með réttarhöldunum. Ákærða virtist buguð vegna málsins og grét. Hún lýsti því meðal annars að síðastliðin þrjú ár hafi verið helvíti í hennar huga; hjónaband hennar væri ónýtt, tólf ára barn hennar ætti erfitt uppdráttar og hún hefði oft hugsað um að deyja.

Það var í raun lítið þjarmað að ákærðu og allt bar þess merki að saksóknari, dómari og verjendur hefðu samúð með hjúkrunarfræðingnum. Þann 3. október hefði orðið slys en vafi væri uppi um hvort slysið væri hennar sök eða hvort hægt hefði verið að koma í veg fyrir það. Vitni í málinu sagði að í raun væri ómögulegt að segja til um hver hefði átt að belginn sem ákærðu er gert að sök að hafa láðst að tæma.

Málið er einstakt sinnar tegundar á Íslandi. Aldrei áður hefur hjúkrunarfræðingur verið ákærður fyrir að sýna af sér gáleysi í vinnu. Heilbrigðisstarfsfólk er uggandi yfir ákærunni og þáverandi landlæknir, Geir Gunnlaugsson, sagðist hafa efasemdir um að fara dómstólaleiðina við mistök heilbrigðisstarfsfólks. Ekkja Guðmundar Más féll frá bótakröfu sinni þegar málið var þingfest á síðasta ári. Hún sagði meðal annars: „[Hjúkrunarfræðingurinn] er kona á aldur við börnin mín og ég get ekki hugsað mér að líf hennar sé eyðilagt, nóg þarf hún að bera. Enda hlýtur fólk að vera samábyrgt þegar svona gerist.“

Ákærða lýsti því fyrir dómi að hún hefði verið með öllu grunlaus um að mistök hefðu átt sér stað þegar hún fór heim af vaktinni um kvöldið. Það var ekki fyrr en hún var kölluð inn til deildarstjóra daginn eftir, og upplifði mjög skrítna stemningu á þeim fundi, að sjálfsásakanirnar hófust. Þá strax gat hún ekki munað hvort hún hefði tæmt loftið og ásakaði sjálfa sig harkalega fyrir mistökin. Í kjölfarið fékk hún taugaáfall, að eigin sögn, og það var í því ástandi sem hún fór í fyrstu skýrslutöku hjá lögreglu.

Hún segir að þegar henni hafi boðist að breyta eða bæta við fyrsta framburð sinn hjá lögreglu hafi verjandi hennar ráðlagt henni að gera það ekki. Það útskýri misræmi í frásögn hennar hjá lögreglu og nú fyrir dómi. Aðalmeðferð heldur áfram í dag.

snaeros@frettabladid.is




Hjúkrunarfræðingurinn er ákærður fyrir að að hafa ekki tæmt loft úr kraga barkaraufartúbu þegar hún setti upp talventilinn. Talventlar eru notaðir svo sjúklingar geti talað, en það geta þeir ekki í hefðbundinni öndunarvél. Sé loftið ekki tæmt getur sjúklingur andað að sér lofti en ekki frá sér.

Fyrir dómi sagðist hjúkrunarfræðingurinn ekki muna hvort hún hefði tæmt loftið eða ekki. Í hennar huga hefði sjúklingurinn verið of veikburða til að fá talventil en reyndari hjúkrunarfræðingur hefði verið búinn að taka ákvörðunina og hún fylgt því eftir. Hún sagði að í hennar huga væri ekki ólíklegt að hún hefði tæmt loftið en sjúklingurinn kafnað á slímtappa sem gæti myndast fyrir ofan ventilinn.

## Vaktin 3. október samkvæmt frásögn hjúkrunarfræðingsins

**3. OKTÓBER**

### 8.00
**Dagvakt hefst á svæfingadeild**
- Hjúkrunarfræðingurinn er beðinn um að taka aukavakt

### 15.30
**Kvöldvakt hefst á gjörgæsludeild**
- Sagt að hún eigi að sjá um hinn látna í stuttri yfirferð
- Sagt að hún eigi að fara á vöknunardeild á mesta álagspunktinum
- Fer á stofu hins látna og kynnir sig, gerir öryggisathugun en sleppir að skoða mónitorinn sem mælir súrefnismettun, blóðþrýsting og annað.
- Beðin um að fara á vöknunardeild. Leggur ábyrgð á hinum látna á annan hjúkrunarfræðing.
- Send strax til baka af vöknunardeild. Ekki þörf fyrir hana strax.
- Fer aftur á gjörgæsludeild.
- Aðstoðar við aðhlynningu annars sjúklings. Hleypur með öndunarvél frá annarri hæð og niður í kjallara.
- Meðan á aðhlynningu stendur er hún kölluð yfir á vöknunardeild.
- Fer af vöknunardeild og sinnir sjúklingum á kvennadeild.
- Fær símtal frá öðrum hjúkrunarfræðingi um hvort gefa megi sjúklingnum verkjalyf og setja í öndunarvél að nýju. Öndunin orðin hröð og sjúklingur slappur.

### 18.30
**Kemur aftur á gjörgæsludeild**
- Leysir samstarfsfólk af sem fer í mat.

### 19.30
**Fer sjálf í mat. Tekur korter í það.**
- Ættingjar hins látna koma í heimsókn.

### Um 20.00
***Hún hefur aðhlynningu. Setur á hinn látna talventil, tannburstar hann og þvær í framan. Aðhlynning tekur rúmlega fimm mínútur.***
- Beðin um að koma á aðra sjúkrastofu til að aðstoða.
- Eftir nokkrar mínútur kallar annar hjúkrunarfræðingur á aðstoð. Sjúklingurinn orðinn blágrár í andliti.
- Endurlífgun hefst. Ákærða sér um að kalla út neyðarteymi og gefa adrenalín.

**4. OKTÓBER.**

### 9.30
**Deildarstjóri hringir.**
- Hjúkrunarfræðingurinn fer í viðtal og segir frá vaktinni.
- Fær taugaáfall.

**5. OKTÓBER**
- Fyrsta viðtal við lögreglu.

### Maí 2014
**Ákæra gefin út.**


MIÐNÆTUROPNUN
KRINGLUNNAR
Í LÍN DESIGN
STÓRGLÆSILEG TILBOÐ SEM GILDA ALLAN DAGINN
Jólavörurnar eru komnar
Lín
DESIGN
LAUGAVEGI 176 | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS

GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á bilaland.is

ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN




BMW X5 xDrive 30d
Nýskr. 02.14, ekinn 19 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 131851.

Glæsilegur bíll
11.980 þús.



NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 06.13, ekinn 91 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 5.990 þús.
Rnr. 191913.



NISSAN NOTE VISIA
Nýskr. 11.12, ekinn 45 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.090 þús.
Rnr. 103203.



SUBARU OUTBACK PREMIUM
Nýskr. 07.15, ekinn 3 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 5.890 þús.
Rnr. 283113.



HYUNDAI i10
Nýskr. 06.13, ekinn 48 þús. km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.490 þús.
Rnr. 283131.



HYUNDAI i30 COMFORT
Nýskr. 10.12, ekinn 64 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.690 þús.
Rnr. 120830.



HYUNDAI ix35 STYLE
Nýskr. 10.13, ekinn 33 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 5.690 þús.
Rnr. 120827.

bílaland
Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is




Þjórsárver sunnan Hofsjökuls hafa lengi verið þrætuepli vegna hugmynda um Norðlingaölduveitu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Kjalölduveita send beint í verndarflokk

**Verkefnastjórn rammaáætlunar telur virkjunarkost Landsvirkjunar, Kjalölduveitu, aðeins útfærslu af Norðlingaölduveitu. Kosturinn verður því ekki metinn og fer í verndarflokk. Landsvirkjun telur ákvörðunina lögbrot.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

**ORKUMÁL** Verkefnastjórn rammaáætlunar hefur ákveðið að taka virkjunarkostinn Kjalölduveitu ekki til meðferðar í 3. áfanga. Það er niðurstaða verkefnastjórnarinnar að Kjalölduveitu sé eingöngu önnur útfærsla af Norðlingaölduveitu. Landsvirkjun hefur tekið málið upp á vettvangi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og hafnar því að verkefnastjórnin geti tekið ákvörðun sem þessa enda sé um lögbrot að ræða.

Haldinn var kynningarfundur um stöðu 3. áfanga rammaáætlunar í gær þar sem framvinda vinnu við rammaáætlun, staða hennar og vinnan fram undan var til umræðu. Víða var komið við en í máli sínu vék Stefán Gíslason, formaður verkefnastjórnarinnar, stuttlega að þessari ákvörðun um flokkun Kjalölduveitu. „Var tekin ákvörðun um að taka Kjalölduveitu ekki til mats þar sem um væri að ræða útfærslu af Norðlingaölduveitu, sem væri í verndarflokki – þannig að hún lendir í raun og veru í verndarflokki með Norðlingaölduveitu.“

Fréttablaðið fjallaði um það þegar Kjalölduveita var kynnt til sögunnar í janúar. Þá fullyrtu Landvernd og fleiri að Kjalölduveita væri ekkert annað en Norðlingaölduveita í dularbúningi. Þá sagði formaður verkefnastjórnarinnar, spurður hvort fjallað yrði um Kjalölduveitu: „Sé þetta ný hugmynd eða mjög breytt útfærsla á Norðlingaölduveitu verður væntanlega fjallað um þetta. Annars ekki.“

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir fyrirtækið ósammála málsmeðferð verkefnastjórnarinnar, og að það sé Orkustofnun einnig. „Við teljum að verkefnastjórninni beri að fjalla um þennan kost, sem og aðra sem Orkustofnun telur að eigi að fjalla um. Við teljum í raun að þessi afgreiðsla stangist á við lög og höfum mótmælt henni við umhverfisráðherra,“ segir Hörður og bætir við að ákvörðunin samræmist ekki grundvallarreglum stjórnsýsluréttar. Fyrirtækinu hafi ekki gefist kostur á andmælum og ekki sé ætlast til þess að ráðgefandi nefnd eins og verkefnastjórnin taki ákvarðanir sem þessa. Umhverfisráðherra hafi verið beðinn um að skýra umboð verkefnastjórnarinnar vegna málsins.

Hörður hnykkir á því að Kjalölduveita sé nýr virkjunarkostur og aldrei hafi verið fjallað um hann og með höfnun sem þessari hafi verkefnastjórnin tekið ákvörðun þvert á hlutverk sitt. Hörður segir jafnframt að ekkert hafi verið skoðað hvað það þýðir fyrir Landsvirkjun ef ákvörðun verkefnastjórnarinnar stendur og bæði Kjalölduveita og Norðlingaölduveita verði áfram í verndarflokki. „Við treystum því einfaldlega að verkefnastjórnin fari að lögum.“

## Bitbein til fjölda ára

Norðlingaölduveita var flokkuð í verndarflokk 2. áfanga rammans á grundvelli náttúruverðmæta á áhrifasvæði virkjunarkostsins.

Kjalölduveita var meðal þeirra virkjanakosta frá Landsvirkjun sem Orkustofnun sendi inn til verkefnastjórnarinnar í janúar.

Landsvirkjun hannaði Kjalölduvirkjun sem nýjan kost til hliðar við Norðlingaölduveitu.

Norðlingaölduveita hefur verið gríðarlega umdeild vegna nálægðar við núverandi friðlandsmörk Þjórsárvera og áhrifa á fossaröð neðar í ánni.

Í tillögu sinni bendir Landsvirkjun á að uppistöðulón Kjalölduveitu hafi verið fært þremur kílómetrum neðar í Þjórsá frá friðlandsmörkum Þjórsárvera – miðað við hugmyndir um Norðlingaölduveitu.

> Við teljum að verkefnastjórninni beri að fjalla um þennan kost, sem og aðra sem Orkustofnun telur að eigi að fjalla um. Við teljum í raun að þessi afgreiðsla stangist á við lög og höfum mótmælt henni við umhverfisráðherra



Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar

## Kjalölduveita myndi gefa 44 megavött

- Tilgangur Kjalölduveitu er að veita vatni úr Þjórsá yfir í Þórisvatn til að auka orkuframleiðslu raforkukerfisins.
- Þjórsá er stífluð norðvestan við Kjalöldur, en mesta hæð Kjalöldustíflu er 28 metrar. Þar myndast lón er nefnist Kjalöldulón með yfirfallshæð 555 metra yfir sjávarmáli.
- Stærð lónsins er að jafnaði um 2,7 ferkílómetrar. Vatni er miðlað í Þórisvatn þaðan sem það rennur í gegnum allar virkjanir neðar á Tungnaár-Þjórsársvæðinu sem gefa þar með 44 megavött til viðbótar.
- Í nóvember 2004 var lokið við verkhönnun Norðlingaölduveitu fyrir lónhæð 566-567,5 metra yfir sjávarmáli. Með Kjalölduveitu er lónið fært neðar í ána frá friðlandsmörkum og lækkað niður í vatnsborðshæð 555 metra yfir sjávarmáli en þá minnkar flatarmál þess niður í 53% af því sem áður var fyrirhugað að vetrarlagi við 567,5 m yfir sjávarmáli.




MIÐNÆTURSPRENGJA
Í LYFJUM & HEILSU, KRINGLUNNI
AÐEINS Í DAG 5. NÓVEMBER
20%
afsláttur af öllum vörum*
25%
afsláttur af gjafaöskjum
Lyf & heilsa
Kringlunni
*Gildir ekki af lyfjum og lausasölulyfjum.
Orka Úthald Vellíðan
Lyf & heilsa
essie
O·P·I

## Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga fyrir árið 2016

*fjárhæðir eru í þúsundum króna*
** áætlun í lok árs 2016*
*** ársbyrjun 2015*

### AKUREYRI
18.495 ÍBÚAR*

REKSTRARTEKJUR
**21.126.655**
**Þar af:**
**Skatttekjur** 9.800.000
**Tekjur frá jöfnunarsjóði** 2.600.000
**Aðrar tekjur** 8.700.000

**367.500**
*Jákvæð rekstrarafkoma eftir fjármagnsliði og tekjuskatt.*

LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD
**11.672.000**
**55,2%** af rekstrartekjum

Heildarskuldir
**24.800.000**

**Eignir** 42.009.137
**Veltufjármunir** 3.700.000

EIGIÐ FÉ
**17.200.000**

### HAFNARFJÖRÐUR
27.875 ÍBÚAR**

REKSTRARTEKJUR
**22.274.049**
**Þar af:**
**Skatttekjur** 13.400.000
**Fasteignagjöld** 2.400.000
**Framlög jöfnunarsjóðs** 1.800.000
**Aðrar tekjur** 4.700.000

**308.115**
*Jákvæð rekstrarafkoma eftir fjármagnsliði og tekjuskatt.*

LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD
**10.718.913**
**48%** af rekstrartekjum

Heildarskuldir
**39.489.046**

**Eignir:** 47.827.655
**Veltufjármunir:** 2.165.318

EIGIÐ FÉ
**8.338.608**

### KÓPAVOGUR
34.650 ÍBÚAR*

REKSTRARTEKJUR
**25.992.835**
**Þar af:**
**Skatttekjur:** 20.815.517

**246.000**
*Jákvæð rekstrarafkoma eftir fjármagnsliði og tekjuskatt.*

LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD
**13.551.179**
**52%** af rekstrartekjum

Heildarskuldir
**42.959.431**

**Eignir:** 58.734.205
**Veltufjármunir** 2.504.297

EIGIÐ FÉ
**15.709.030**

### REYKJAVÍK
122.961 ÍBÚAR*

REKSTRARTEKJUR
**153.585.009**
**Þar af:**
**Skattekjur:** 73.982.659
**Jöfnunarsjóður** 6.048.200
**Aðrar tekjur** 73.585.009

**8.093.305**
*Jákvæð rekstrarafkoma eftir fjármagnsliði og tekjuskatt.*

LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD
**64.262.635**
**42%** af rekstrartekjum

Heildarskuldir
**306.682.113**

**Eignir:** 531.439.762
**Veltufjármunir:** 44.939.828

EIGIÐ FÉ
**224.757.648**

# Stærstu sveitarfélögin rekin með halla

Fjögur stærstu sveitarfélög landsins eiga ekki fyrir kostnaði á þessu ári. Rekstur Reykjavíkurborgar er mjög þungur á þessu ári. Næsta ár gæti orðið erfitt fyrir öll sveitarfélög að mati bæjarstjóra Kópavogs. Það sjáist á því að hækkun útsvarstekna fylgi ekki hækkun launakostnaðar.



Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is
Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is



Reykjavíkurborg verður rekin með 13 milljarða króna halla á þessu ári en gert er ráð fyrir því að reksturinn snúist við og 8,1 milljarður verði í afgang á næsta rekstrarári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Rekstur fjögurra stærstu sveitarfélaga landsins verður mjög erfiður á næsta ári ef rýnt er í fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna. Lífeyrisskuldbindingar, hækkun launa umfram hækkun útsvarstekna og miklar skuldir gera sveitarfélögunum erfitt fyrir. Reykjavík skuldar orðið mest á hvern íbúa samkvæmt fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna.

Stærstu sveitarfélögin fjögur verða öll rekin með halla á þessu ári og reksturinn fyrir næsta ár er í járnum. Reykjavíkurborg verður rekin með 13 milljarða króna halla á þessu ári en gert er ráð fyrir því að reksturinn snúist við og 8,1 milljarður verði í afgang á næsta rekstrarári. Reykjavíkurborg ætlar sér að ná inn 7,6 milljörðum í fjárfestingartekjur.

Fjármálaskrifstofa borgarinnar segir lítið mega út af bera til að markmið náist ekki. Þessir 7,6 milljarðar eiga að fást með sölu byggingarréttar, gatnagerðargjöldum og sölu eigna.

Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, telur stöðuna alvarlega. „Reka á aðalsjóð með halla til ársins 2020 en láta eignasjóð borgarinnar dekka tapreksturinn. Miðað við hvernig gengið hefur að halda áætlunum hefur maður áhyggjur af stöðu borgarinnar,“ segir Halldór. „Svo er gert ráð fyrir að Orkuveitan verði orðin nægilega sterk til að greiða arð til borgarinnar 2018. Nær væri að lækka þá gjaldskrá og skila því til baka til borgarbúa með þeim hætti og létta undir með borgarbúum.“

Sömu sögu er að segja af Kópavogi. Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri segir að bæjarsjóður verði rekinn með halla á þessu ári og næsta ár verði erfitt.

„Það sést á því að hækkun útsvarstekna fylgir ekki hækkun launakostnaðar. Við þurfum að skera niður í framkvæmdum á næsta ári til að mæta þessu. Einnig sjáum við fyrir okkur halla á yfirstandandi ári vegna hækkunar starfsmats og hækkunar lífeyrisskuldbindinga,“ segir Ármann. „Ég gæti trúað að næsta ár verði mjög erfitt ár fyrir öll stóru sveitarfélögin í landinu.“

> **Reka á aðalsjóð með halla til ársins 2020 en láta eignasjóð borgarinnar dekka tapreksturinn. Miðað við hvernig gengið hefur að halda áætlunum hefur maður áhyggjur af stöðu borgarinnar**
>
> Halldór Halldórsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins



Meira en helmingur rekstrartekna Akureyrar fer í laun á næsta ári og gert er ráð fyrir 360 milljóna króna afgangi af rekstri bæjarins. Það mun allt þurfa að ganga upp svo halda megi því markmiði, að mati Guðmundar Baldvins Guðmundssonar, formanns bæjarráðs Akureyrar.

„Staða sveitarfélagsins er þannig að það er ekki mikið svigrúm fyrir launahækkanir og að öllu óbreyttu þarf að hafa mikið aðhald í rekstrinum til að ná markmiðum fjárhagsáætlunar,“ segir Guðmundur. „Það er ljóst að bæjarsjóður verður rekinn með halla á þessu ári. Hversu mikill hallinn verður mun skýrast betur þegar útkomuspáin sem er í vinnslu verður kláruð.“

Rósa Guðbjartsdóttir segir þurfa að hagræða í rekstri Hafnarfjarðarbæjar um allt að 1,3 milljarða á næsta ári.

„Það stefnir í um 750 milljóna króna halla á þessu ári og því þarf að grípa til aðgerða,“ segir Rósa. „Því er farið mjög djúpt ofan í alla rekstrarliði í því augnamiði að nýta húsnæði, starfskrafta og fjármuni betur. Gangi áætlunin sem nú er lögð fram eftir, er ljóst að verulegar umbætur eru að verða á rekstri Hafnarfjarðarbæjar, án þess að skerða þjónustu við bæjarbúa. Auðvitað eru skiptar skoðanir um einstaka þætti en verið er að forgangsraða með hagsmuni heildarinnar og skattgreiðenda í huga. Náist þessi markmið eru bjartari tímar fram undan í Hafnarfirði.“

### Sveitarfélögin sem standa sig verst árið 2016

*í þúsundum króna*

Hæstu heildarskuldir á hvern íbúa
**Reykjavík 2.203**

Lægstu heildartekjur á hvern íbúa
**Kópavogur 750**

Lægsta jákvæða afkoma á hvern íbúa
**Kópavogur 7**

Lægstu eignir á hvern íbúa
**Akureyri 1.475**

Lægstu skatttekjur og jöfnunarsjóður á hvern íbúa
**Hafnarfjörður 544**

Lægsta eigið fé á hvern íbúa
**Hafnarfjörður 299**


DEBENHAMS
GERÐU GÓÐ KAUP
á sprengidegi
25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM NEMA
20% AFSLÁTTUR
AF SNYRTIVÖRUM*
*Gildir ekki af MAC
Gildir ekki af öðrum tilboðum
Gildir út mánudag
Finndu okkur á facebook
OPIÐ TIL 21:00 Í KVÖLD
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR




PIPAR\TBWA • SÍA




FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

# 10–70% AFSLÁTTUR

| | |
|---|---|
| hrím (www.hrim.is) | 20% afsláttur af íslenskri hönnun 15% afsláttur af öllu öðru |
| MAC | 20% afsláttur af öllum vörum |
| Lín Design | 25% afsláttur af öllum vörum |
| Kultur | 20% afsláttur af öllum vörum |
| LINDEX | 20% afsláttur af öllum vörum |
| Cintamani | 25% afsláttur af öllum vörum |
| DOGMA | 20% afsláttur af öllum vörum |
| INDISKA | 20% afsláttur af öllum vörum |
| Timberland | 20% afsláttur af öllum vörum |
| Markaðstorg Kringlunnar | 25% afsláttur af öllum vörum |
| byggt og búið Kringlunni | 20% afsláttur af flestum vörum 10-50% afsláttur af öðrum vörum |
| VERO MODA | 15% afsláttur af öllum vörum |
| name it | 20% afsláttur af öllum vörum nema jólavörum |
| SELECTED | 20% afsláttur af öllum vörum |
| JACK & JONES | 20% afsláttur af öllum vörum |
| Spútnik | 20% afsláttur af öllum vörum |
| HAGKAUP | 20% afsláttur af undirfötum, sokkabuxum og snyrtivörum |
| ZO•ON ICELAND | 20% afsláttur af öllum vörum |
| BOSS HUGO BOSS | 20% afsláttur af öllum vörum |
| Borgarbókasafnið Menningarhús Kringlunni | 2 fyrir 1 af árskirteinum |
| VILA CLOTHES | 15% afsláttur af öllum vörum |
| PANDORA | 20% afsláttur af öllum vörum |
| F&F | 20% afsláttur af öllum vörum |
| STUDIO | 22% afsláttur af öllum vörum |
| Jens | 20% afsláttur af öllum skartgripum |
| DÝRABÆR - fyrir dýrin þín | 20% afsláttur af öllum vörum |
| Englabörnin | 20% afsláttur af öllum vörum |
| Herragarðurinn - klæðir þig vel | 20% afsláttur af öllum vörum |
| cobra | 20% afsláttur af öllum vörum |
| SHARE | 20% afsláttur af öllum vörum |
| Gleraugað | 25% afsláttur af öllum vörum |
| Levi's | 30% afsláttur af öllum buxum |
| TIMBUK2 | 20% afsláttur af öllum vörum |
| Mohawks | 15% afsláttur af snjóbrettavörum 30% afsláttur af öðrum vörum |
| kello | 20% afsláttur af öllum vörum |
| Joe & the Juice | 30% afsláttur af djús og samlokucombo |
| L'OCCITANE EN PROVENCE | 20% afsláttur af völdum vörum |
| THE BODY SHOP | 20% afsláttur af öllum vörum |
| Heilsuhúsið | 10% afsláttur af allri matvöru 20% afsláttur af snyrtivörum og gjafakössum |
| Dressmann | 25% afsláttur af öllum vörum |
| Lyf & heilsa | 20% afsláttur af öllum vörum auk annarra tilboða. Gildir ekki af lyfjum og lausasölulyfjum |
| extra | 20% afsláttur af öllum vörum |
| NEON | 20% afsláttur af öllum vörum |
| Kaupfélagið | 20% afsláttur af öllum skóm |
| FINNSKA BÚÐIN | 30% afsláttur af völdum vörum |
| DÚKA | 20% afsláttur af öllum vörum |
| STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN | 20% afsláttur af öllum skóm |
| JOE BOXER | 50% afsláttur af völdum vörum 20% afsláttur af öðrum vörum |

Birt með fyrirvara um prent- og/eða innsláttarvillur.

# AÐEINS TIL MIÐNÆTTIS

- **augað** – 25% afsláttur af öllum vörum
- **iStore** – 10-30% afsláttur af öllum aukahlutum
- **Friis & Company** – 20% afsláttur af öllum vörum, 10% af Ásta design
- **Bianco Footwear** – 25% afsláttur af öllum vörum
- **Islandia Tourist Shop** – 15% afsláttur af öllum vörum
- **Eymundsson** – 20% vildarafsláttur af öllum vörum
- **skór.is** – 20% afsláttur af öllum skóm
- **ecco** – 20% afsláttur af öllum skóm
- **Kastanía** – 20-40% afsláttur af öllum vörum
- **Útilíf** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **Polarn O. Pyret** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **rhodium** – 20% afsláttur af öllum úrum
- **Casa** – 10-20% afsláttur af öllum vörum
- **iittala** – 10-20% afsláttur af öllum vörum
- **meba** – 20% afsláttur af öllum úrum
- **Urban** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **Companys** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **Galla Buxnabúðin** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **gs skór** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **Aveda** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **Kultur menn** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **Kringlukráin** – 25% afsláttur af pizzum, 30% afsláttur af Egils Gull
- **galleri sautján** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **focus** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **Smash** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **Café roma** – Kaffi og nýbökuð hafrakaka á 690 kr.
- **66° Norður** – 20% afsláttur af öllum fylgihlutum
- **Íglo & Indí** – 25% afsláttur af öllum vörum, 10% afsláttur af jólalínunni
- **A4** – 25% afsláttur af öllum vörum
- **Bambus** – 20% afsláttur af klippikortum
- **vodafone** – 50% afsláttur af öllum hátölurum
- **Eirberg lífstíll** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **Tuzzi** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **Zik Zak tískuhús** – 30-50% afsláttur af völdum
- **Warehouse** – 25% afsláttur af öllum vörum
- **Topshop** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **Karen Millen** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **Six** – 3 fyrir 2 af öllum vörum
- **I am** – 3 fyrir 2 af öllum vörum
- **Jón & Óskar** – 20% afsláttur af öllum vörum, 10% afsláttur af trúlofunarhringjum
- **Cosmo Kringlunni** – 20-50% afsláttur af öllum vörum
- **epal design** – 10% afsláttur af öllum vörum og önnur tilboð
- **prooptik gleraugu** – 25% afsláttur af öllum vörum
- **Kúnígúnd** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **Te & Kaffi** – 20% afsláttur af öllum vetrardrykkjum
- **Marta Jónsson** – 70% afsláttur af völdum vörum, 25% afsláttur af öðrum vörum
- **next** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **Mathilda Kringlunni** – 20% afsláttur af öllum vörum

Kringlan

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

# Ástand heimsins







**1.** Afgönsk börn sem eru á flótta í eigin landi stilla sér upp fyrir ljósmyndara nærri bráðabirgðaskýli fyrir fólk í þessari stöðu í útjaðri Kabúl í Afganistan í gær. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna segir um 683 þúsund Afgana hafa verið á flótta í landinu um mitt síðasta ár og telja töluna verða komna í 900 þúsund í lok þessa árs. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**2.** Flugslysarannsakendur skoða brak Antonov-flutningavélar sem fórst skömmu eftir flugtak nærri alþjóðaflugvellinum í Juba í Suður-Súdan í gær. Fjörutíu eru sagðir hafa farist í slysinu, en af komst einn úr áhöfn vélarinnar auk eins barns. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**3.** Fatlað fólk tekur þátt í mótmælum gegn sparnaðaraðgerðum hins opinbera í miðborg Aþenu í Grikklandi í gær. Á fundi fjármálaráðherra evruríkjanna í Brussel níunda þessa mánaðar stendur til að taka ákvarðanir vegna stöðu Grikklands. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**4.** Hundruð ísraelskra landtökumanna byrgðu sig inni í bænahúsi í landtökubyggðinni Givat Ze'ev, norðvestur af Jerúsalem, í gær og hömluðu hermönnum inngöngu. Þá var fallinn úrskurður hæstaréttar Ísraels um að rýma ætti og rífa bænahúsið þar sem það hefði verið reist á palestínsku landi í einkaeigu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**5.** Pakistanskur hermaður sýnir vélbyssubelti sem gerð voru upptæk hjá meintum uppreisnarmönnum á Bara, svæði Khyber-ættbálka nærri landamærunum við Afganistan, í gær. Herinn er sagður hafa gert upptæk hergögn í miklum mæli í aðgerð sem beint var gegn uppreisnarhópum á landamærasvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA











# Fjölbreytt verslunarhúsnæði til leigu

Reitir eru stærsta fasteignafélagið á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis á Íslandi.
Við eigum húsnæði tilbúið til afhendingar eða lagað að þínum þörfum.



**Spöngin í Grafarvogi**
**50 – 200 m²**
Rými á fjölförnu svæði.



**Þverholt í Mosfellsbæ**
**60 – 200 m²**
Rými í vinsælum kjarna.



Margir bestu verslunarkjarnar landsins eru í okkar safni.
**Kannaðu möguleikana.**

Kynntu þér fleiri kosti á reitir.is

REITIR
*Velkomin til starfa*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Hallar á kennslu í norrænum tungumálum í grunnskóla

**Sömu kröfur gerðar til hæfni allra í lok grunnskóla. Erfitt að verða við þeim ef kennslan er ekki jafnmikil. Getur munað 3 til 4 kennslustundum á viku, segir Brynhildur A. Ragnarsdóttir, deildarstjóri Tungumálavers.**

Ingibjörg Bára Sveinsdóttir
ibs@frettabladid.is

Upplýsingar frá skólastjórnendum í 92 grunnskólum í landinu sýna að verulega hallar á kennslu í norrænum tungumálum í skólum landsins. Þetta segir Brynhildur Anna Ragnarsdóttir, deildarstjóri Tungumálavers sem þjónar grunnskólanemendum sem læra sænsku, norsku og pólsku.

Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá sem birt er í aðalnámskrá eru 1.380 mínútur ætlaðar hverjum nemanda í kennslu í erlendu tungumáli á viku, ensku og dönsku. Niðurstöður könnunar á vegum Tungumálavers sýna að innan við 40 prósent þess tíma eru nýtt til kennslu í norrænu tungumáli. „Tuttugu og þrír skólar af 92 bjóða nemendum 110 til 150 mínútna minni kennslu í norrænum tungumálum á viku en viðmiðunarstundaskrá segir til um. Það er alltaf verið að tala um að börn læri svo mikla ensku af því að hún er svo mikil í umhverfinu. Í stað þess að jafna stöðuna virðast skólarnir hafa látið nemendur fá færri tíma í dönsku.“

Brynhildur segist ekki vera að atast út í ensku, eins og hún orðar það. „Það er hins vegar ástæða til að skoða þennan halla. Í námskrá er gert ráð fyrir að við lok grunnskóla hafi nemendur náð hæfni á þriðja stigi í bæði ensku og dönsku eða öðru Norðurlandamáli. Sömu kröfur eru gerðar til allra nemenda en það er illmögulegt að verða við þeim ef börnin fá ekki jafn mikla kennslu. Það getur munað þremur til fjórum kennslustundum á viku.“

Tungumálaver hefur einnig, í samvinnu við Færeyinga og Grænlendinga, kannað viðhorf 10. bekkinga til náms í dönsku. „Af þeim sem svöruðu finnst 63 prósentum gott að hafa dönsku sem fag. Yfir 70 prósent telja mjög líklegt að þau þurfi að nota dönsku við störf og nám í framtíðinni,“ greinir Brynhildur frá.

Þeir grunnskólanemendur sem hafa bakgrunn í norsku og sænsku eiga rétt á að fá kennslu í þessum tungumálum. „Níundu og tíundu bekkingar eru í fjarnámi og fara í tölvu þegar aðrir nemendur fara í dönskutíma. Í Reykjavík hittast nemendur í fimmta til áttunda bekk á níu stöðum einu sinni í viku. Það eru á okkar vegum en það er reynt að láta þau koma saman í skóla sem er sem næst þeirra eigin skóla til að þeir verði fyrir sem minnstu raski.“

Nú fá um 400 nemendur einstaklingskennslu í tungumálaverinu, að sögn Brynhildar. „Breiddin er gríðarlega mikil og eru kennarar meðvitaðir um það.“

Til þess að geta fengið kennslu í norsku og sænsku í stað dönsku þurfa nemendur að uppfylla ákveðin skilyrði. „Þeir þurfa að geta talað viðkomandi tungumál og lesið bækur fyrir sinn aldurshóp. Þeir þurfa einnig að geta verið í samskiptum án teljandi erfiðleika.“



Birta Rakel Óskarsdóttir og Embla Eir Haraldsdóttir í verkefnavinnu í Tungumálaveri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Hvað er Tungumálaverið?

Tungumálaverið er þjónustustofnun þar sem veitt er ráðgjöf í norsku og sænsku til skóla og sveitarfélaga um allt land og er ætluð til stuðnings nemendum sem ekki hafa aldur til að stunda netnám.

Staðbundin kennsla í norsku, pólsku og sænsku fyrir nemendur í 7. og 8. bekk í Reykjavík og nágrannasveitarfélögum.

Boðið er upp á netnám í norsku, pólsku og sænsku fyrir nemendur í 9. og 10. bekk innan bæjar og utan.

**1.380**

**mínútur ætlaðar hverjum nemanda í kennslu í erlendu tungumáli á viku, ensku og dönsku.**

Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá sem birt er í aðalnámskrá

**40%**

**þess tíma sem ætlaður er í erlend tungumál í grunnskóla eru nýtt til kennslu í norrænu tungumáli.**

Skv. niðurstöðum könnunar á vegum Tungumálavers

> **Tuttugu og þrír skólar af 92 bjóða nemendum sem svarar 110 til 150 mínútna minni kennslu í norrænum tungumálum á viku en viðmiðunarstundaskrá segir til um.**
>
> Brynhildur Anna Ragnarsdóttir, deildarstjóri Tungumálavers





**Barn við brunn í Malaví.**
MYND/HJÁLPARSTARF KIRKJUNNAR

## Fermingarbörn safna fyrir brunnum

Tilvonandi fermingarbörn ganga þessa dagana í hús og safna fé til vatnsverkefna Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku.

„Áður en börnin ganga í hús fá þau fræðslu um það hvernig vatnsþró, vatnstankur eða brunnur með hreinu vatni getur gjörbreytt lífi fólks til hins betra,“ segir Kristín Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar.

Söfnunin í ár er sú sautjánda í röðinni. Að sögn Kristínar söfnuðust í nóvember í fyrra yfir átta milljónir króna til vatnsverkefna Hjálparstarfsins í Eþíópíu og Úganda.

Á vef Hjálparstarfsins segir að með því að taka þátt í fjáröflunarverkefninu fái börnin innsýn í líf jafnaldra sinna á starfssvæðum Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku og kynnist erfiðleikum sem þau búa við. Fermingarbörnin fá jafnframt tækifæri til að ræða um ábyrgð allra á því að allir jarðarbúar fái lifað mannsæmandi lífi. **– ibs**

## Drekka til að gleyma vandamálum

Stór hluti danskra framhaldsskólanema, eða 39 prósent, segist aðallega drekka áfengi til að reyna að gleyma sorgum sínum. Stjórnandi rannsóknarinnar og starfsmaður dönsku Lýðheilsustofnunarinnar, Janne Schurmann Tolstrup, segir þetta alltof hátt hlutfall.

Tolstrup segir nemendur líta svo á að þeir verði glaðir af áfengisdrykkju og opnari. Hann getur þess að áfengi geti átt þátt í að vandamálin gleymist. Það sé hins vegar skammtímalausn. Auk þess verði maður ekki alltaf glaður þótt maður sé drukkinn. Menn geti orðið leiðir þegar þeir eru ölvaðir.

Samkvæmt dönskum fjölmiðlum kemur hið mikla magn sem nemendur drekka vísindamanninum á óvart.







BEOSOUND MOMENT


BEOPLAY A9


BEOLAB 17


BEOLAB 19


BEOLAB 18

# LÁTTU LÍFIÐ LEIKA VIÐ ÞIG

**KYNNINGARTILBOÐ Á BEOSOUND MOMENT OG ÖLLUM MULTIROOM HÁTÖLURUM.**

BEOLINK MULTIROOM SAMEINAR ÖLL BANG & OLUFSEN TÆKI Í EITT AÐGENGILEGT ÞRÁÐLAUST KERFI. HÆGT ER AÐ SPILA MISMUNANDI TÓNLIST Í HVERJU HERBERGI EÐA LEYFA ÖLLUM AÐ NJÓTA SÖMU TÓNLISTAR SAMA HVAR ÞEIR ERU STADDIR Á HEIMILINU.

EINFALT ER AÐ STREYMA TÓNLIST ANNAÐHVORT MEÐ NÚVERANDI BANG & OLUFSEN TÆKJUM EÐA AÐ STÝRA UPPLIFUNINNI MEÐ SNJALLSÍMANUM.

FULLKOMIN MULTIROOM LAUSN FYRIR LÆGRA VERÐ.

KOMDU Í VERSLUNINA OG KYNNTU ÞÉR TILBOÐIN.

BANG & OLUFSEN

ORMSSON

LÁGMÚLI 8 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 530 2800

## VIÐSKIPTI

# Átta prósent hærri laun á tveimur árum

**Meðal viðskipta- og hagfræðinga eru karlar oftast með hærri laun en konur, eftir menntun og starfsreynslu. Launamunur kynjanna dregst saman eftir meiri starfsaldur en eykst á ný þegar konur eru á barneignaaldri. Konur með MBA-gráðu eru launahærri en karlar.**

Meðaltal heildarlauna viðskipta- og hagfræðinga er 860 þúsund krónur og hefur hækkað um 8,4 prósent frá árinu 2013. Staðalfrávik er þó 390 þúsund krónur. Miðgildi heildarlauna meðal viðskipta- og hagfræðinga er 777 þúsund, þetta kemur fram í nýrri kjarakönnun Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga sem kemur út í dag. Könnunin er byggð á launum félagsmanna í febrúar, gild svör voru samtals 904. Ekki voru tekin svör frá félagsmönnum sem starfa erlendis.

Samkvæmt könnuninni hafa laun hækkað meðal allra hópa eftir menntun og starfaldri samanborið við árið 2013. Mesta hækkunin er meðal þeirra sem eru með 0-2 ára starfsreynslu en hún nemur 20 prósentum. Launahækkun frá 2013 var 8-11 prósent fyrir þá sem lokið hafa BS/BA-, masters- og cand. oecon-prófi, en tvö prósent hjá MBA og fjögur prósent hjá þeim sem hafa lokið doktorsprófi.

Heildarlaun hækka með aukinni menntun, undantekningin er að þeir sem eru með mastersgráðu voru með lægri laun en þeir sem hafa cand. oecon-gráðu. Skýringin liggur m.a. í því að cand. oecon-hópurinn er eldri og með hærri starfsaldur en hópurinn með masterspróf.

Töluverður munur er á launum kynjanna og hallar mikið á konur. Innan hópa þar sem a.m.k. fimm einstaklingar voru í hverjum hópi kemur í ljós að laun karla eru hærri í 13 tilfellum og laun kvenna eru hærri í þremur tilvikum. Sú þróun virðist eiga sér stað að meðal þeirra sem lokið hafa BS/BA- og mastersnámi er launamunurinn mikill þegar starfsaldur er lægstur en minnkar svo með auknum starfsaldri en virðist svo aukast á ný þegar líður á starfsaldurinn. Launamunur kynjanna með BS/BA-gráðu nemur 18 prósentum eftir 10 ára starfsreynslu og 31,1 prósenti hjá þeim sem eru með mastersgráðu eftir 6-10 ára starfsreynslu.

Þetta er í samræmi við niðurstöður Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, sem hefur gefið það út að launamunur kynjanna aukist með aldri, oft vegna áhrifa barneigna á starfsframa kvenna. Svo virðist sem konur geti hins vegar í sumum tilfellum endurheimt hærri laun eftir að barnauppeldinu lýkur. Samkvæmt kjarakönnuninni eru konur, sem eru með cand. oecon-gráðu og 30 ára eða meiri starfsreynslu, með hærri laun en karlar með sömu menntun og reynslu. Lítið úrtak gæti hins vegar skýrt þetta.

MBA-nám virðist skila konum hæstu laununum, konur með MBA-nám og 3-5 ára eða 11-20 ára starfsaldur eru með hærri laun en karlar með sambærilega menntun. Konur með MBA-nám og 3-5 ára starfsreynslu eru með 40% hærri laun en karlar. saeunn@frettabladid.is

### Launaþróun viðskipta- og hagfræðinga eftir kyni




**LAUNAHÆSTU KONURNAR**

**1.001 þ.kr.**

MBA-nám og 21-29 ára starfsaldur

**LAUNAHÆSTU KARLARNIR**

**1.104 þ.kr.**

Mastersnám og lengri en 30 ára starfsaldur

**MBA borgar sig fyrir konur**

| KARLAR | | KONUR | |
|---|---|---|---|
| 3-5 ár | 720 þ.kr. | 3-5 ár | 1.000 þ.kr. |
| 6-10 ár | 900 þ.kr. | 6-10 ár | 850 þ.kr. |
| 11-20 ár | 830 þ.kr. | 11-20 ár | 885 þ.kr. |






**Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, sagði lítið aðhald í ríkisfjármálum áhyggjuefni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Seðlabankinn óttast að vaxtahækkanir bíti síður

Seðlabankinn óttast að stýrivaxtahækkanir muni hafa minni áhrif á útlánavexti og þar með möguleika bankans til að slá á þenslu í hagkerfinu í kjölfar aukinna fjárfestinga erlendra aðila á skuldabréfamarkaði. Peningastefnunefnd tilkynnti í gær að stýrivextir hefðu verið hækkaðir um 0,25 prósentustig og eru þeir nú 5,75 prósent.

Fjárfesting erlendra aðila sem nýta sér vaxtamun milli Íslands og útlanda hefur aukist verulega frá því í sumar. Þetta hefur meðal annars haft í för með sér að vextir á óverðtryggðum ríkisskuldabréfum hafa lækkað talsvert. Í kjölfarið hafa Arion banki og Lífeyrissjóður verslunarmanna lækkað vexti af íbúðalánum, þvert á vaxtahækkanir Seðlabankans.

„Við óttumst það að þessi farvegur peningastefnunnar, frá okkar vöxtum yfir í markaðsvexti og þaðan niður í vexti til heimila og fyrirtækja, sé að stíflast eða brotna,“ sagði Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands.

Þórarinn benti á að haldi þessi þróun áfram muni stýrivaxtahækkanir frekar hafa áhrif á hagkerfið í gegnum styrkingu á gengi krónunnar. Erfiðara sé að treysta á þá leið auk þess sem hún muni draga úr viðskiptaafgangi.

Þess vegna sé brýnt að stjórnvöld vinni með Seðlabankanum við að slá á þenslu í hagkerfinu.

Í yfirlýsingu peningastefnunefndar kom fram að fjárlagafrumvarpið feli í sér slaka í aðhaldi ríkisfjármálanna. „Það er að gerast á sama tíma og er að herða að í peningamálum. Þá erum við aftur komin með þessa óheppilegu hagstjórnarblöndu þar sem tveir armar hagstjórnarinnar eru að fara hvor í sína áttina og við höfum ekki góða reynslu af þessu,“ sagði Þórarinn.

Ástæða sé til að hafa áhyggjur af þessari óheppilegu hagstjórnarblöndu.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði í gær að vegna þessarar þróunar myndi Seðlabankinn flýta vinnu sem snúi að reglum sem takmarka eiga vaxtamunarviðskipti. Tillögu frá Seðlabankanum sé að vænta á næstu mánuðum. – ih

# STARTUP TOURISM

@StartupTourism

Startup Tourism er nýr viðskiptahraðall sem er ætlað að stuðla að faglegri undirstöðu hjá nýjum fyrirtækjum í ferðaþjónustu og dreifingu ferðamanna í kringum landið, allt árið um kring.

**Opnar vinnusmiðjur:**

- Hvolsvöllur: 13.-14. nóvember 2015
- Akureyri: 20.-21. nóvember 2015
- Egilsstaðir: 27.-28. nóvember 2015
- Ísafjörður: 4.-5. desember 2015
- Keflavík: 9. desember 2015

**Nánari upplýsingar og skráning á startuptourism.is**

Íslandsbanki BLUE LAGOON ICELAND vodafone ISAVIA

Íslenski ferðaklasinn klak innovit

# FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

# Blásið í bóluna



Oli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Kannski á að taka viljann fyrir verkið þegar fólk stígur fram með hugmyndir til þess að auðvelda hér fólki sín fyrstu íbúðarkaup. Í það minnsta er eðlilegra að ætla að þeir fjórir þingmenn Framsóknarflokksins sem standa að tillögu til þingsályktunar um „innleiðingu opinberra mótframlaga við fyrstu húsnæðiskaup“ meini vel. Nema náttúrlega að þarna sé á ferðinni tilraun til að afla flokknum fylgis með loforði um peningagjafir til hluta landsmanna. Það hefur áður gefið góða raun.

Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri og fyrrverandi stjórnarformaður Byggðastofnunar, veltir því upp í umræðum um málið á netinu í gær hvort sanngjarnt sé að ætla landsmönnum utan höfuðborgarsvæðisins að standa undir vanda á því svæði með ríkisstyrk. Þótt víða um land sé markaðsverð langt undir byggingarkostnaði og eðlileg endurnýjun á húsakosti nær ómöguleg sé litið svo á að þetta séu vandamál viðkomandi íbúa og sveitarfélaga.

Þegar þensla á höfuðborgarsvæðinu keyri húsnæðis- og leiguverð upp úr öllu valdi horfi öðruvísi við, þá eigi skattgreiðendur utan höfuðborgarsvæðisins með öðrum að taka á þeim vanda. „Maður hlýtur að spyrja sig hvort þessi tvö hundruð þúsund á höfuðborgarsvæðinu séu ekki fullfær um að greiða úr þessu án stuðnings þeirra hundrað þúsunda sem búa annars staðar og eiga aðra djöfla að draga í húsnæðismálum?“ spyr Þóroddur.

Þá hlýtur þessi nálgun að vekja spurningar um áhrif á þróun húsnæðisverðs. Allar líkur eru á að ríkisstyrkur til kaupenda verði bara til þess að auka þenslu og ýta enn frekar undir hækkandi húsnæðisverð. Er þá betur heima setið en af stað farið.

Þá væri fróðlegt að heyra álit peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands á hugmyndum fjórmenninganna, en í gær var einmitt kynnt ákvörðun um 0,25 prósentustiga hækkun stýrivaxta bankans í viðleitni til að slá á þenslu og væntingar um verðbólgu.

Nær væri vitanlega að beita sér fyrir aðgerðum þar sem ráðist er að rót vandans. Aðgerðum sem gætu orðið til þess að draga úr ofurkostnaði tengdum fasteignakaupum á Íslandi og auka kaupmátt fólks og getu til þess að koma sér upp þaki yfir höfuðið.

Nærtækt væri til dæmis að fella niður ósanngjarna skattheimtu á borð við stimpilgjöld sem stórauka lántökukostnað fólks. Þá verður að teljast líklegra til að slá á þenslu á húsnæðismarkaði að grípa til aðgerða sem auka framboð á húsnæði, fremur en að dæla peningum úr ríkiskassanum í hendur þeirra sem vilja kaupa.

Stærsta hindrunin er svo náttúrlega vaxtaokur það sem hér er við að eiga. Þar getur ríkisvaldið gert sitt til að draga úr óstöðugleika efnahagslífsins, til dæmi með því að ganga ekki með þensluhvetjandi aðgerðum gegn markmiðum sem unnið er að á vettvangi Seðlabankans og samtaka á vinnumarkaði um aukinn stöðugleika. Að ekki sé talað um að setja sér markmið um að hverfa frá notkun örmyntarinnar krónu og stefna að upptöku evru.

**Allar líkur eru á að ríkisstyrkur til kaupenda verði bara til þess að auka þenslu og ýta enn frekar undir hækkandi húsnæðisverð.**






## Halldór




## Frá degi til dags

**Ósanngjörn Framsókn**
Fjórir þingmenn Framsóknarflokksins hafa lagt fram þingsályktunartillögu um að styrkja einstaklinga til að kaupa sína fyrstu fasteign. Þetta er vitaskuld galin hugmynd. Á Íslandi búa eitt hundrað þúsund manns á svæðum þar sem engin er þenslan, verð á húsnæði er langt undir byggingarkostnaði. Endurnýjun húsnæðis í þessum sveitarfélögum er engin. Við höfum hingað til verið sammála um það að sá vandi sé íbúanna sem þar búa. Því er það óforsvaranlegt að þeir sem búa á þessum svæðum þurfi að hjálpa íbúum á SV-horni til fyrstu íbúðakaupa. Það myndi heyrast harmakveinið væri hugmyndin sett upp í hina áttina.

**Tæki Seðlabankans**
Seðlabanki Íslands hefur hækkað stýrivexti um 0,25 prósentustig og færði rök fyrir stýrivaxtahækkun sinni í gær. Við það tækifæri fór af stað reglubundin dagskrá þar sem verkalýðsforingjar og þingmenn agnúuðust sem mest þeir máttu út í þessa ákvörðun bankans. Gott ef það heyrðist ekki á stöku stað að Már þyrfti nú að víkja. Hins vegar er það alveg ljóst að á meðan við höfum íslenska krónu, lítið aðhald í ríkisrekstri, stigvaxandi einkaneyslu og verðbólguhvetjandi framkvæmdir í nánustu framtíð er ljóst að til einhverra bragða þarf að taka. Vandamálið er að þetta er eina verkfæri Seðlabankans. Því þarf að breyta.
sveinn@frettabladid.is

# Hafa skal það sem sannara reynist



Eyþór L. Arnalds
formaður nefndar um starfsemi og rekstur RÚV ohf.

Björg Eva Erlendsdóttir, stjórnarmaður og fv. stjórnarformaður RÚV, skrifar grein í Fréttablaðið í gær þar sem hún segir: „Skýrsla Eyþórs var rýnd af öðrum fjölmiðlum, með almannatengslaráðgjafa, áður en stjórn RÚV sá hana.“ Þetta er alrangt. Stjórnarformaður RÚV fékk skýrsluna fimm vikum áður en hún var birt og afhent öðrum fjölmiðlum. Reyndar var starfsfólk RÚV með skýrsluna allan þann tíma. Björg Eva hlýtur að vera upplýst um þessar staðreyndir.

Ekki veit ég hvaðan sú hugmynd kemur í huga Bjargar Evu að almenningstengslaráðgjafi hafi rýnt skýrsluna með öðrum fjölmiðlum áður en stjórn RÚV sá hana en sú tilgáta er vægast sagt fjarstæðukennd. Það er ekki sæmandi stjórnarmanni í RÚV að halda fram fullyrðingum sem þessum. Það er hvimleiður ávani í íslenskri umræðu að kasta fram dylgjum. Þessi umræðuleið er sérstaklega áberandi hjá þeim sem vilja ekki taka málefnalega umræðu um málin. Þá er farið í manninn en ekki boltann. Björg Eva væri maður að meiri með því að biðjast afsökunar á þessum rangfærslum. Nefnd um starfsemi og rekstur RÚV sem menntamálaráðherra skipaði skilaði af sér skýrslu sem ráðherra sagði góðan grunn undir umræðuna. Því miður hafa of margir forðast að ræða efnisatriði og hvernig best er að bæta rekstur RÚV. Ég er þess fullviss að skýrslan getur nýst stjórn RÚV vel til að fara yfir rekstur RÚV og vona ég að teknar verði skynsamlegar ákvarðanir byggðar á staðreyndum. Það er góður siður að horfast í augu við vandann þegar hann blasir við. Afneitun skilar aldrei góðum árangri.

RÚV hefur hvatt til opinnar umræðu við eiganda sinn, þjóðina, og farið hringferð í kringum landið nú í október. Er ekki nær að ræða um rekstrarvandann og lausnir á honum frekar en að reyna að kasta fram órökstuddum og röngum samsæriskenningum? Ég er viss um að tíma stjórnarmanns RÚV væri betur varið í að fara yfir vandann af yfirvegun. Það væri líka best fyrir RÚV.

**Það er góður siður að horfast í augu við vandann þegar hann blasir við.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoría Hermannsdóttir viktoria@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Ofursaga

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Þegar ég var í Menntaskólanum í Reykjavík fyrir bráðum hálfri öld var námsefnið í stjörnufræði að mestu bundið við sólkerfið okkar: sólina og reikistjörnurnar sem snúast í kringum hana, þar á meðal jörðina og tunglið. Við reiknuðum og teiknuðum sporbauga. Og sagan var mannkynssaga.

Nú er öldin önnur. Nú ryður sér til rúms í bandarískum menntaskólum ný námsgrein sem steypir stjörnufræðina, jarðfræðina og mannkynssöguna í eitt mót undir yfirskriftinni ofursaga (e. big history). Þar kennir margra grasa.

### 13,7 milljarðar ára

Ofursagan hefst á því að alheimurinn varð til úr svo að segja engu á örstuttu sekúndubrotabroti í miklahvelli (e. big bang) fyrir 13,7 milljörðum ára. Hvernig nær maður utan um slíka tölu? Ef eitt ár er einn maður, þá eru 13,7 milljarðar tæplega tvöfaldur íbúafjöldi heimsins. Það er allt og sumt. Ef eitt ár er ein króna, þá eru 13,7 milljarðar u.þ.b. einn sjöundi af gjaldþroti formanns bankaráðs Landsbanka Íslands eftir hrun. (Bankastjórinn situr inni.)

Hvernig geta stjarneðlisfræðingar tímasett upphaf alheimsins svo nákvæmlega? Það er ekki flókið. Mælingar sýna að alheimurinn þenst út á tilteknum hraða og þá er bara að reikna dæmið aftur á bak til upphafs síns. Ef bíll er kominn 1.000 kílómetra frá brottfararstað og honum er ekið á 100 km hraða, þá vitum við að hann lagði af stað fyrir 10 tímum. Stjörnurnar stanza ekki í Fornahvammi til að fá sér pulsu, en alheimurinn hægði þó á sér framan af og herti síðan róðurinn í allar áttir, og það tóku menn með í reikninginn þegar þeir fundu töluna 13,7. Með líku lagi er nú vitað að sólin er 4,5 milljarða ára gömul og er á miðjum aldri. Hún verður sem sagt slokknuð eftir aðra 4,5 milljarða ára. Jörðin er jafnaldra sólarinnar eða því sem næst. Reikihnöttur rakst á jörðina þar sem nú heitir Mexíkó fyrir 65 milljónum ára og drap allar risaeðlurnar á fáeinum klukkustundum. Þá varð til kjörlendi handa loðnum spendýrum. Eftir það rakti kapallinn sig sjálfur að segja má. Mannskepnan varð smám saman ofan á. Allt þetta og miklu meira þykjast menn nú vita með vissu.

### 200 til 300 þúsund ár

Mannvistarleifar teygja sig milljónir ára aftur í tímann. Árið 1974 fundu fornleifafræðingar næstum helminginn af 3,2 milljóna ára gamalli beinagrind í Eþíópíu og kölluðu hana Lucy af því að þeir voru að hlusta á bítlalagið Lucy in the Sky with Diamonds í útvarpinu sínu á kvöldin. Lucy hafði gengið upprétt þótt heilinn í henni hafi ekki verið stærri en í simpönsum um okkar daga. Lucy var mannapi, myndum við nú segja, röskur metri á hæð, hún dó um tvítugt. Þú ert kannski kominn af öpum sagði Emma, eiginkona Charles Darwin, höfundar þróunarkenningarinnar, við bónda sinn, en ekki ég. Komin af öpum, Drottinn minn dýri, sagði ein prestsfrúin, við skulum bara vona að erkibiskupinn í Kantaraborg komist ekki að þessu.

Áður var talið að maðurinn hafi orðið til sem sjálfstæð tegund þegar hann aðgreindi sig frá öpum með því að byrja að nota tæki og tól. En nú vita menn meira. Ég hef séð kvikmynd af górillum í Kongó sem nota steina til að brjóta hnetuskurnir. Og ég hef frétt af krákum í Ástralíu sem leggja hneturnar sínar við rauð umferðarljós svo að bílarnir kremji þær á grænu ljósi, og þá koma krákurnar aftur og sækja muldar hneturnar, tilbúnar á diskinn.

Mannlíf á jörðinni, segja ofursagnfræðingar, hófst fyrir 200 til 300 þúsund árum í þeim skilningi að þá hófu menn að safna þekkingu og varðveita hana skipulega mann fram af manni. Það gera apar ekki, a.m.k. ekki með sama hætti og við.

### Ríki þekkingarinnar

Varðveizla og upphleðsla þekkingar er lykillinn að yfirburðastöðu mannsins í ríki náttúrunnar. Tökum dæmi. Óhugsandi er að dauðsföllum af völdum tiltekins sjúkdóms fjölgi að nýju vegna þess að áður þekkt lækning sé gleymd og grafin. Slíkt gerist ekki í læknisfræði og ekki heldur í öðrum greinum fræða og vísinda.

Slíkt gerist þó stundum á vettvangi stjórnmálanna. Fjármálakreppur skella á öld fram af öld þar eð menn læra ekki af reynslu liðinnar tíðar eða sjá sér hag í að þykjast ekki hafa lært af henni. Bankakreppuna sem upphófst í Bandaríkjunum 2007-2008 má að hluta rekja til þeirrar ákvörðunar Bandaríkjaþings í forsetatíð Franklins D. Roosevelt að nema úr gildi fyrirbyggjandi löggjöf þingsins frá 1933-1934 eins og hennar væri ekki lengur þörf. Því fór sem fór 75 árum síðar. Á móti kemur að bankakreppan varð ekki að heimskreppu vegna þess að þekkingin sem varð til eftir kreppuna miklu 1929-1939, hagfræðin sem kennd er við brezka hagfræðinginn John Maynard Keynes, var lögð til grundvallar viðbrögðunum við bankakreppunni.

Þetta skaltu hugleiða nú, lesandi minn góður, þegar nýliðin sorgarsaga innlendra efnahagsmála gerir sig líklega til að endurtaka sig.

**Fjármálakreppur skella á öld fram af öld þar eð menn læra ekki af reynslu liðinnar tíðar eða sjá sér hag í að þykjast ekki hafa lært af henni.**

# Afturhvarf til fortíðar



Jóhannes M. Gunnarsson
skurðlæknir, læknisfræðilegur verkefnisstjóri Nýs Landspítala

Lýður Árnason, læknir og vaktstjóri Lýðræðisvaktarinnar, birti greinarstúf í Fréttablaðinu hinn 28. október um skipan heilbrigðisþjónustunnar í landinu. Hann bendir þar réttilega á að „heilbrigðismál á Íslandi hafi allt of lengi verið í klakaböndum“. Heildstæð stefna hefur illa eða ekki náð fram að ganga af ýmsum ástæðum, m.a. hagsmunaárekstrum eða „síþrætu“ sem er landlæg og afneitar öllum rökum hvort sem þau eru byggð á sannanlegum staðreyndum og þekkingu eða ekki.

Landspítali er háskólasjúkrahús og sem slíkt er það og verður meginsjúkrahús landsins, en engu að síður örsmátt á mælikvarða slíkra stofnana hvort sem litið er til nágrannalanda eða umheimsins. Þrátt fyrir smæð tekst honum að mennta og þjálfa lækna og aðra heilbrigðisstarfsmenn sem eftirsóttir eru víðast um heim og sem vísindastofnun er hann einn stærsti byggingarsteinn fræðasamfélagsins sem hefur fært Háskóla Íslands í hóp 300 bestu háskóla heims.

Framfarir í heilbrigðisþjónustu margra undanfarinna áratuga byggja á hratt vaxandi sérhæfingu heilbrigðisstarfsmanna, en á móti þrengist óhjákvæmilega þekkingarsvið hvers og eins. Þessi þróun er alþjóðleg og verður ekki snúið við. Í þeim efnum erum við ekkert eyland. Til þess að viðhalda nægjanlegri þekkingarbreidd háskólasjúkrahúsa er ekkert annað svar til en að sameina kraftana og slá saman sjúkrahúsum. Þetta hefur verið gert í stórum stíl um öll Vesturlönd síðustu áratugi rétt eins og hér á landi þó hér hafi verkið ekki verið fullkomnað enn sem komið er. Í fámenni okkar og smæð er þetta ekki síður mikilvægt. Hugmynd Lýðs um að dreifa þeim þekkingarstabba sem við eigum er fráleit og enn verri fyrir það að vera komin frá heilbrigðisstarfsmanni. Þó er hún miklu verst fyrir þá uppástungu læknisins að halda því fram að „upplagt væri að hafa krabbameinsdeildina á St. Jósepsspítala í rólegu umhverfi ...“ Mér er til efs að nokkur sérgrein sé bundnari annarri stoðstarfsemi og sérgreinum. Gildir þar raunar gagnkvæmni gegn öðrum sérgreinum. Tími einangraðra sérgreina og einyrkja í heilbrigðisþjónustu er liðinn.

Braut vaxandi sérhæfingar heilbrigðisþjónustunnar er þegar mörkuð á heimsvísu og þar munum við engu breyta, sem betur fer, því hún er bæði forsenda og afleiðing framfara. Á þeirri braut mun sameinaður Landspítali sinna verkefnum sínum best.

**Tími einangraðra sérgreina og einyrkja í heilbrigðisþjónustu er liðinn.**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT

**SHAREHOLDERS' MEETING OF CCP HF.**

A shareholders' meeting of CCP hf., reg. no. 450697-3469, will be held on 12 November at the company's headquarters at Grandagarður 8, 101 Reykjavík starting at 14:00.

**AGENDA:**

The agenda contains the following items:

1. **Proposal pertaining to the Board's authority to increase the share capital of the company up to ISK 1,369,854 nominal value by issuing new class B shares**

   The proposal provides that new paragraphs 2.02 and 2.03 will be added to the Articles of Association, which grant the Board of Directors the authority to increase the share capital in the company by up to ISK 1,369,854 by way of issuing a new class of B shares. Current shareholders will relinquish their pre-emptive right to subscribe to the new class B shares. The Board will determine the price for the class B shares and other terms applicable to the sale issue of the class B shares.

   There shall be no restrictions on trading of the new class B shares. However, the class B shares will be granted a liquidation preference, i.e. a priority to payment in the event of certain liquidation scenarios in an amount equal to the original purchase price per share plus any accrued but unpaid dividends thereon. Further, the class B shareholders shall be authorised to convert their shares at any time into class A shares in a way that one (1) share in class B shall be delivered in exchange for one (1) share in class A. Otherwise, class B shares shall enjoy the same rights as the class A shares.

2. **Proposal to remove paragraph 2.12 from the Articles of Association**

   The proposal provides for the removal of paragraph 2.12 from the Articles of Association as the authorisation to issue convertible bonds has expired.

3. **Election of the board**

4. **Other matters**

   Those intending to stand for election to the Board of Directors are reminded to send a notice in writing of their candidacy to the company's headquarters at least five days prior to the shareholders' meeting.

   The agenda, final proposals and other documents required to be submitted to the meeting will be available at the company's office for shareholders to review as of 5 November 2015, seven (7) days prior to the meeting.

   The meeting will be conducted in English.

Reykjavík, 5 November 2015
Board of Directors of CCP hf.

CCP

# Opið bréf til forstjóra Landspítala



**Guðrún I. Gunnlaugsdóttir**
ljósmóðir

Ágæti forstjóri!

Mikil óánægja ríkir nú meðal ljósmæðra Landspítala eftir að félagsdómur úrskurðaði nú í október í máli sem Ljósmæðrafélag Íslands höfðaði gegn ríkinu. Af hverju kom þessi staða upp?

Ljósmæður tóku þátt í tímabundnu verkfalli sem stóð á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum frá 7. apríl til 13. júní eða þar til að ríkið setti á okkur lög og lauk þannig verkfalli okkar. Um mánaðamót apríl-maí var fyrsti launafrádrátturinn staðreynd og ætluðum við ljósmæður ekki að trúa okkar eigin augum, þetta hlytu að vera mistök sem yrðu leiðrétt strax en margar hverjar voru þá búnar að vinna alla sína vinnuskyldu. Mánaðamót maí-júní gerist það sama, u.þ.b. 55% af launum okkar eru dregin frá okkur þrátt fyrir vinnu.

Okkur var brugðið, hvernig gat spítalinn athugasemdalaust tekið við vinnuframlagi okkar ef ekki átti að greiða okkur laun? Sá háttur samrýmist ekki þeirri grunnreglu að starfsmaður á að fá laun fyrir þá vinnu sem hann innir af hendi ef hún fellur utan verkfalls. Ljósmæður sýndu áfram mikla þolinmæði enda birtist frá þér tilkynning á vef spítalans þann 3. júní 2015 um að velferðarráðuneytinu hefði verið sent bréf þess efnis að það væri skoðun Landspítala að starfsmenn fái greitt fyrir þá vinnu sem þeir inna af hendi, hvort sem það er á verkfallstíma eða ekki og að ráðuneytið hafi tekið undir þá afstöðu Landspítala

Ég spyr því hér, á hverju strandaði? Þegar velferðarráðuneytið tók undir afstöðu Landspítala var það þá ekki spítalans að greiða laun fyrir unnin störf?

Áfram segir í tilkynningunni 3. júní sl.: „Í framhaldinu hef ég, ásamt framkvæmdastjórn spítalans, ákveðið að allar launagreiðslur til starfsmanna í verkfalli verði yfirfarnar og lagfærðar eftir þörfum að teknu tilliti til vinnufyrirkomulags starfsmanna á stofnuninni.“ (Tilv. lýkur)

Þarna var ljósmæðrum létt enda baðstu okkur um, kæri forstjóri, að sýna biðlund þar sem flækjustigið væri hátt og vinnsla málsins krefðist tíma. Við biðum lengi, svo lengi að félagið okkar fór með málið fyrir félagsdóm. Flestir vita um úrskurð félagsdóms en þar dæmdu þrír dómarar af fimm okkur í óhag og eru dómsorð þessara þriggja dómara svo flókin að það er ekki fyrir venjulegan mann að skilja. Tveir dómarar skiluðu hins vegar séráliti og er það álit auðskilið og einfalt og hvet ég almenning til að lesa sérálit þeirra http://www.urskurdir.is/Felagsmala/Felagsdomur/nr/7962)

### Hvert er hlutverk launadeildar?

Ég spyr hvert er hlutverk launadeildar Landspítala? Er það ekki hennar hlutverk að reikna út laun samkvæmt stimpilklukku og senda til Fjársýslu ríkisins? Okkur hefur verið sagt að Fjársýsla ríkisins hafi sent Landspítala reiknireglu sem eingöngu er hægt að nota fyrir dagvinnufólk. Var það þá ekki í höndum Landspítala að senda hana til baka þar sem hún var ónothæf til útreikninga launa fyrir vaktavinnufólk?

Okkur finnst eins og allir bendi hver á annan, þ.e. fjármálaráðuneytið, Fjársýsla ríkisins og Landspítalinn.

Ég tel að málið hefði ekki þurft að ganga svona langt ef það hefði verið útskýrt á einfaldan hátt varðandi vinnuskipulag vaktavinnufólks. Þeir sem „ráða“ virðast ekki hafa skilið það að stærsti hluti ljósmæðra á LSH vinnur vaktavinnu, þ.e. allan sólarhringinn sjö daga vikunnar. Vinnuvikan er því ekki 8-16 mánudaga til föstudaga eins og þegar um dagvinnumenn eru að ræða. Það var því ekki hægt að nota þá reiknireglu sem Landspítali segir að Fjársýsla ríkisins hafi sent spítalanum til að nota við útreikninga launa.

### Ótrúleg þrautseigja

Ljósmæður hafa verið með langlundargeð mikið og hafa sýnt ótrúlega þrautseigju og sýnt spítalanum traust, þær hafa hlaupið til dag sem nótt, helgar sem virka daga þegar kallað er á aukamannskap vegna álags á deildinni til að sinna konum í barnsnauð.

**Ljósmæður eru ekki tilbúnar til að taka á sig aukavinnu umfram vinnuskyldu meðan þær hafa ekki fengið greitt fyrir þá vinnu sem þær hafa þegar skilað af sér til spítalans.**

Ófremdarástand er nú að skapast á kvennadeild Landspítala þar sem langlundargeð ljósmæðra er á þrotum. Kæri forstjóri, það verður að finnast lausn á málinu hið snarasta áður en í óefni kemur, það má ekki taka neinar áhættur hvorki varðandi starfsfólk né skjólstæðinga. Fæðingarvakt Landspítala er sú deild sem er með hæsta þjónustustigið á landinu og á þeirri deild verður alltaf að vera fullmannað. Ljósmæður eru ekki tilbúnar til að taka á sig aukavinnu umfram vinnuskyldu meðan þær hafa ekki fengið greitt fyrir þá vinnu sem þær hafa þegar skilað af sér til spítalans.

# Síðustu forvöð



**Matthias Brinkmann**
sendiherra Evrópusambandsins á Íslandi

**Ásamt því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda mun nýja samkomulagið kveða á um að þjóðir undirbúi sig fyrir neikvæð áhrif loftslagsbreytinga og um fjármögnun loftslagsaðgerða.**

Ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar í París (COP21) hefst nú í nóvember. Mikið er í húfi. Þessi samkoma mun leggja línurnar fyrir stefnumótun um loftslagsbreytingar frá árinu 2020. ESB er staðráðið í að tryggja að fallist verði á lagalega bindandi, metnaðarfullt og sanngjarnt alþjóðlegt samkomulag sem heimfæra megi á öll lönd, geti haldið meðalhlýnun á hnettinum undir 2°C og haldið skaðlegum loftslagsbreytingum í skefjum. Hin 28 aðildarríki sambandsins, sem bera ábyrgð á um 9% af allri losun lofttegunda, hafa skuldbundið sig til að draga úr þeirri losun um 40% fyrir árið 2030. Langtímamarkmið ESB er að draga úr losuninni um 80-95% fyrir árið 2050.

### Fjórir lykilþættir

Við lítum svo á að árangursríkt samkomulag byggi á fjórum lykilþáttum. Þeir eru: samstaða um metnaðarfulla minnkun losunar, sameiginlegt langtímamarkmið, fimm ára endurskoðunartímabil til að taka losunarmarkmiðin til athugunar og styrkja þau, og strangar reglur um gegnsæi til að tryggja að löndin muni standa við skuldbindingar sínar. Ásamt því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda mun nýja samkomulagið kveða á um að þjóðir undirbúi sig fyrir neikvæð áhrif loftslagsbreytinga og um fjármögnun loftslagsaðgerða.

### Árangur vegna stuðnings

Raunverulegur árangur hefur þegar náðst: um 150 aðilar sem samanlagt bera ábyrgð á um 90% losunar á heimsvísu hafa nú lagt fram fyrirhugaðar skuldbindingar sínar. Þetta er veruleg breyting, frá fáliðuðum aðgerðum til stórátaks, og til marks um sterka samstöðu um marghliða kerfi til viðureignar við loftslagsbreytingar, sem hér og nú kallar á metnaðarfullar aðgerðir allra ríkja. Evrópusambandið sýnir því skilning að sum lönd munu þurfa stuðning við að útfæra markmið sín og er staðráðið í að veita þann stuðning, einkum við þróunarlönd. Við munum halda áfram að leiða baráttuna gegn loftslagsbreytingum.

### Stuðningur ESB

Á árabilinu 2010 til 2012 hét ESB því að veita 7,2 milljarða evra til að mæta þörfum þróunarlanda á sama tímabili. Við stóðum við þau heit. Á árinu 2013 veittu ESB og aðildarríki þess 9,5 milljarða evra fjármögnun til loftslagsverkefna í þróunarlöndum. Í fjárhagsáætlun ESB verða markverðar upphæðir veittar (sem viðbót við framlög aðildarríkjanna) til loftslagsverkefna fram til ársins 2020. Fimmtungur af framlögum okkar til þróunarmála snertir loftslagsmál. Samanlagt gerir þetta yfir níu milljarða evra fjármögnun loftslagsmála yfir árabilið 2014-2020. Það er meira en tvöfalt framlag tímabilsins 2007-2013. Evrópusambandið breytir þó ekki heiminum eitt síns liðs.

### Mikilvægir félagar

Ísland hefur stutt baráttu ESB í loftslagsmálum á alþjóðavettvangi og er aðili að kerfi bandalagsins um viðskipti með losunarheimildir. Vegna legu landsins rétt undir heimskautsbaug er Ísland einn þeirra staða sem munu verða fyrir hvað mestum áhrifum loftslagsbreytinga. Ég get nefnt möguleg áhrif á sýrustig sjávar sem eitt dæmi. Við erum þakklát Íslandi, og öðrum mikilvægum samstarfsþjóðum, fyrir að starfa svo náið með okkur að takmörkun hnatthlýnunar við tvær gráður.

Við skulum ekki gleyma því að málið varðar ekki umhverfisáhrif ein sér. Loftslagsbreytingar geta haft neikvæð áhrif á hagkerfi heimsins í heild og á baráttuna gegn fátækt. Stöðugleiki og öryggi í stærra samhengi eru í húfi, aðgangur að matvælum og drykkjarvatni er í hættu. Þess vegna erum við svo staðráðin á þessari vegferð. París 2015 verður veigamikill tímapunktur fyrir kynslóðir framtíðar.

# Það sem ekki má segja



**Hjálmtýr Heiðdal**
kvikmyndagerðarmaður



Tjaldbúðir Palestínumanna á Gaza. Í baksýn eru rústir heimilis þeirra.
MYND/HJÁLMTÝR HEIÐDAL

Raphael Schütz, sendiherra Ísraels á Íslandi, segir í viðtali við Fréttablaðið 28. október: „Það sem ég get ekki sætt mig við er að farið sé yfir rauðu strikin, þegar notast er við lygar eins og þjóðarmorð, aðskilnaðarstefnu, þjóðernishreinsanir og nýlenduríki. Öllu þessu ætti að útrýma úr orðabók umræðunnar ef við viljum taka af einhverri alvöru þátt í uppbyggilegum samræðum. Annars teljum við þetta vera hatursherferð gegn Ísrael.“

Schütz vill „útrýma“ þessum orðum til þess að umræðan verði uppbyggilegri. En áður en við föllumst á það skulum við skoða þessi orð og merkingu þeirra.

### Þjóðarmorð

Árið 1951 skilgreindi Allsherjarþing SÞ þjóðarmorð sem „aðgerðir gegn hópi manna sem miða markvisst að því að skapa þeim lífsskilyrði sem leiða til útrýmingar hópsins að hluta eða að fullu“.

Sameinuðu þjóðirnar ræða nú í alvöru að með áframhaldandi aðgerðum Ísraelshers verði Gazaströndin nær óbyggileg eftir rúm fimm ár.

### Aðskilnaðarstefna

Sameinuðu þjóðirnar skilgreindu aðskilnaðarstefnu 1973 sem „ómannúðlegar aðgerðir sem miða að því viðhalda yfirráðum eins kynþáttar yfir öðrum kynþætti með skipulagðri kúgun“.

Síonistar skilgreina gyðinga sem kynþátt og í Ísrael gilda ýmis lög og reglugerðir er veita gyðingum réttindi umfram aðra. Þ. á m. eru lög sem snúa m.a. að búsetu. Á Vesturbakkanum eru svæði þar sem herinn bannar Palestínumönnum búsetu á grundvelli uppruna og þar eru lagðir vegir sem gyðingar einir fá að aka um.

S-Afrískir afkomendur gyðinga sem hafa heimsótt Ísrael og hernumdu svæðin, segja að það ríki aðskilnaðarstefna í Ísrael, meira að segja verri en sú sem þeir kynntust í sínu heimalandi. Og þeir þekkja ófreskjuna af eigin reynslu og segja frá því óhikað. Þeir viðurkenna ekki „rauðu strikin“ hans Schütz.

### Þjóðernishreinsanir

Árið 1993 skilgreindu SÞ þjóðernishreinsanir sem „skipulagða og vísvitaða aðgerð til að fjarlægja kynþátt með valdi eða ógnunum með því markmiði að skapa einsleita búsetu á tilteknu svæði“.

Áður en Ísraelsríki var stofnað í maí 1948 höfðu herir síonista hrakið um 300.000 Palestínumenn af heimilum sínum með hervaldi og lagt fjölmörg þorp í rúst. Á þeim tæpu sjö áratugum sem Ísrael hefur verið við lýði hefur rúm ein milljón Palestínumanna verið hrakin burt. Og í staðinn hafa gyðingar og afkomendur þeirra yfirtekið landið.

**Á þeim tæpu sjö áratugum sem Ísrael hefur verið við lýði hefur rúm ein milljón Palestínumanna verið hrakin burt. Og í staðinn hafa gyðingar og afkomendur þeirra yfirtekið landið.**

### Nýlenduríki

Oxfordorðabókin skilgreinir nýlendustefnu sem stefnu er felur í „sér yfirtöku ríkis á landi annarrar þjóðar að hluta eða að fullu með hernámi, innflutningi landnema og nýtingu landsgæða“.

Ólöglegar landtökubyggðir síonista á Vesturbakkanum þar sem landtökumenn stela ræktarlandi og vatnsbirgðum, falla vel að þessari lýsingu.

Sendiherrann vill stjórna umræðunni um Ísrael og framferði Ísraelsmanna gagnvart Palestínumönnum með „rauðum strikum“. Hingað og ekki lengra segir Schütz.

Slík orð vekja mann auðvitað til umhugsunar um hvaða „rauðu strik“ gilda í árasarstríði Ísraelshers gegn fólkinu sem býr innikróað á Gaza? Kann einhver að segja frá þeim „rauðu strikum“? Þegar þúsundir Gazabúa, að meirihluta börn, konur og óbreyttir borgarar, liggja í valnum eftir fjórar stórárásir á innan við áratug – þá er erfitt fyrir okkur að sjá hvar Ísrael dregur línuna.

Línan er vissulega rauð, roðin blóði fórnarlambanna.







# ENDURKOMAN

**Endurkoman** eftir **Ólaf Jóhann Ólafsson** er seiðmögnuð skáldsaga um ástina og leitina að hamingjunni, einsemd og söknuð, brotthvarf – og endurkomu.

*„**Framúrskarandi** höfundur.“*
BOSTON GLOBE

*„Svona á einmitt að skrifa bækur!“*
CHICAGO TRIBUNE UM HÖLL MINNINGANNA

VERÖLD

DYNAMO REYKJAVIK

# Mannréttindi brotin á eldri borgurum!



**Björgvin Guðmundsson**
formaður kjaranefndar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

**Sá eftirlaunamaður, sem aldrei hefur greitt í lífeyrissjóð, sætir ekki neinni skerðingu á lífeyri sínum frá almannatryggingum. Það verður að stöðva þessa skerðingu lífeyris aldraðra hjá TR. Það er ekki unnt að sætta sig lengur við þetta ranglæti.**

Það er stöðugt verið að brjóta mannréttindi á eldri borgurum. Það er brot á stjórnarskránni að skammta öldruðum svo nauman lífeyri, að ekki sé unnt að framfleyta sér á honum. (Á við þá sem einungis hafa tekjur frá TR.) Og það er líka mannréttindabrot að halda lífeyri aldraðra óbreyttum, þegar launafólk er að fá verulegar kauphækkanir. Þetta er gróf mismunun, sem bönnuð er samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasáttmálum og samkvæmt jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Lífeyrir aldraðra er ígildi launa? Þetta eru laun þeirra, sem lokið hafa ævistarfi sínu. Þessi laun eiga að sjálfsögðu að hækka í takt við önnur laun í þjóðfélaginu.

**Ígildi eignaupptöku**

Kjaranefnd Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni kannar nú hvort það sé ekki brot á lögum og stjórnarskrá að skerða lífeyri aldraðra frá almannatryggingum vegna greiðslna til þeirra úr lífeyrissjóði. Sá eftirlaunamaður, sem hefur 50-100 þúsund krónur á mánuði úr lífeyrissjóði, sætir skerðingu TR, sem samsvarar í kringum helmingi greiðslunnar úr lífeyrissjóði. Sá sem hefur 100 þúsund krónur úr lífeyrissjóði á mánuði sætir 48 þúsund króna skerðingu og sá, sem hefur 50 þúsund krónur úr lífeyrissjóði sætir 32 þúsund króna skerðingu.

Mörgum finnst þetta eins og eignaupptaka. Það er verið að refsa mönnum fyrir að hafa greitt alla sína starfsævi í lífeyrissjóð. Sá eftirlaunamaður, sem aldrei hefur greitt í lífeyrissjóð, sætir ekki neinni skerðingu á lífeyri sínum frá almannatryggingum. Það verður að stöðva þessa skerðingu lífeyris aldraðra hjá TR. Það er ekki unnt að sætta sig lengur við þetta ranglæti. Góðar líkur eru á því að farið verði í mál við ríkið til þess að fá þessu ranglæti hnekkt.

**Brotið á þeim sem fara á hjúkrunarheimili**

En mannréttindabrotin gegn öldruðum eru fleiri. Þegar ellilífeyrisþegar fara á hjúkrunarheimili vegna heilsubrests er lífeyrir þeirra frá almannatryggingum gerður upptækur! Þetta er því gert án leyfis viðkomandi eldri borgara. Lífeyririnn frá almannatryggingum rennur til greiðslu kostnaðar við dvölina á hjúkrunarheimilinu. Og síðan er ellilífeyrisþeganum skammtaður vasapeningur, rúmar 50 þúsund krónur á mánuði. Þetta fyrirkomulag tíðkast ekki annars staðar á Norðurlöndunum. Þar halda ellilífeyrisþegar sínum lífeyri frá almannatryggingum og greiða síðan sjálfir af honum það, sem þeir eiga að greiða til hjúkrunarheimilis. Þannig halda þeir reisn sinni.

Fyrirkomulaginu hér þarf að breyta strax og taka upp sama fyrirkomulag og á Norðurlöndum. Núverandi skipan er niðurlægjandi fyrir ellilífeyrisþega.

**Mismunun á sjúkrahúsum og á vinnumarkaði**

Rannsókn leiðir í ljós, að biðtími aldraða eftir meðferð á sjúkrastofnunum er lengri en þeirra, sem yngri eru. Eldri borgarar eru látnir sæta afgangi á sjúkrahúsunum. Það er mannréttindabrot. Og hið sama á við á vinnumarkaðnum. Þar missa eldri borgarar vinnuna á undan þeim yngri og öldruðum gengur illa að fá vinnu á ný. Þeir yngri ganga fyrir. Þetta er mannréttindabrot. Mismunun er bönnuð samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasáttmálum og samkvæmt jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Þannig, að það er sama hvar borið er niður: Það er alls staðar verið að fremja mannréttindabrot á öldruðum. En en að mínu mati er grófasta mannréttindabrotið það, að skera lífeyri aldraðra svo mikið niður, að hann dugi ekki til framfærslu. Það er til skammar fyrir íslenskt þjóðfélag, sem vill kalla sig velferðarþjóðfélag.

# Heilbrigðispólitík og framtíðin



**Teitur Guðmundsson**
læknir

Það er alveg með ólíkindum hvað við erum gjörn á að rífast hér á Íslandi um öll möguleg málefni og láta í ljós skoðanir okkar á máta sem ekki sæmir neinum í raun og veru. Við getum bölsótast yfir smáatriðum daglangt og jafnvel hlaupið á okkur í dómhörkunni og verið búin að setja það niður á blað eða blogg sem aldrei gleymist á internetinu okkur til ævarandi skammar. Ætli megi ekki kalla okkur að einhverju leyti besserwissera og þá líka að við mögulega tjáum okkur oft án þess að hafa nægjanlega þekkingu á málum heldur meira af tilfinningum og blóðhita, þó kalt sé úti.

Þessi lýsing á eflaust við marga og við þekkjum sennilega öll einhverja sem berja sér á brjóst og segjast hafa lausnirnar, en hinir kjánarnir bara hlusta ekki. Að einhverju leyti er þessu svona farið varðandi byggingu nýs háskólasjúkrahúss sem allir eru sammála um að þurfi að rísa, miklar deilur standa hins vegar um hvar, hvernig og hvenær. Ekki ætla ég að leggja sérstaklega orð í þann belg nema að hvetja ráðamenn til að koma húsinu upp sem fyrst og á sem hagkvæmastan hátt og auðvitað með langtímasjónarmið að leiðarljósi. Við þurfum öflugt sjúkrahús, um það er ekki deilt og sýnir áhuginn kannski öðru fremur hversu mikið það brennur á þjóðinni að vel sé hlúð að þeim sem þurfa öflugustu og flóknustu þjónustuna.

**Grunnstoðir heilbrigðisþjónustu**

Á sama tíma og ég skil vel þá umræðu, er mér með öllu fyrirmunað að skilja að ekki skuli vera meira rætt um grunnstoðir heilbrigðisþjónustunnar og ástand hennar. Þegar rýnt er í fréttatíma og umfjöllun um krísur og vandamál er sjónum oft beint að Landspítalanum og vanda hans. Hann er ærinn og ég reyndar dáist að stjórnendum og starfsmönnum þar í þeim ólgusjó sem þeir hafa verið í undanfarin ár og hafa þrátt fyrir allt skilað mjög góðu starfi. Töluverð umræða er um heilsugæsluna og ástand hennar, landsbyggðarþjónustu, öldrunar- og endurhæfingarþjónustu, heimahjúkrun og þá nærþjónustu sem flestir eru sammála um að skipti öllu máli þegar horft er til eftirlits og þjónustu við langveika, forvarnir og fyrsta viðkomustað sjúklinga í nútíma heilbrigðiskerfi. En einhvern veginn þykir mér halla á þennan þátt í umræðunni og hann fái minna vægi en tækjaskortur og mannekla annars staðar.

Auðvitað spilar mjög inn í þessa umræðu pólitík og baráttan um féð sem er til skiptanna hverju sinni, en það má ekki missa sjónar á framtíðinni og í hvaða átt við viljum stefna. Meginvandi frumþjónustu verður mönnun og vekur því athygli þegar horft er til ályktana og landsfunda stjórnmálaflokka á þessu ári að eingöngu Sjálfstæðisflokkur, Samfylking og Framsókn álykta í þeim efnum og koma með einhvers konar tillögur á meðan Píratar og Vinstri grænir skila auðu, reyndar ber svo við að Píratar birta enga sértæka stefnu í heilbrigðismálum sem er áhugavert í ljósi þess að þeir hafa verið stærsti stjórnmálaflokkurinn upp á síðkastið í könnunum og þessi mál brenna á landsmönnum.

Nýleg ályktun á landsfundi Sjálfstæðisflokks um að viðurkenna og vinna að sérfræðimenntun hjúkrunarfræðinga til að sinna fyrsta stigs þjónustu vakti verðskuldaða athygli.

**Við getum ekki haldið áfram eins og við gerum í dag, við erum úti í horni eins og er og þurfum að horfa út fyrir boxið til að komast þaðan. Róttækra aðgerða er þörf ef við eigum að ná árangri.**

Það er mjög góð hugmynd og líkleg til að nýtast heilbrigðiskerfinu vel auk ýmissa annarra þátta sem fram koma eins og fjölbreytt rekstrarform og möguleikar í breyttri heilsugæslu.

**Fjölbreyttari nálgun**

Mikilvægt verður að huga að uppbyggingu öldrunarþjónustu og að mínu viti þyrfti að afnema tenginguna ríkis og sveitarfélaga við ákvörðun slíkra heimila og notast frekar við þarfagreiningu og að sveitarfélögum sé frjálsara að koma henni á en verið hefur, óþarfa tafir eru á uppbyggingu vegna núverandi fyrirkomulags sem hamlar frekar en að styðja við betri þjónustu og lamar aðra hluta heilbrigðisþjónustunnar líkt og Landspítala. Stórátak þarf í heimahjúkrun og að efla möguleika fólks til búsetu heima fyrir og þróa einhvers konar heilsugæslusjúkrahús á höfuðborgarsvæðinu sem myndi létta verulega á í kerfinu í heild sinni.

Af mörgu er að taka en að lokum vil ég minnast á það sem stendur mér næst sem er að forvarnir og efling lýðheilsu með fjölbreyttari nálgun en nú er gert muni skila miklum árangri bæði til að bæta líðan og draga úr kostnaði. Við getum ekki haldið áfram eins og við gerum í dag, við erum úti horni eins og er og þurfum að horfa út fyrir boxið til að komast þaðan. Róttækra aðgerða er þörf ef við eigum að ná árangri.

# Samskipti ríkis og kirkju – I



**Þórir Stephensen**
fv. dómkirkjuprestur og staðarhaldari í Viðey

Þjóðkirkjan er að grunni til ein elsta skipulagsheild Íslandssögunnar. Allt frá árinu 1000 hafa ríki og kirkja átt samfylgd. En margt breytist. Nú er aðskilnaður ríkis og kirkju mikið í umræðunni. Kirkjan hefur aldrei óskað eftir honum, en samt haft uppi sterkar óskir um sjálfræði. Í raun hefur þannig hugsaður skilnaður þegar staðið í 17 ár.

Ég var í nefndinni, sem lauk þessu máli og vegna þeirra, sem um þetta fjalla nú, vil ég reyna að útskýra málið.

Forsagan er sú, að kirkjan átti fyrrum stóran hlut jarðeigna landsins. Um siðaskipti voru íslensku klaustrin aflögð og konungur hirti allar eignir þeirra. Um aldamótin 1800 voru jarðeignir biskupsstólanna seldar. Andvirði þeirra rann í ríkisfjárhirsluna, en biskuparnir voru settir á opinber laun. Eftir stóðu jarðir þær, sem voru í eigu kirknanna sjálfra. Þær voru tekjustofn prestanna í landinu. Á þeim byggðist kirkjulegt starf fram yfir 1900. Fljótlega eftir siðaskiptin kom í ljós, að þessar tekjur nægðu ekki. Því var verið að styrkja fátækustu prestaköllin úr konungssjóði og efnameiri prestsembættum. Einnig var prestum fækkað. Undir lok 19. aldar kom í ljós, að þetta fyrirkomulag gat ekki gengið lengur. Þess vegna var gripið til þess ráðs, að kirkjan afhenti ríkinu allar jarðeignir sínar, nema prestssetrin – ekki til eignar – heldur umsjónar. Skyldi ríkið hirða allan arð af þeim, en tók að sér að greiða prestunum föst laun. Þetta var gert 1907.

**Kirkjujarðasamkomulagið**

Með tímanum fyrndi yfir þessa gerð og stjórnmálamenn fóru að líta á þessar jarðir sem eign ríkisins. Gekk þetta svo langt, að ráðherrar seldu, án heimildar, afar dýrmætar jarðir á verði, sem hvergi hefði komið til greina í einkageiranum. Þetta varð að stöðva. Nefnd ríkis og kirkju komst að þeirri niðurstöðu, að jarðirnar væru enn eign kirkjunnar og því hefði ríkið engar heimildir haft til að ráðstafa þeim að vild. Var jarðaeignin, bæði seld og óseld, skráð og metin og gert nýtt samkomulag um, að íslenska ríkið eignaðist jarðirnar og tæki að sér að greiða, sem arð af þeirri eign, laun ákveðins fjölda starfsmanna kirkjunnar og annan kostnað, sem tiltekinn var í samningi 10. janúar 1997. Árið eftir tóku gildi s.k. þjóðkirkjulög byggð á kirkjujarðasamkomulaginu.

Það er því rangt, að þeir fjármunir, sem kirkjan fær nú frá ríkinu, séu framlag til hennar. Þeir eru að langstærstum hluta arður af yfirteknum eignum sem frá öndverðu var ætlað að standa undir þjónustu kirkjunnar.

Með þessu samkomulagi jókst svigrúm kirkjunnar umtalsvert til að stjórna eigin málum. Málin hafa þróast þannig, að forseti Íslands hefur skipað biskupana, en ráðherra hætti að skipa prestana og það vald var fært í hendur biskupi Íslands, enda fara hann, Kirkjuþing og Kirkjuráð nú með völdin á hinu kirkjulega sviði. Prestarnir eru áfram opinberir starfsmenn og hafa réttindi og skyldur sem slíkir.

Orðið þjóðkirkja varð til í stjórnarskránni 1874. Í hugum langflestra, sem henni fylgja og þjóna í dag, er hún sjálfstætt trúfélag, sem ræður sínum málum án íhlutunar ríkisvaldsins. Fjárhagsleg samskipti ríkis og þjóðkirkju byggjast svo á gagnkvæmu samkomulagi og skiptum á verðmætum. Kirkjuþing er skipað 29 mönnum, 17 leikum og 12 lærðum. Kirkjuráð er undir forsæti biskups skipað tveimur leikmönnum og tveimur guðfræðingum kosnum af Kirkjuþingi.

Ráðherra gegnir tilteknu, lögbundnu hlutverki innan kirkjunnar. Hann fer þar með eftirlitsskyldu, á rétt til setu á Kirkjuþingi með málfrelsi og tillögurétti. Hann hefur t.d. afskipti af starfsemi kirkjugarða, sem tilheyra öllum landsmönnum, og málum þeim tengdum, sem trúlega yrði aldrei hlíð hjá komist.

**Sjálfstætt trúfélag**

Samkvæmt lögum er þjóðkirkjan sjálfstætt trúfélag. Hún nýtur sjálfræðis gagnvart ríkisvaldinu innan lögmæltra marka. Þjónusta hennar á að vera á landsvísu, öllum tiltæk. Þar kemur einnig til þjónusta við ríkisvaldið um að tryggja skrásetningu staðreynda þannig, að unnt sé að halda til haga og staðreyna tiltekin málefni. Vegna stærðar sinnar og þéttriðins þjónustunets hefur hún verið ríkinu mikilvæg. Starf hennar fyrir fólk í erfiðleikum og neyð á öllum sviðum lífsins, er miklu meira en flesta grunar.

Aðkoma forsetans og ráðherra, ásamt stöðu vígðra þjóna kirkjunnar sem opinberra embættismanna, virðast mér nánast eina atriðin, sem nú tengja hana ríkinu. Það fyrirkomulag hefur reynst vel, og því, sem reynslan mælir með, er gott að una. Ég fæ ekki betur séð en að þeir, sem vilja breyta því, geri það mest breytinganna vegna.

Fyrsta grein af þremur




*Gildir fyrir eina áskrift. Viðskiptavinir sem taka þessu tilboði fyrir 31. desember halda þessum kjörum í eitt ár.

HÚSASMIÐJAN

# JÓLA ÆÐI

Húsasmiðjan
er sölu- og þjónustuaðili
Electrolux
á Íslandi

## Æðisleg jólatilboð á Electrolux



Jólatilboð
65.900kr
~~76.900kr~~

Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

**Blástursofn**
EOB 3311AOX
Stál. 74 ltr, orkunýting A, kjöthitamælir.
1830202



Jólatilboð
24.900kr
~~27.900kr~~

**Espresso hylkjavél**
**ELM 3100 BK** 1200W, 15 Bar.
1829107



Jólatilboð
65.900kr
~~74.900kr~~

Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

**Þvottavél** FW30L7120
7 kg, 1200sn.
Orkunýting A+++
1805690



Jólatilboð
66.900 kr
FULLT VERÐ: 79.990

Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

**Uppþvottavél** ES55201LOX
Orkunýting A+, Þurrkhæfni A,
Þvottahæfni A. Hljóðstyrkur 49 dB
1808977



Jólatilboð
68.900 kr
FULLT VERÐ: 79.900

Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

**Uppþvottavél** ESF5521LOW
Orkunýting A+, Þurrkhæfni A,
Þvottahæfni A. Hljóðstyrkur 45 dB
1808976



Jólatilboð
76.900 kr
FULLT VERÐ: 89.900

**Þvottavél** FW32L7162
7 kg, 1600sn.
Orkunýting A+++
1805691



Jólatilboð
69.900 kr
FULLT VERÐ: 79.990

**Þvottavél** FW30L7141
7 kg, 1400sn.
Orkunýting A+++
1805692



Jólatilboð
49.990 kr
FULLT VERÐ: 59.990

Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

**Þurrkari** EDE 1072 PDW
Með barka, 7 kg, með rakaskynjara.
1805643



Jólatilboð
59.900 kr
FULLT VERÐ: 69.900

Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

**Þurrkari** EDC 1072 LDW
Með barka, 7 kg, með rakaskynjara.
1805568



Jólatilboð
89.900 kr
FULLT VERÐ: 99.990

**Kælir/frystir**
EN3201MOX
Stál 174.5x59.5x64.7 cm.
Orkunýting A++
1808953

Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR




**SKOÐAÐU BLAÐIÐ Á**
**www.husa.is**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

# Aðgengi að áfengi og vínmenning



Róbert H. Haraldsson
NEH-prófessor við Colgate-háskóla í New York fylki, 2015-2016



Þeir sem vilja sjá áfengi af öllum styrkleikaflokkum í matvöruverslunum, og sem víðast, tala stundum eins og það sé brýnt samfélagslegt verkefni að tryggja að allir hafi sem allra greiðastan aðgang að áfengi á flestum tímum sólarhrings. Bent er á að ÁTVR hafi fjölgað útsölustöðum sínum hratt á undanförnum árum, og lengt útsölutímann, og að næsta rökrétta skrefið sé að gefa sölu áfengis alveg frjálsa þannig að aðgengi stórbatni fyrir tilstilli hinna skilvirku markaðsafla.

Borgarfulltrúar í Reykjavík hafa fjallað um mikilvægi þess fyrir borgarbraginn að enginn íbúi þurfi að ganga í meira en fáeinar mínútur í næstu vínbúð. Svona tal á rétt á sér um grunngæði á borð við ómengað vatn, hreint loft, heilsugæslu, menntun og tækifæri til útivistar. Samfélagið, eða stjórnvöld í umboði samfélagsins, á að tryggja fólki sem greiðastan aðgang að slíkum gæðum.

En áfengi er ekki grunngæði af því tagi sem enginn á að þurfa að fara á mis við. Áfengi er ávanabindandi og skaðleg munaðarvara sem stjórnvöld hafa ríka ástæðu til að takmarka aðgang að svo lengi sem þau virða frelsi fullveðja einstaklinga til að móta sinn eigin lífsstíl. Núverandi áfengisstefna á Íslandi er góð viðleitni til að virða í senn einstaklingsfrelsi og lýðheilsusjónarmið.

**Vínmenning og áfengi sem grunngæði**

Hvernig gat það gerst að jafnvel skynsamt fólk er farið að tala um áfengi eins og einhver grunngæði er tryggja beri öllum greiðan aðgang að á öllum tímum? Fyrir því eru vafalítið margar ástæður en tvær blasa við. Önnur er sú að verslun er að verða stærri og veigameiri þáttur af lífi okkar og hún yfirgnæfir nú fleiri og fleiri svið mannlífsins. Fulltrúar verslunarinnar vilja vitaskuld að neytandinn hafi aðgang að öllum vörum, allan sólarhringinn, og í þeim efnum eru þeir ekki gefnir fyrir fínar aðgreiningar. Það eru miklir verslunarhagsmunir fólgnir í því að telja fólki trú um að áfengi sé ósköp venjuleg neysluvara.

Hvernig gat það gerst að jafnvel skynsamt fólk er farið að tala um áfengi eins og einhver grunngæði er tryggja beri öllum greiðan aðgang að á öllum tímum?

Hin ástæðan, sem mér sýnist ekki síður veigamikil, tengist orðinu „vínmenning“. Með því að tala um vínmenningu í staðinn fyrir t.d. drykkjuskap, og með því að gefa sér að vínmenning batni með bættu aðgengi, er auðvelt að læða að fólki þeirri firru að samfélaginu beri að tryggja öllum sem bestan aðgang að áfengi. Er ekki allt sem stuðlar að menningu gott?

Í greinargerðinni með áfengisfrumvarpinu sem nú liggur fyrir Alþingi, er hamrað á orðinu „vínmenning“ og þar er m.a. heill kafli undir heitinu „bætt vínmenning“. En hvað skyldi nú vínmenning vera?

Samkvæmt greinargerðinni virðist hún annars vegar vera fólgin í því að drekka vín með mat við sem flest tækifæri. Því oftar sem fólk drekki vín með mat því meiri sé menningin. Hins vegar virðast flutningsmenn frumvarpsins líta á vínmenningu sem andstæðu tarnakenndrar drykkju. Vínmenning hefur að þeirra dómi batnað eftir að sala bjórs var leyfð á Íslandi árið 1989 því tarnadrykkja hafi minnkað. Tarnakennd drykkja muni síðan halda áfram að minnka eftir því sem aðgengi að áfengi batni.

Engin rök eru færð fyrir þessum fullyrðingum. Sá sem heldur að tarnadrykkja standi í öfugu hlutfalli við aðgengi ætti að gera sér ferð í miðbæinn á föstudags- eða laugardagskvöldi. Sá sem heldur að tarnadrykkja muni hverfa með óheftu aðgengi að áfengi ætti að kynna sér drykkjusiði Breta, Frakka, eða Dana. Frakkar hafa nú um stundir miklar áhyggjur af „le binge drinking“, sem þeir nefna einnig „beuverie express“ (hraðdrykkju), og þeir hafa reynt ýmis ráð til að sporna við henni, einkum hjá ungu fólki.

Orðalagið „bætt vínmenning“ er ekki annað en klisja sem notuð er til að kasta ryki í augun á fólki, og beina athygli þess frá kjarna málsins: Að stóraukið aðgengi að áfengi eykur til muna bölið sem af því hlýst og að réttnefnd menning er eitthvað sem bætir mannlífið en gerir það ekki verra.

# Jafnrétti í Reykjavík



Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarfulltrúi og formaður kvennahreyfingar Samfylkingarinnar.

Það er erfitt að breyta menningu og það er erfitt að breyta samfélagi og það er þess vegna sem jafnréttisáætlanir eru svo mikilvægar. Áætlun um hvað við ætlum að gera til að leiðrétta mismunun og hvernig við ætlum að breyta, fræða og fræðast til að fyrirbyggja mismunun í framtíðinni. Það er til dæmis gjörsamlega óskiljanlegt og ólíðandi að konur fái lægri laun fyrir sitt vinnuframlag en karlar, að konur beri umönnunarbyrði samfélagsins í meira mæli og að svo hræðilega algengt sé að konur séu beittar ofbeldi.

**Fjölbreytni**

Nýsamþykkt jafnréttisáætlun Reykjavíkurborgar tekur einnig til þess hvernig jafna má stöðu fólks í Reykjavík út frá fleiri þáttum en kyni. Þar má nefna kynhneigð, upprunaland, aldur, heilsu og fötlun eða bara það sem á einhvern hátt er frábrugðið því sem samfélagið hefur ákveðið að sé norm. Þess vegna er mikilvægt að hugað sé að margfaldri mismunun við ákvarðanir og rekstur borgarinnar.

**Kyngreind gögn**

Við stjórn og stefnumótun borgarinnar er mikilvægt að nýta kynjaða fjárhagsáætlun. Það vinnulag leiðir til betri og réttlátari ákvarðanatöku og Reykjavík er að mörgu leyti til fyrirmyndar að þessu leyti. Það er mikilvægt að fá kyngreind gögn og að við notum jafnréttismat markvisst til þess að geta meðvitað í okkar ákvörðunum stuðlað að auknu jafnrétti kynjanna. Það er líka mikilvægt að gefa út kyngreind gögn eins og mannréttindaskrifstofan hefur gert árum saman þar sem borgarbúar sjá svart á hvítu stöðuna eins og hún er.

**Fræðsla**

Til að koma í veg fyrir að næstu kynslóðir haldi áfram í sama fari eru áherslur á menntamál mikilvægar. Jafnréttisskólinn er fróðleiksbrunnur um jafnrétti í víðum skilningi í skóla- og frístundastarfi og það er gríðarlega mikilvægt að við stöndum vel að kennslu um jafnrétti. Við sjáum að enn hafa börn og ungmenni frekar staðlaðar hugmyndir um hlutverk og hæfileika kynjanna og það er skaðlegt og sorglegt um leið og setur því skorður hvaða nám og starf ungmenni velja sér í framtíðinni og viðheldur kynskiptum vinnumarkaði. Í anda nýsamþykktrar upplýsingastefnu borgarinnar finnst mér tilvalið að við opnum matskerfið sem er síðasta aðgerðin í þessari aðgerðaáætlun fyrir borgarbúum þannig að allir geti fylgst með hvernig vinnu samkvæmt þessari aðgerðaáætlun miðar.

**Sömu laun fyrir sömu vinnu**

Í nýlegri skýrslu um launamun kynjanna hjá Reykjavíkurborg kemur fram að hann er að minnka og það er vel en við verðum að halda þar ótrauð áfram. Það er enginn að segja að stjórnendur meðvitað ákveði að borga konum lægri laun en það gerist eins og sjálfkrafa að framlag karla er metið að meiri verðleikum en framlag kvenna, ósjálfrátt og ómeðvitað – aftur og aftur og aftur, ekki bara í launamálum heldur miklu víðar. Þess vegna þarf róttækar aðgerðir og stöðuga fræðslu.

**Ofbeldi gegn konum er ólíðandi**

Kynbundið ofbeldi er einnig afkvæmi þessa gamla kynjakerfis og er stærsta ofbeldisógn sem til staðar er í samfélaginu. Nýstofnuð ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar mun fylgja eftir aðgerðum til að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi og ég bind miklar vonir við að þar munum við ná árangri.

**Mannréttindaborgin Reykjavík**

Reykjavíkurborg sem stærsta sveitarfélag landsins hefur mikil tækifæri til að hafa áhrif þar sem þjónusta borgarinnar snertir stóran hluta Íslendinga allt frá vöggu til grafar. Það þýðir líka að Reykjavíkurborg ber mikla ábyrgð á ástandinu eins og það er. Það er því á okkar ábyrgð að tryggja að Reykjavíkurborg verði raunverulegt hreyfiafl í baráttunni fyrir jöfnum rétti og tækifærum fólks. Reykjavíkurborg er og á að vera í fararbroddi í mannréttindamálum.

# Aðild almennings að sameiginlegum málum



Haukur Arnþórsson
stjórnsýslufræðingur

Aukin krafa almennings um aðild að samfélagslegri stefnumörkun er mögulega langtímaþróun sem hófst fyrir um 30 árum með tilkomu einkatölva og netsins. Eins og önnur hægfara þróun bar lengi lítið á henni, en á ákveðnum tímapunkti fer hún yfir þröskuld, verður sýnileg og ekki verður framhjá henni gengið.

Þótt margar skýringar séu á miklu fylgi Pírata (m.a. um popúlisma) þá er því haldið fram hér að áhrif netsins geti verið mikilvæg skýring. Ungt fólk ber jafnan fram ný sjónarmið sem gera kröfu um að verða viðtekin. Mikið fylgi gæti sýnt áherslu nýrrar kynslóðar á nýjungar á grundvelli netsins og ekki er víst að hún gangi til baka þótt fylgi Pírata dali.

Áhrif netsins eru m.a. talin vera aukið frelsi, allt frá tjáningarfrelsi og upplýsingafrelsi til frelsis vegna aukins frítíma og valdefli, það að finna fyrir styrk sínum í krafti fjölda.

**Leiðbeiningar**

Nokkrar alþjóðastofnanir hafa leiðbeint um hvernig mæta eigi áhrifum netsins. Svarið er að auka samráð við almenning um sameiginleg mál og mæta réttmætum væntingum hans.

Í nágrannaríkjunum tala fræðimenn m.a. um sænska hugtakið legitimitet (e. legitimacy) sem þýðir að stjórnmálin og stjórnsýslan starfi í takt við vilja almennings. Á íslensku er talað um lögmæti og réttmæti, en þau hugtök eru þó frátekin fyrir annað. Skilningurinn er m.a. sá að fyrirætlanir og gerðir verði legitim ef orðið er við almannavilja og brugðist við réttmætum væntingum. Þær væntingar geta verið á hvaða sviði sem er, svo sem loftlagsmálum, um heilbrigðismál eða hvað annað.

Minnt skal á að tíma hugmyndafræðilegrar baráttu er sennilega lokið en nútíminn gerir kröfur um fræðilega og faglega nálgun og hagkvæmar lausnir.

**Stjórnmál eða stjórnsýsla**

Umboð stjórnmálamanna og embættismanna er að breytast vegna netsins, einkum á Norðurlöndunum og í Evrópuríkjum. Þannig veikist staða stjórnmálanna en stjórnsýslan gengur í endurnýjun lífdaganna með tölvuvæðingu og með því að vinna að og undirbúa mál í sátt við samfélagið. Með þeirri þróun eru alþjóðleg tilmæli um viðbrögð við áhrifum netsins á stjórnmál og stjórnsýslu framkvæmd. Þannig bregðast nágrannasamfélögin við og þar ber ekki mikið á stjórnmálaöflum sem byggja á áhrifum netsins.

Þróunin var í þessa átt hér á landi á árunum eftir 1991 með setningu stjórnsýslulaga og upplýsingalaga. En á síðustu árum hefur jafnvel mátt tala um bakslag í áherslunni á stjórnsýsluna og lítill áhugi er á að auka hlut hennar, hún er veik og stendur sig ekki alltaf vel. Margir vilja að stjórnmálin leysi á nýjan leik flest mál.

**Galdur stjórnsýslunnar**

Við lifum á tímum aukinnar sérhæfingar þar sem háskólar mennta starfsfólk framtíðar og veita því þekkingu til þess að þjóna samfélaginu betur en áður hefur verið gert. Leiðin til að nýta krafta þess er að styrkja stjórnsýsluna og gefa nýju starfsfólki tækifæri á að gera þjóðfélagið betra og sanngjarnara. Galdur stjórnsýslunnar felst m.a. í að henni er skylt að taka mið af reglum (jafnræðisreglu, réttmætisreglu, meðalhófsreglu, rannsóknarreglu o.s.frv.) við úrvinnslu mála og hún á að undirbúa mál vel. Sé það gert veikist staða geðþóttaákvarðana stjórnmálanna, en þær þekkjum við öll og kostnaðinn sem af þeim hlýst. Þessar lagareglur bæta og jafna aðstöðu almennings mjög gagnvart stjórnvöldum og kalla á réttmæta og málefnalega úrlausn mála. Þótt þær gildi enn sem komið er um afmörkuð mál má framkvæma þær við margs konar mál. Slík krafa hvílir ekki á stjórnmálunum.

Óheppilegt er ef lýðræðið hér á landi þróast í aðra átt en annars staðar á Norðurlöndunum vegna áhrifa netsins. Afleiðingar þess eru ófyrirsjáanlegar.

Sú hugmynd að afgreiða megi sameiginleg mál í atkvæðagreiðslum getur brotið í bága við aukna sérhæfingu og veikt kröfuna um faglega uppbyggingu stjórnsýslunnar og gæti jafnvel leitt til enn verri ákvarðanatöku en nú er viðhöfð. Má t.d. hugsa sér að kosið sé um það hvaða aldraðir eigi rétt á vistheimilisplássi eða um opinberar framkvæmdir? Hvort tveggja gæti leitt til ójöfnuðar og brota á stjórnsýslulögum eða öðrum lögum.

**Valkostir stjórnvalda**

Það þarf að svara ríkum vilja ungs fólks og beina áhuga hans í farveg sem bætir samfélagið. Til þess þarf að vinna skipulega að breyttri framkvæmd stjórnmála og stjórnsýslu.

Stjórnvöld virðast hafa tvo valkosti. Annars vegar að fara leið nágrannaríkjanna, efla stjórnsýsluna og samráð hennar við almenning og breyta og bæta undirbúning mála og framkvæma mál sem þau hafa sterkt umboð til og mæta réttmætum væntingum. Hins vegar geta þau tekist á við almenning í landinu t.d. á grundvelli eigin hugmyndafræði og mætt afleiðingum þess. Þær gætu orðið að meirihlutavilji myndaðist um það í samfélaginu að mynda nýjar formlegar valdaleiðir í stjórnkerfinu. Slíkar leiðir, eins og þær voru kynntar af Stjórnlagaráði, myndu veikja eða fella norræna stjórnkerfið okkar.

Óheppilegt er ef lýðræðið hér á landi þróast í aðra átt en annars staðar á Norðurlöndunum vegna áhrifa netsins. Afleiðingar þess eru ófyrirsjáanlegar.

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




**Á uppleið**
**Hinn ungi tískuhönnuður Jonathan Anderson þykir einn efnilegasti hönnuður Bretlands í dag. Hann er tilnefndur til bresku tískuverðlaunanna sem afhent verða í London síðar í mánuðinum.**
**SÍÐA 4**









# EINSTÖK HÁRLÍNA SEM BYGGIR UPP

**VIVISCAL KYNNIR** *einstaka hárvöru sem byggir upp hárið og inniheldur einstaka blöndu próteina úr sjávarfangi sem næra hárið innan frá.*

Viviscal er heildræn lína fyrir hár sem samanstendur af sjampói, næringu, serum fyrir hársvörðinn og bætiefnum í töfluformi til að taka inn. Vörurnar vinna saman að heilbrigðu hári. Þær næra hverja hársrót fyrir sig og stuðla að auknum hárvexti en rannsóknir sýna allt að 125% aukningu í hárvexti eftir 6 mánaða notkun. Viviscal inniheldur einstaka blöndu próteina úr sjávarfangi sem næra hárið innanfrá. Blandan inniheldur einnig fjölda nærandi vítamína, steinefna og jurta fyrir aukinn hárvöxt og heilbrigt hár svo sem C-vítamín, silica, sink, bíótín og níasín.

Viviscal-hárvörurnar eru frábær lausn fyrir þá sem hafa skemmt hár eftir mikla efnameðhöndlun svo sem litun og permanent. Viviscal byggir upp skemmt hár en fjölmargar klínískar rannsóknir sýna fram á virkni Viviscal. Blandan er einnig mjög góð fyrir neglur og húð.

**BÆTIEFNIÐ SEM STJÖRNURNAR NOTA**

Leikkonan Gwyneth Paltrow notaði bætiefnið til uppbyggingar hársins eftir efnameðhöndlun.

„Ég fór í hársléttun með efnameðhöndlun og hárið á mér var algjörlega ónýtt á eftir. Ég byrjaði að taka Viviscal-bætiefnið fyrir 6 mánuðum og munurinn er ótrúlegur!“ (Vogue 2014)

Viviscal er einnig á meðal topp tíu vara sem Reese Witherspoon verður að eiga. „Hárið á mér er mikið blásið og krullað þegar ég er að vinna við kvikmynd. Ég tek þessi bætiefni til að halda því heilbrigðu.“ (In Style Magazine)



REESE WITHERSPOON



GWYNETH PALTROW

**VERÐLAUNAÐAR HÁRVÖRUR SEM VIRKA**
- Viviscal hlaut Image Beauty Awards 2013 sem Best Hair Supplement.
- Best Specialist Hair Shampoo í Social & Personal Magazine Ireland í apríl 2013
- Victoires de la Beauté-verðlaunin árið 2011/12

**20% AFSLÁTTUR**
- Viviscal-vörurnar fást í Lyfju og Apótekinu og eru á 20% kynningarafslætti til 12. nóvember.
- ATH! Bætiefnið hentar ekki þeim sem hafa ofnæmi fyrir fiski eða skelfiski.








GLERAUGU Á HAGSTÆÐARA VERÐI

Allt að 50% ódýrari en sambærileg vara á meginlandi Evrópu*

* Lindberg-umgjörð m/ Hoya Progressive glerjum, 1.6 Index.

Optical Studio
FRÍHÖFN LEIFSSTÖÐ • 425 0500

Ábyrgðar og þjónustuaðilar innanlands:
Optical Studio Smáralind og Optical Studio Hafnargötu/Keflavík

# EINS OG CASINOMAFÍÓSI

*SPURT&SVARAÐ Ásta Fanney Sigurðardóttir kemur fram á Airwaves í Hörpu í kvöld þar sem hún spilar tilraunakennda ljóðatónlist. Hún líkir stíl sínum við mafíósa frá sjöunda áratugnum.*

**Spáir þú mikið í tísku?** Já, ég er alltaf að spá. Það er svo fallegt að maður geti sett út einhvers konar yfirlýsingu með því sem maður klæðist. T.d. kannski að það að vera í blautum fötum geti sagt svona: Hei, Útlendingastofnun, ekki láta alla flóttamennina drukkna, hleypið þeim inn í landið.
**Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?** Casinomafíósi frá 1960 sem er að leika vonda kallinn í myndinni the 5th Element.
**Hverju klæðir þú þig hversdags?** Eins og Neo í Matrix.
**Hvernig klæðir þú þig spari?** Eins og ég sé að fara á skemmtiferðaskip.
**Hvar kaupir þú fötin þín?** Í Ástund og á Ítalíu.
**Eyðir þú miklu í föt?** Það fer eftir því hvort ég á peninga, maður þénar ekkert svo mikla peninga á að semja ljóð.
**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Jane Eyrekjóllinn sem mamma var að sauma á mig.
**Uppáhaldshönnuður?** Alexander McQueen.
**Bestu kaupin?** Vinnumannavestið sem ég keypti í smíðabúð í Lúxemborg, það er með svona 50 mismunandi vösum út um allt.
**Verstu kaupin?** 90's cowboy-jakkinn sem ég keypti á flóamarkaði, hann er með svona hvítum feldflyksum út um allt, ég lít út eins og sjúskuð kanína.
**Hverju verður bætt við fataskápinn næst?** Hinn hæfileikaríki fatahönnuður Tanja Huld Levý er að hanna fyrir mig hvítan geishu-drekabúning fyrir plötu sem ég tók upp í sumar með upptökusnillingnum Kára Einarssyni. Ætli það verði ekki næsta flíkin.
**Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?** Ég á það til að fá æði fyrir einni flík í langan tíma, og er þá bara í henni, alltaf, sef í henni líka.
**Notar þú fylgihluti?** Já, mér finnst gaman að vera með regnhlífar.
**Áttu þér tískufyrirmynd?** Ætli það sé ekki Margrét Iversen, Tilda Swinton og spæjarinn Columbo.
**Hvað er fram undan hjá þér?** Ég er nýkomin frá Feneyjum þar sem ég var að sýna myndlist á tvíæringnum með Sigurði Atla Sigurðssyni. Núna er ég að fara að koma fram á Airwaves í Hörpunni í kvöld, 5. nóvember, kl. 23.10, það veit enginn hérna á Íslandi hvað ég geri, sem gerir allt þetta svo spennandi, ég sagðist spila tilraunakennda ljóðatónlist, en í raun þá veit ég ekkert hvað ég á að kalla þetta, fólk veit ekkert við hverju það á að búast. Gunnar Gunnsteinsson tónskáld ætlar hugsanlega að baða út höndunum þarna með mér, þetta kemur allt í ljós. Svo er ég á leið aftur til Lúxemborgar að syngja í leikriti þar sem tískufrömuðurinn Virginia Ferreira hannaði á mig kjól. Eftir það fer ég til Danmerkur að spila á tilraunakenndri sci-fi tónlistarhátíð. Kannski gef ég út svona eins og eina plötu í millitíðinni, í leyni, og gref hana í jörð á hundrað mismunandi stöðum í Reykjavík, svo getur fólk pantað fjársjóðskort í pósti til að nálgast hana.

## KOSTIR TÍSKUNNAR

„Ég er alltaf að spá. Það er svo fallegt að maður geti sett út einhvers konar yfirlýsingu með því sem maður klæðist. T.d. kannski að vera í blautum fötum geti sagt svona: Hei, Útlendingastofnun, ekki láta alla flóttamennina drukkna ...“



**SKÁLD** Fanney Ásta kemur fram á Airwaves í Hörpu í kvöld. MYND/STEFÁN

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429







OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS
Í dag er opið frá kl 10:00 til 24:00
HAPPDRÆTTI Á STAÐNUM
Skráðu þig í happdrætti á staðnum og þú gætir nælt þér í gjafabréf í ZikZak eða miða á Edduna með Eddu Björgvins
NÓI SÍRÍUS GEFUR GÓÐGÆTI
Nói Síríus mætir og býður gestum upp á gómsætt nammi
30-50% afsláttur
af völdum vörum!
MIÐNÆTUR-SPRENGJA!
FRÁBÆR tilboð og SKEMMTILEG stemning
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
BLÚSSA
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
St. 36-56
LEGGINGS
ÁÐUR 2.990
NÚ 1.990
St. 36-56
PEYSA
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
St. S-XXL
PILS
ÁÐUR 2.990
NÚ 1.990
St. S-XXXL
BOLUR
ÁÐUR 4.990
NÚ 2.990
St. S-XXL
KJÓLL
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.990
St. S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
St. S-XXXL
BOLUR
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
St. S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
St. S-XXXL
TÚNIKA
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
St. S-XXXL
BOLUR
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
St. S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
St. S-XXL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314



Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is





Sérfræðingur frá Dior verður í **Sigurboganum** 5.- 7. nóvember.

Við kynnum nýja haustliti, varaliti, herrailm og **Capture Totale** augnkrem.

SIGURBOGINN



GRÍN, HASAR
OG RÓMANTÍK
Á BÍÓSTÖÐINNI

BÍÓSTÖÐIN ER Í SKEMMTI-PAKKANUM

Bíóstöðin er hluti af Skemmtipakkanum þar sem boðið er upp á kvikmyndir allan sólarhringinn.

365.is | Sími 1817 365




# Á UPPLEIÐ Í TÍSKUHEIMINUM

**FRAMABRAUT** *Hinn ungi tískuhönnuður Jonathan Anderson þykir einn efnilegasti hönnuður Bretlands í dag. Hann er metnaðargjarn og óhræddur við að fara eigin leiðir. Jonathan er einn þeirra hönnuða á framabraut sem tilnefndir eru til bresku tískuverðlaunanna sem kynnt verða í London Coliseum 23. nóvember.*





**VEKUR ATHYGLI** Nýjasta fatalína JW Anderson fyrir vor og sumar 2016 þykir nokkuð framúrstefnuleg.

Jonathan William Anderson eða JW Anderson, eins og hann kallar sig, hefur vakið mikla athygli fyrir jafnréttishugsun, að hanna kynlaus föt, það er fatnað sem bæði konur og karlar geta gengið í. JW fæddist á Norður-Írlandi. Hann er 31 árs og þykir hafa klifið metorðastigann hratt í tískuheiminum. Hann er með fatalínu undir eigin nafni en einnig hefur hann unnið fyrir aðra, til dæmis tískuhúsið Loewe, þar sem hann er listrænn stjórnandi. JW útskrifaðist frá London College of Fashion árið 2005 og hefur verið talinn einn af hæfileikaríkustu ungu tískuhönnuðum í Bretlandi. Hann hefur þegar unnið til nokkurra verðlauna á sínu sviði.

JW þykir nokkuð djarfur að nota herramódel fyrir kvenfatnað, pils og blússur.

Faðir hans var þekktur rugby-leikmaður. JW hafði þó aldrei áhuga á íþróttum eins og faðirinn. Hins vegar á hann marga þekkta aðdáendur í tískuheiminum. JW hefur meðal annars hannað fyrir Rihanna. Tískuritstjórar segja að hann stefni í sömu átt og Karl Lagerfeld, Jean Paul Gaultier og Marc Jacobs en hann hefur einmitt fetað í fótspor þeirra í hönnun á Diet Coke-umbúðum. JW hannaði nýjustu umbúðir fyrirtækisins. Það er gaman að skoða nýjustu fatalínu JW Anderson fyrir vor og sumar 2016, enda þykir hún nokkuð framúrstefnuleg en þó byggð á fagurfræði.

SKÓKAUP
OUTLET
Smáratorgi

# RÝMINGARSALA

## ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR

**Við flytjum frá Grandanum, á Smáratorg í Kópavogi.**
**Opið 11-18 alla daga í takmarkaðan tíma.**



# GOTT ÚRVAL

## AF DÖMU, HERRA & BARNASKÓM

sími: 514-4407 /// e-mail: info@skokaup.is /// www.facebook.com/skooutlet













**UPPÁHALDS** Valkyrjumenin eru í uppáhaldi hjá Lilju.

# VALKYRJAN ER Í UPPÁHALDI

**SKRAUTMEN** *Félagsfræðingurinn Lilja Gunnlaugsdóttir hannar skart, silkiklúta og fleira undir merkinu Skrautmen. Silkið í klútana fær hún frá kínverskri pennavinkonu sinni og roðið frá íslenskri sútunarverksmiðju.*

Lilja Gunnlaugsdóttir hefur lengi haft gaman af handavinnu. Hún prjónar, heklar, saumar út og saumar föt og gerði meira að segja brúðarkjólinn sinn sjálf. Það var samt ekki fyrr en fyrir tveimur árum að hún áttaði sig á að hún gat unnið við að gera það sem henni þykir skemmtilegast. „Við hjónin fluttum aftur á heimaslóðir í Skagafirði þegar maðurinn minn fékk vinnu hjá Fab Lab hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Þar geta allir komið inn af götunni og fengið að prófa alls kyns tæki og vélar til þess að búa til það sem þá lystir, þurfa bara að borga efniskostnað sjálfir. Ég fór að prófa mig áfram með leiserskurðarvélar, síðan fór fólk að spyrja hvort það gæti keypt vörurnar sem ég var að gera, þá prófaði ég að setja þær á Facebook og í kjölfarið sprakk allt hjá mér. Þá skildi ég að ég gæti bara verið að leika mér og það væri vinnan mín.“

**GRÆN FRAMLEIÐSLA**

Lilja bæði hannar og framleiðir allar sínar vörur sjálf. Klútarnir eru úr silki og þvottekta laxaroði og er hver þeirra einstakur. Roðið í þá er unnið í sútunarverksmiðju á Sauðárkróki, Sjávarleðri, en silkið kemur frá vinkonu Lilju í Kína. „Þetta er alveg græn framleiðsla hjá mér en ég kaupi allt silkið af gamalli pennavinkonu minni sem býr rétt fyrir utan Hong Kong. Þau eru með lítið fjölskyldufyrirtæki sem er með græna framleiðslu á öllu silki sem þau eru með. Sagan á bak við kynni okkar er þannig að á fermingarárinu mínu hvatti mamma mig til að fá mér pennavin til að æfa mig að skrifa á ensku. Þessi kínverska stelpa auglýsti í Æskunni, ég skrifaði henni og við höfum verið pennavinkonur síðan. Fyrst skrifuðum við á blað, síðan notuðum við tölvupóst, svo Facebook og Skype. Það er svolítið skrítið að eiga vinkonu hinum megin á hnettinum sem ég hef aldrei hitt nema á Skype,“ segir Lilja og brosir.

**INNBLÁSIÐ AF LÍFINU**

Aðspurð hvað af hönnuninni sé í uppáhaldi nefnir Lilja Valkyrjumenin. „Það er gaman að gera þau og skemmtilegt að fólk kemur oft með beiðnir um sérpantanir í þeim þannig að þá prófa ég aðra liti og samsetningar en ég er vön. Klútarnir eru líka skemmtilegir því þeir eru allir einstakir.“

Innblásturinn að hönnuninni fær Lilja úr lífinu sjálfu. „Ég fæ hugmynd en fatta ekki endilega hvaðan hún kom fyrr en löngu síðar. Allt sem ég geri prófa ég sjálf að nota því stundum er það þannig að maður fær frábæra hugmynd en svo kemur í ljós að hún er ekki góð þegar farið er að nota hana. Þá er oft hægt að laga hana á einfaldan máta og er þá komin betri vara fyrir vikið. Það skiptir mig miklu máli að fólk sé ánægt með það sem það fær frá mér,“ segir Lilja.

liljabjork@365.is



**HÖNNUÐUR** Lilja Gunnlaugsdóttir hannar skart, klúta og fleira undir merkinu Skrautmen.



**FALLEGT SKART** Lilja sækir innblástur að hugmyndum fyrir hönnun sína í lífið sjálft.



CANADA GOOSE ARCTIC PROGRAM
CANADA GOOSE®
TRILLIUM
kr.114.990.-
CHATEAU
kr.119.990.-
SHELBURN
kr.129.990.-
KENSINGTON
kr.129.990.-
VICTORIA
kr.114.990.-
HYBRIDGE
kr.89.990.-
LODGE
kr.99.990.-
CITADEL
kr.129.990.-
CANADA GOOSE
VETRARLÍNAN 2015 ER MÆTT Í HÚS!
SPORTÍS
MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS













**AS WE GROW** Guðrún Ragna Sigurjónsdóttir hönnuður og Gréta Hlöðversdóttir, framkvæmdastjóri As We Grow. Merkið er komið í 45 verslanir í tíu löndum en það var stofnað 2012. Blásið verður til PopUp-markaðar á laugardaginn. MYND/GVA

# FINGRAPRJÓN OG FJÖR Á FISKISLÓÐ

**POPUP-MARKAÐUR/ ÞRJÚ BARNAFATAMERKI** *standa að hressilegum popup-markaði um helgina. As We Grow, Tulipop og Fló taka forskot á jólastemminguna með kennslu í fingraprjóni, andlitsmálningu og piparkökum.*

Þetta er í annað sinn sem við höldum markað. Viðtökurnar í fyrra komu okkur skemmtilega á óvart en þá mætti fjöldi manns og stemmingin var frábær. Við ákváðum því að gera þetta aftur," segir Gréta Hlöðversdóttir, framkvæmdastjóri íslenska barnafatamerkisins As We Grow, en aðstandendur As We Grow blása til PopUp-markaðar um helgina í samvinnu við merkin Tulipop og Fló.

Markaðurinn verður haldinn á vinnustofu Tulipop að Fiskislóð 31 á laugardaginn milli klukkan 12 og 16 og lofar Gréta góðri skemmtun.

„Okkur langaði að gera eitthvað skemmtilegt fyrir yngstu kynslóðina og við verðum með smá forskot á jólin. Það verða piparkökur í boði og léttar veitingar, andlitsmálning fyrir börnin og kennsla í fingraprjóni. Svo verður veglegur vinningur fyrir heppinn gest. Það verður einnig hægt að gera góð kaup en þarna verða ýmis góð tilboð og sala á sýniseintökum. Það er komin mikil jólastemming í okkur," segir Gréta.

Ásamt Grétu standa að barnafatamerkinu As We Grow Guðrún Ragna Sigurjónsdóttir og María Th. Ólafsdóttir hönnuðir. Merkið var sett á laggirnar fyrir þremur árum og hefur vaxið hratt.

„Í dag er As We Grow í fjörutíu og fimm verslunum í tíu löndum. Við vorum í Japan á sýningum í ágúst og september síðastliðnum og bara þar í landi er As We Grow komið inn í sautján verslanir. Nú erum við að hanna fyrir næsta vetur og þær vörur verða kynntar á sýningu í París í janúar," segir Gréta. „Við hönnum alltaf undir sömu formerkjum, gæði, falleg hönnun úr fyrsta flokks garni og flíkurnar framleiddar við góðar aðstæður.

Sá hópur fer alltaf stækkandi sem velur vörur sem standa fyrir sjálfbærni og umhverfisvitund."



**KRÚTT** „Fred er krúttlega skógardýrið sem þráir að vera ógnvaldur Tulipop en það sem stendur honum fyrir þrifum í þeim efnum er að hann er alltof góður inn við beinið." MYND/TULIPOP



**TULIPOP** Vörur Tulipop verða á markaðnum, púsluspil, skólatöskur, veggspjöld og lampinn Bubble. MYND/TULIPOP



**VINSÆLT** As We Grow er vinsælt í Japan en þar er merkið komið inn í sautján verslanir. MYND/VIGFÚS BIRGISSON



**PRJÓNALÍNA** As We Grow hannar prjónaföt á börn. MYND/VIGFÚS BIRGISSON

## Vélsleðar


SR Viper M-TX
árg. 2016



Verð frá
kr. 2.690.000,-
FORKAUPSTILBOÐ:
200.000 króna inneign
Gildir til 20. nóvember
YAMAHA
Klettháls 3
sími 540 4900
yamaha.is


## Hjólbarðar


VAKA




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**
Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**INNIMÁLUN**
Get bætt við mig verkum innandyra í vetur. Vönduð vinnubrögð, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málarameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896 5778

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss, uppslátt og fl. Áratuga reynsla. S. 867 7753


VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?



JÁ IÐNAÐARMENN
Við þjónustum þig með lítil sem stór verk.
Tímavinna eða tilboð.
Sími 544-4444 / 777-3600
www.jáiðnaðarmenn.is


## Hljóðfæri

**STILLI OG GERI VIÐ PÍANÓ OG FLYGLA.**
Er á Íslandi 15.-22. nóvember. Gustavo Tomás. Netfang: alaniztomas@gmail.com

## Nudd

Eru mjaðmirnar slæmar, axlir, mjóbak og fætur? Þá hjálpum við. Nuddstofan Jera, s. 659 9277.

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar


Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristallaála með leiðsögn að handan
562 8211


**SÍMASPÁ 555 2927**
Draumaráðningar, fyrirbænir. Opið frá 13 Hanna s. 847 7596

Spái í spil, er farin að taka fólk heim, spái einnig í gegnum síma. Tímapantanir í s. 445 8787. Geymið auglýsinguna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.






## Verslun






**NÝ SENDING KOMIN!**
WE-VIBE IV - Unaðstæki ársins fyrir pör mörg ár í röð. Viamax fullnægingarkremið sem virkar, 50 Shades of Grey vörurnar og allt það vinsælasta í dag. Millifærsla, greiðslukort og netgíró.Sendum um allt land www.hush.is




Parasett - 4 hlutir
5.990,-kr
EROS
erotic store
www.eros.is
Lágmúli 7



skartgripir.is
Sími: 699 8224


# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Atvinnuhúsnæði

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubil í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464


# RISA SÝNINGARSALUR

## MEÐ NOTUÐUM FARATÆKJUM OG FERÐAVÖGNUM - ALLTAF GÓÐ VERÐ.




**SUZUKI Grand vitara**. Árgerð 2006, ekinn 192 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.390.000**. Rnr.301949. **Tilboðsverð 1.190 þús**.
100% LÁN




**NISSAN X-trail**. Árgerð 2007, ekinn 106 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.480.000**. Rnr.302025. **Tilboðsverð 1,400 þús**.
100% LÁN




**FORD F350 super duty crew 4x4**. Árgerð 2007, ekinn 100 Þ.MÍLUR, dísel, sjálfskiptur. **Verð 2.600.000**. Rnr.301857. **Tilboðsverð 2,1 millj**.
100% LÁN




**DACIA Duster 4x4**. Árgerð 2013, ekinn 77 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 2.590.000**. Rnr.106809. **Tilboðsverð 2.350 þús**.
100% LÁN




**DACIA Duster 4x4**. Árgerð 2014, ekinn 91 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 2.830.000**. Rnr.106818. **Tilboðsverð 2,6 millj**.
100% LÁN




**HYUNDAI Tucson 4x4**. Árgerð 2007, ekinn 135 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.290.000**. Rnr.301936. **Tilboðsverð 1.090 þús**.
100% LÁN




**HYUNDAI I30 comfort**. Árgerð 2012, ekinn 72 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 2.590.000**. Rnr.301988. **Sparibaukur 2,4 millj í dag**.
100% LÁN



**HYUNDAI I20 classic**. Árgerð 2014, ekinn 54 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.780.000**. Rnr.302032. Frábært verð.
100% LÁN



**KIA Rio lx 1.4**. Árgerð 2015, ekinn 34 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 2.280.000**. Rnr.302033. Frábært verð.
100% LÁN




**RENAULT Kangoo**. Árgerð 2011, ekinn 93 Þ.KM, dísel, 5 gírar. **Verð 1.440.000**. Rnr.301939. **Tilboðsverð 1.250 þús m/vsk**
100% LÁN




**SUZUKI Grand vitara prem-n (navi. cruise,a/c,álf.)**. Árgerð 2014, ekinn 80 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 4.490.000**. Rnr.302028. **Tilboðsverð 3.590 þús**.
100% LÁN




**TOYOTA Rav4 vx 2.2 dísel**. Árgerð 2014, ekinn 22 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 6.390.000**. Rnr.301869. **Tilboðsverð 5.990 þús**.
100% LÁN




**TOYOTA Land cruiser 120 vx**. Árgerð 2003, ekinn 256 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.970.000**. Rnr.302018. **Tilboðsverð 1.750 þús**.
100% LÁN

STOFNAÐ 1998
PLANIÐ
bílasala
5170000

**Opnunartímar: Mán – fös 10-18 • Lau. 12-16 • Sun. Lokað**
**Korputorgi - www.planid.is – Sími 517 0000**

**ALLT AÐ 100% FJÁRMÖGNUN Í BOÐI**

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-10 fm. Tilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**GINGER**

**ERTU AÐ LEITA AÐ VINNU?/ LOOKING FOR A JOB?**
Ginger óskar eftir starfsfólki í hlutastarf, ca. 50% alla virka daga frá 10:30-15:00 Ef þú ert 18 ára eða eldri og reyklaus sendu þá ferilskrá á netfangið brynja@ginger.is eða kíktu við í Ginger Síðumúla 17 milli kl. 14-16 alla virka daga.

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

Maður vanur bílaviðgerðum, trailer, gröfum og rafvirkjun óskar eftir vinnu. Er með AD réttindi og vinnuvélaréttindi. Búsettur í Njarðvík en allt kemur til greina. S. 615 0628.

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

Makaskipti? Swinging? Þríhyrningasr? Cuckold? Íslendingar.eu bjóða upp á frábær samskiptatækifæri - frítt, að sjálfsögðu. Allar upplýsingar hér: Makaskipti.eu

**ÍSLENDINGAR.EU**
Ertu í makaleit? Langar þig á stefnumót? Ertu með frjálslynda hugsun? Íslendingar.eu bjóða upp á frábær samskiptatækifæri - frítt, að sjálfsögðu. Líttu við! Islendingar.eu

Nýr og djarfur íslenskur samskiptavefur. Íslendingar.eu.




# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?**
Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.
**Formbólstrun**
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

**Er vandamál með neysluvatnið?**
Við ástandsskoðun, hreinsum og fóðrum neysluvatnslagnir.
HREINAR LAGNIR
Varanlega vörn gegn tæringu, ryðmyndun, stíflu og leka.
S: 519-6480
hreinarlagnir.is

**Vantar þig smiði, múrara, málara...**
PROVENTUS Starfsmannaþjónusta
proventus.is
782 8800

**FIAT VARAHLUTIR S. 5 400 800**
CHRYSLER Jeep

**sauna.is**
Fjárfesting í vellíðan

EYJALIND
JLG
**Skotbómulyftarar og vinnulyftur**
- Sala, ný og notuð tæki
- Varahlutir
- Þjónusta
Vertu vinur okkar á Facebook
S: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Iveco**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

**VARAHLUTIR**
Iveco • Benz • Man • Renault
*Varahlutaþjónusta*
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**
- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

- Jarðvegsvinna
- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Húsarif
- Öll almenn verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN • BORUN • BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
brotafl@simnet.is

**Eftirlitsmyndavél fyrir sumarbústaði og heimili.**
- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

XPRENT - hönnun og merkingar
**LJÓSMYNDA- OG STRIGAPRENTUN**
*Hágæðaprentun með ljósmyndaendingu*
PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | SKILTAGERÐ | XPRENT.IS
Sundaborg 1 - 104 Reyjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## fasteignir

**domus** Linda B Stefánsdóttir löggiltur fasteignasali



### Bræðraborgarstígur 7 – 101 RVK






**Opið hús í dag**
**milli kl. 17:30 – 18:00**

Glæsileg 107,4 fm. mikið endurnýjuð íbúð á 4. hæð (bjalla Ásgeir) í góðu lyftuhúsi á einum af vinsælustu stöðunum í 101 Reykjavík. **Verð: 53,9 millj.**

Umsjón Elsa sími 664-6013 nemi í löggildingu fasteignasala

www.domus.is

### Stærsti fasteignavefur landsins



fasteignir.is á visir.is

LIND FASTEIGNASALA / 510 7900 — Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is



### Bauganes 19A
101 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 219 fm
FJÖLDI HERBERGJA: 5

**Viltu byggja einbýlishús í grónu hverfi. Einbýlishúsalóð með öllum teikningum í Skerjafirði.Eignarlóð stærð 445 fm, byggingaréttur fyrir 219 fm húsi. Fyrirliggjandi verkfræðiteikningar.**

**0 KR**



*Heyrumst*
**Hannes Steindórsson**
Löggiltur fasteignasali
Sölustjóri
› 699 5008
› hannes@fastlind.is



*Heyrumst*
**Þórunn Gísladóttir**
Löggiltur fasteignasali
› 510 7900
› thorunn@fastlind.is

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

LIND FASTEIGNASALA / 510 7900 — Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

**OPIÐ HÚS** › 5. nóv 18:00 – 18:30



### Stakkholt 4a
105 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 125-133 fm
FJÖLDI HERBERGJA: 4

**Gott aðgengi fyrir hjólastóla, breiðar hurðir, rafmagnshurðaopnarar. Fullbúnar íbúðir, tilbúnar til afhendingar. Fjórar íbúðir eftir í þessu fallega húsi.**

**47.000.000 - 59.000.000 KR**



*Heyrumst*
**Gunnar Valsson**
Aðstoðarm. fasteignasala
› 699 3702
› gunnar@fastlind.is



*Heyrumst*
**Hannes Steindórsson**
Löggiltur fasteignasali
Sölustjóri
› 699 5008
› hannes@fastlind.is

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

**Mýrdalshreppur**
**Fulltrúi skipulags – og byggingarmála**

### Auglýsing um skipulagsmál í Mýrdalshreppi

Auglýst er lýsing aðalskipulagsbreytingar vegna austurhluta Víkurþorps samkv.30gr.skipulagslaga nr123/2010. Viðfangsefni breytingarinnar er að stækka iðnaðarsvæði sunnan Austurvegar (I1 og I2) búa til nýtt svæði fyrir verslun og þjónustu norðan Austurvegar. Einnig að færa hringtorg til austurs og nýja veglínu þjóðvegar 1 sunnan við verslun og þjónustusvæði sem er merkt V5 í gildandi aðalskipulagi, stækkað íbúðasvæði og nýr varnargarður til suðurs.

Auglýst er deiliskipulagstillaga vegna vesturhluta Víkurþorps samkv. 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Um er er að ræða aðra auglýsingu eftir breytingar sem gerðar voru við áður auglýsta tillögu. Í þeim felst að Halldórsverslun færist til innan skipulags auk þess sem skilgreind er ný lóð fyrir spennistöð RARIK. Tilgangur skipulagsins er að skilgreina betur notkun svæðisins og framtíðarsýn, lóðarstærðir og aðgengi að lóðum.

Lýsing skipulagsverkefnis og deiliskipulagstillaga liggja frammi hjá fulltrúa skipulags-og byggingarmála í Mýrdalshreppi á skrifstofu Mýrdalshrepps, Austurvegi 17, 870 Vík og á heimasíðu Mýrdalshrepps www.vik.is. Opið hús verður hjá fulltrúa skipulags-og byggingarmála á skrifstofu Mýrdalshrepps Austurvegi 17. mánudaginn 9. nóvember 2015 á milli kl. 12-15 þar sem hægt verður að koma á framfæri ábendingum og fá svör við spurningum vegna lýsingar aðalskipulagsbreytingar. **Athugasemdafrestur við lýsingu er til 20.nóvember 2015.**

Athugasemdafrestur vegna deiliskipulagstillögu er til 18.desember 2015. Athugasemdum og umsögnum skal skilað inn skriflega til fulltrúa skipulags –og byggingarmála Austurvegi 17, 870 Vík eða á tölvupósti á bygg@vik.is

**Vigfús Þ. Hróbjartsson**
**Fulltrúi skipulags-og byggingarmála**
**Skaftár-og Mýrdalshreppi.**

Sveitarfélagið ÁRBORG

### Auglýsing
### Um tillögu að deiliskipulagsbreytingu Austurbyggðar á Selfossi

Samkvæmt 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagsbreytingu íbúðarsvæðisins að Austurbyggð á Selfossi.

Deiliskipulagsbreytingin felst í því að einbýlishúsalóðum á reitum H,I,J,K og L er breytt í raðhúsa og parhúsalóðir. Einnig eru botnlangar og götuhnikkir aðlagaðir fyrirhuguðum lóðabreytingum. Ákvæði um lágmarksstærð einbýlis, par-og raðhúsa er feld niður.

Teikning ásamt greinargerð, vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulag – og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi frá og með fimmtudeginum 5. nóvember 2015 til og með fimmtudeginum 17. desember 2015.

Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út fimmtudaginn 17. desember 2015 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67 , 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangið bardur@arborg.is

***Bárður Guðmundsson***
***Skipulags og byggingarfulltrúi***
***Árborgar.***

**ÞAÐ ER LÍKLEGRA AÐ ÞÍN EIGN VERÐI SELD EF HÚN ER Á SÖLUSKRÁ HJÁ OKKUR**

LUNDUR FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 10 - 2.hæð • 108 Reykjavík
533-1616



*Karl Gunnarsson*
*lögg. fasteignasali*
*s. 898 2102*



*Kristján P. Arnarsson*
*lögg. fasteignasali*
*s. 896 1188*



*Björn Stefánssson*
*sölufulltrúi*
*s. 698 9056*



*Unnur Karen*
*Karlsdóttir*
*s. 848 6352*

**ÞÚ BORGAR EKKERT EF VIÐ SELJUM EKKI.**
**HRINGDU NÚNA OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ.**
**Sími 533 1616 • Þjónustusími 891 9916**
**www.lundur.is • lundur@lundur.is**

**Við erum alltaf við. Ef við erum ekki inni við - þá erum við úti við. Þjónustusíminn er 891 9916**


netto
DANSKIR DAGAR
25%
AFSLÁTTUR
FERSKT LAMBA PRIME
VERÐ ÁÐUR
3.998 KR/KG
2.999 KR KG
KJÖTSEL
39%
AFSLÁTTUR
HAMBORGARHRYGGUR
VERÐ ÁÐUR
1.798 KR/KG
1.097
KJÚKLINGABRINGUR
Í DANSKRI PIPARMARINERINGU
VERÐ ÁÐUR
2.384 KR/KG
2.098 KR KG
KJÖTSEL
PURUSTEIK
VERÐ ÁÐUR
1.798 KR/KG
1.079 KR KG
40%
AFSLÁTTUR
Danpo
mad med glæde
KJÚKLINGANAGGAR
1 KG
1.698 KR PK
KJÚKLINGALEGGIR
2 KG
798 KR PK
KJÚKLINGABORGARAR
1 KG
2.298 KR PK
KJÚKLINGALÆRI
M/BEINI
1.249 KR PK
KJÚKLINGAPOPP
1.798 KR PK
Dansk Smørrebrød
SMURBRAUÐ 2 STK
898 KR PK
10%
AFSLÁTTUR
KIMS SNAKK
JOLLY COLA
33 CL
99 KR STK
Tilboðin gilda 5. – 15. nóvember 2015
netto.is | Mjódd · Salavegur · Búðakór· Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |




**Árið var frábært fyrir Glódísi Perlu sem ætlar sér að vinna fleiri sigra á knattspyrnuvellinum á komandi árum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Lykilatriði að manni líði vel

Glódís Perla Viggósdóttir hefur átt frábært ár. Þessi sterki varnarmaður er orðinn lykilmaður, bæði með félagsliði sínu í Svíþjóð sem og íslenska landsliðinu, þrátt fyrir að vera rétt að hefja atvinnumannsferilinn.

**FÓTBOLTI** Þrátt fyrir að hafa rétt svo misst af sænska meistaratitlinum má varnarmaðurinn Glódís Perla Viggósdóttir vera afar sátt við knattspyrnuárið sem er að baki. Hún lék sitt fyrsta tímabil í atvinnumennsku og var lykilmaður í óvæntri velgengni Eskilstuna United sem barðist um titilinn við öflugt lið Rosengård fram í lokaumferð tímabilsins.

Glódís Perla er einnig orðinn lykilmaður í íslenska landsliðinu þar sem hún spilar stórt hlutverk í vörn Íslands. Vörn sem hefur haldið hreinu í öllum þremur leikjum sínum í undankeppni EM 2017 til þessa.

Árangur hennar í Svíþjóð er ekki síður glæsilegur en Eskilstuna fékk á sig fæst mörk allra liða í deildinni, fimmtán talsins, og hélt hreinu í tólf leikjum af 22.

**Beið eftir þjálfaranum**

„Fyrir varnarmann er það sigur út af fyrir sig að halda hreinu. Það er frábær tilfinning,“ segir Glódís Perla í samtali við Fréttablaðið. Hún er nú komin heim til Íslands í frí en hún heldur aftur utan eftir áramót, enda nýbúin að framlengja samning sinn við Eskilstuna.

„Ég tek mér tíu daga frí frá öllum æfingum en byrja svo að æfa sjálf,“ segir þessi samviskusami íþróttamaður. Hún segir að það hafi í raun staðið lengi til að framlengja samninginn við Eskilstuna en að hún hafi beðið með að skrifa undir þar til að þjálfaramál liðsins komust á hreint.

„Þegar þjálfarinn okkar ákvað að vera áfram þurfti ég ekki að hugsa mig um,“ segir hún en í síðustu viku ákvað Viktor Eriksson að halda áfram sem þjálfari liðsins, aðeins nokkrum vikum eftir að hann hafði gefið út að hann myndi stíga til hliðar í lok tímabils.

**Var hikandi fyrir fyrsta leikinn**

Eriksson náði frábærum árangri með Eskilstuna en liðið gaf tóninn með 1-0 sigri á sterku liði Linköping í fyrstu umferð tímabilsins. Aðeins viku áður ákvað þjálfarinn skyndilega að láta liðið prófa að spila leikkerfið 3-5-2, með Glódísi Perlu hægra megin í varnarlínunni.

„Það gekk svo vel að við héldum okkur við það allt tímabilið,“ segir Glódís Perla sem viðurkennir þó að hún hafi verið hikandi fyrir fyrsta leikinn. „Þetta er kerfi sem ég hafði aldrei spilað áður. En þetta gekk svo mjög vel strax frá fyrsta degi og ég kann mjög vel við að vera í þessu hlutverki. Það gefur mér aðeins meira frelsi til að bera boltann upp og hlaupa meira.“

**Mikill áhugi í bænum**

Eskilstuna var svo í titilbaráttu allt tímabilið sem fyrr segir. Liðið tapaði aðeins fjórum leikjum allt tímabilið en svo vildi til að það var í báðum leikjum liðsins við Rosengård (1. sæti) og Piteå (3. sæti). Eskilstuna hefði dugað sigur gegn Linköping (4. sæti) í lokaumferðinni til að tryggja sér titilinn en varð að sætta sig við markalaust jafntefli og silfurverðlaunin.

„Við vorum svo nálægt þessu að það var grátlegt,“ segir hún um titilbaráttuna. „Það var gaman hversu vel liðinu gekk í sumar því fyrirfram var talið að við ættum að vera bara miðlungslið. Þetta var því súrsæt tilfinning í lokin.“

**Hrósið stígur mér ekki til höfuðs**

Frammistaða hennar með landsliðinu hefur einnig vakið athygli en á dögunum lét Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari, þau orð falla í viðtali við Fótbolta.net að Glódís Perla væri besti miðvörður sem hann hefði séð.



„Það var auðvitað mjög gaman að lesa þetta,“ segir hún. „Ég verð bara að passa að láta þetta ekki stíga mér til höfuðs og nýta þetta til að gera enn betur,“ bætir hún við af mikilli hógværð.

Ísland fer afar vel af stað í undankeppni EM 2017 og hún segir að leikmenn landsliðsins nái afar vel saman, rétt eins og leikmenn Eskilstuna í Svíþjóð.

„Þetta er frábær hópur [í landsliðinu]. Það er mjög gaman í ferðunum hjá okkur og við vitum hvenær við eigum að vera alvarlegar og hvenær við megum skipta yfir í grínið. Við höfum fundið fyrir því að við höfum bætt okkur í hverjum einasta leik og það er mikilvægt,“ segir hún.

„Það er eins með Eskilstuna, það ríkir afar sterkur liðsandi þar. Og maður spilar alltaf betur ef manni líður vel. Ég held að það hafi verið lykillinn að velgengni okkar í sumar.“

**eirikur@frettabladid.is**

## Stöðvaðar á röltinu

Glódís Perla Viggósdóttir segir að sér líði afar vel í Eskilstuna, sem er í um klukkustundarfjarlægð frá Stokkhólmi. Bæjarbúar hafi hrifist með liðinu í sumar og sýnt því mikinn áhuga. Svo mikinn Glódís Perla og liðsfélagar hennar gátu ekki gengið um götur bæjarins án þess að vera hvattar áfram af bæjarbúum.

„Við vorum með meira en tvö þúsund manns á hverjum einasta leik í sumar og svo voru 6.500 manns á leiknum í lokaumferðinni. Ég hef ekki einu sinni spilað fyrir framan svo marga í landsleik.“

**Domino´s deild kvenna í körfubolta**

**Valur - Haukar 73-79**
**Stigahæstar:** Karisma Chapman 36/18 frák., Guðbjörg Sverrisdóttir 12/9 frák./6 stoðs. - Helena Sverrisdóttir 16/12 frák./10 stoðs., Pálína María Gunnlaugsdóttir 15, Sylvía Rún Hálfdanardóttir 15.

**Snæfell - Grindavík 60-83**
**Stigahæstar:** Whitney Frazier 28/17 frák., Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 9, Ingunn Embla Kristínardóttir 8 - Gunnhildur Gunnarsdóttir 26, Haiden Denise Palmer 21

**Hamar - Stjarnan 64-81**
**Stigahæstar:** Suriya McGuire 20, Nina Jenný Kristjánsdóttir 14 - Chelsie Schweers 41, Margrét Kara Sturludóttir 16/25 frák./5 stoðs., Bryndís Hanna Hreinsdóttir 11.

Haukakonur unnu fimmta leikinn í röð og Helena Sverrisdóttir var með þrennu þriðja leikinn í röð.

**Meistaradeildin**

**E-riðill**
**Barcelona - BATE 3-0**
1-0 Neymar, víti (30.) 2-0 Luis Suárez (60.), 3-0 Neymar (82.)
**Roma - Leverkusen 3-2**
**Stig liða:** Barcelona 10, Roma 5, Leverkusen 4, Bate 3.

**F-riðill**
**B. München - Arsenal 5-1**
1-0 Robert Lewandowski (10.), 2-0 Thomas Müller (29.), 3-0 David Alaba (44.), 4-0 Arjen Robben (55.), 4-1 Olivier Giroud (69.), 5-1 Thomas Müller (89.).
**Olympiakos - D. Zagreb 2-1**
0-1 Armin Hodzic (21.), 1-1 Felipe Pardo (65.), 2-1 Felipe Pardo (90.). Alfreð Finnbogason kom inná sem varamaður á 81. mínútu og Olympiakos skoraði sigurmarkið níu mín. síðar.



**Stig liða:** Bayern 9, Olympiakos 9, Zagreb 3, Arsenal 3.

**G-riðill**
**Chelsea - Dynamo Kiev 2-1**
1-0 Sjálfsmark Aleksandar Dragovic (34.), 1-1 Dragovic (78.), 2-1 Willian (83.).
**Maccabi Tel Aviv - Porto 1-3**
**Stig liða:** Porto 10, Chelsea 7, Kiev 5, Mac 0.

**H-riðill**
**Gent - Valencia 1-9**
**Lyon - Zenit 0-2**
**Stig liða:** Zenit 12, Valencia 6, Gent 4, Lyon 1. Zenit er komið áfram.

FLÓTTI FRÁ STJÖRNUNNI

Salvadorinn Pablo Punyed varð í gær þriðji lykilmaðurinn sem yfirgefur Stjörnuna eftir tímabilið en hann samdi við ÍBV. Áður hafði Gunnar Nielsen farið í FH og Michael Præst til KR.

„Þetta tengist félaginu ekkert eins og Gunnar Nielsen og Michael Præst töluðu um. Við erum allir bara að leita að nýjum áskorunum. Við vorum allir ánægðir í Stjörnunni,“ sagði Punyed í viðtali við Vísi en hann fékk tilboð frá Stjörnunni. „Það var ekki tilboð sem ég vildi. Við reyndum að semja en það gekk ekki upp,“ sagði Punyed.




## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 17.55 | R.Kazan - Liverpool | Sport |
| 17.55 | Celtic - Molde | Sport 3 |
| 20.00 | Belenenses - Basel | Sport 3 |
| 20.00 | Tottenham - Anderl. | Sport |
| 19.15 | Njarðvík - Tindast. | Njarðvík |
| 19.15 | Snæfell - Keflavík | Stykkish. |
| 19.15 | Stjarnan - Grindav. | Ásgarður |
| 19.15 | Þór Þ. - ÍR | Þorláksh. |


ALBERT R. BROCCOLI'S EON PRODUCTIONS PRESENTS DANIEL CRAIG
AS IAN FLEMING'S JAMES BOND 007 IN
SPECTRE
007
FORSALA HAFIN Á midi.is, SAMbio.is OG eMiði
FRUMSÝND 6. NÓVEMBER
Lenovo
EIMSKIP

# Væri algjör haugur ef ég hefði byrjað ferilinn í Ungverjalandi

**Aron Pálmarsson segist njóta lífsins í botn hjá ungverska liðinu Veszprém og segir það vera lúxuslíf. Það er hugsað um allt fyrir íslenska landsliðsmanninn sem þarf ekki einu sinni að ná í mömmu og pabba út á flugvöll. Hann er svo með aðgang að skútum forseta félagsins.**

Henry Birgir Gunnarsson
henry@frettabladid.is






Aron hefur verið að spila vel fyrir Veszprém upp á síðkastið og hann er hér að fagna með Laszlo Nagy, fyrirliða liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**HANDBOLTI** „Ég kann ekkert í ungversku og það er engin pressa á mér að læra hana. Það er töluð enska á æfingum og svo tala margir í liðinu þýsku. Það dugar alveg og ég reikna nú ekki með því að læra ungverskuna,“ segir Aron Pálmarsson en hann ákvað að breyta um umhverfi síðasta sumar.

Þá yfirgaf hann þýska stórliðið Kiel, eftir sex ára dvöl þar, og fór til ungverska meistaranna í Veszprém. Það er einnig stórlið sem fór alla leið í úrslit Meistaradeildarinnar á síðustu leiktíð.

**Býr í ferðamannaparadís**

„Ég kann mjög vel við mig í Ungverjalandi. Lífið utan handboltans er yndislegt. Ég bý við Balaton-vatnið sem er aðeins fimmtán mínútur frá Veszprém. Það er frábær staður,“ segir handboltastjarnan brosandi en hann býr þar í glæsilegu húsi. Balaton-vatnið er mikil paradís og vinsæll sumarleyfisstaður þannig að það væsir ekki um okkar mann þar.

„Ég er búinn að koma mér virkilega vel fyrir þar en þetta er aðeins að breytast í draugabæ núna þar sem sumarið er búið. Svo tekur mig aðeins klukkutíma að keyra til Búdapest og ég er mikið þar.“

Leikmenn Veszprém eru frá níu þjóðlöndum og þjálfari liðsins, Xavi Sabate, er Spánverji og sá ágæti maður verður seint sakaður um of mikla enskukunnáttu. Leikhléin hjá liðinu fara fram á ensku og eru oft á tíðum algjörlega kostuleg.

**Tala ensku eins og sex ára**

„Það er einn Svíi með mér í liðinu og við Skandínavar erum yfir höfuð nokkuð góðir í ensku. Þar sem fáir eru þannig hefur maður þurft að kúpla sína enskukunnáttu niður og nánast tala eins og sex ára svo maður sé skiljanlegur. Þetta er pínu erfitt og stundum hefur maður nánast drepist úr hlátri á fundum. Þetta venst þó merkilega vel. Ég skil þjálfarann stundum og stundum ekki. Aðalhlutirnir komast þó til skila.“

Eins og áður segir er Veszprém stórlið og þar er gerð krafa um árangur. Það fékk fráfarandi þjálfari liðsins, Antonio Carlos Ortega, að reyna er hann var rekinn eftir að liðið gerði jafntefli í fyrsta leik sínum í Meistaradeildinni. Það var í lok september. Aðstoðarmaður hans, Sabate, tók við og leit að nýjum þjálfara stendur enn yfir.

„Þetta var mjög sérstakt því hann hafði komið liðinu í úrslitaleik Meistaradeildarinnar nokkrum mánuðum áður. Það voru einhverjir leikmenn sem voru ekki of sáttir við þetta. Ég persónulega var nú ekkert að gráta þetta þar sem hann notaði mig lítið í byrjun tímabilsins,“ segir Aron og glottir en bætir við að Ortega hafi verið fínn náungi engu að síður.

„Þeir verða að fara að gera eitthvað í þessu. Sabate er ekkert kominn til að vera. Hann vill ekkert vera aðalþjálfari. Var með Ortega og maður sér að honum líður ekkert allt of vel. Það er sérstakt umhverfi að vinna undir þessum köllum og hann er kannski ekki alveg tilbúinn í það.“

**Þarf ekki að hugsa um neitt**

Aron viðurkennir að hraðinn á öllu og allt umhverfið í kringum handboltann hjá Veszprém sé ansi ólíkt því sem hann átti að venjast hjá Kiel.

„Það er allt miklu hægara og rólegra hér. Í Þýskalandi var alltaf allt á fullri ferð. Þetta á ágætlega við mig en ég er mjög þakklátur fyrir að hafa byrjað í Þýskalandi en ekki Ungverjalandi. Ég væri algjör haugur ef ég hefði byrjað í Ungverjalandi,“ segir Aron og hlær dátt. Hann er þakklátur fyrir það uppeldi sem hann fékk hjá Kiel áður en hann fór í ljúfa lífið í Ungverjalandi. Hjá Veszprém er hugsað um allar þarfir leikmannsins.



„Í Þýskalandi fékk maður launin sín og svo fór maður að greiða reikningana sína. Borga húsnæðis- og bílalán sem og annað. Ég hef ekki fengið einn póst eftir að ég flutti til Ungverjalands. Jú, reyndar hef ég fengið tvö bréf. Þau voru frá þýska tryggingafyrirtækinu mínu,“ segir skyttan og hlær. Hann kann því greinilega vel að hugsað sé um hann.

„Þeir borga alla reikningana og svona. Þeirra heimspeki er sú að leikmaðurinn eigi ekki að þurfa að standa í neinu óþarfa veseni. Ég er til að mynda búinn að fá nokkrar heimsóknir frá vinum og fjölskyldu en hef aldrei þurft að fara út á flugvöll. Þeir sjá bara um þetta. Þeir vilja að ég slaki sem best á og geti bara hugsað um handboltann. Þetta á betur við mig og ég fíla þetta hrikalega vel en sem betur fer byrjaði ég ekki í þessu.“

**Duglegur í heilsulindunum**

Miðað við dekrið á landsliðsmanninum þá hefur hann nægan frítíma. Hann er ekki með fjölskyldu heldur og því er eðlilegt að spyrja hvað hann geri við allan þennan frítíma?

„Ég fer oft eftir morgunæfingar til Búdapest og er þar kannski yfir nótt. Keyri svo eldsnemma morguninn eftir á æfingu. Ég og Svíinn Andreas Nilsson erum mikið saman. Erum báðir einir og á sama aldri. Við náum helvíti vel saman og erum duglegir að gera eitthvað saman. Hvorugur okkar hefur afsökun fyrir því að komast ekki eitthvað,“ segir Aron og hann hefur líka verið duglegur að njóta ljúfa lífsins við Balaton-vatnið.

„Maður hefur verið duglegur að fara í heilsulindirnar þarna á hótelunum og hugsa um líkamann. Svo á forseti félagsins nokkrar skútur við vatnið og við megum alltaf fara á þær ef þær eru á lausu. Ég er búinn að fara nokkrum sinnum út á vatnið með honum. Ég get ekki neitað því að þetta er lúxuslíf. Ég get alls ekki kvartað.“

Fyrir utan allt þetta er miklu minna leikjaálag í Ungverjalandi og mun færri erfiðir leikir enda er Veszprém með mikið yfirburðalið. Saknar Aron samt ekki Þýskalands að einhverju leyti?

„Nei, í rauninni ekki. Ég sakna Þýskalands eiginlega ekki neitt. Ég var að spila þrjá leiki um daginn á viku gegn frekar slökum liðum og þá saknaði ég svolítið handboltans og samkeppninnar í Þýskalandi. Svo kíkti ég á mánaðarplanið hjá Kiel og þá fékk ég bara í hnén,“ segir Aron Pálmarsson og brosir allan hringinn er hann uppgötvar líka að hann fær loksins jólafrí sem er ekki í Þýskalandi.

## Væri til í að fá Patta til Veszprém

Aron upplifði það í fyrsta skipti á ferlinum hjá Vesprém að vera í liði sem rekur þjálfarann sinn.

„Það var frekar steikt að korteri eftir að ég kom þá var búið að reka þjálfarann. Hjá Kiel hefði Alfreð [Gíslason] aldrei verið rekinn þó svo hann hefði tapað öllum leikjunum. Það var sérstakt að upplifa þetta. Það var allt í lagi og gaman að upplifa fyrst ég græddi á því,“ segir Aron stríðinn.



Patrekur Jóhannesson, landsliðsþjálfari Austurríkis, er á meðal þeirra þjálfara sem hafa verið orðaðir við stöðuna.

„Þeir hafa spurt mig út í Patta og ég hef verið í ágætis sambandi við hann út af þessu. Ég væri klárlega til í að fá Patta. Hann hefur gert frábæra hluti með austurríska landsliðið. Við þurfum líka alvöru gaur,“ segir Aron en Patrekur hefur ekkert viljað ræða þennan möguleika við fjölmiðla.

Fjölmargir aðrir þjálfarar hafa einnig verið orðaðir við starfið enda eitt það eftirsóttasta í bransanum. „Maður er búinn að heyra mörg nöfn og nýjasta að þeir ætli að bíða fram yfir EM með að ráða þjálfara. Þetta verður bara að koma allt í ljós.“

## Skrítið að Alfreð væri ekki að öskra á mig

„Ég ber sterkar tilfinningar til Kiel og hef fylgst vel með þeim eftir að ég fór. Ég pirra mig á því ef þeim gengur ekki vel. Það kom mér aðeins á óvart. Ég hélt þetta yrði bara eins og að rífa plástur af og halda áfram,“ segir Aron spurður um hvort hann sé búinn að slíta naflastrenginn við þýska félagið sem hann spilaði með í sex ár.



Hann spilaði svo í fyrsta skipti gegn Kiel um daginn er þýska liðið kom í heimsókn til Ungverjalands í Meistaradeildarleik. Þeir sem sáu þann leik geta staðfest að Aron hefur sjaldan verið eins beittur í upphafi leiks.

„Ég var ótrúlega vel mótíveraður fyrir þennan leik. Það var alveg á hreinu að ég ætlaði ekki að tapa,“ segir Aron og setur sig nánast í keppnisstellingar er hann rifjar leikinn upp.

„Þetta var mjög sérstakt. Ég get ekki neitað því. Nokkrir af mínum bestu vinum eru í liði Kiel og svo var auðvitað líka skrítið að spila gegn Alfreð. Kíkja til hliðar og fatta að hann væri ekki að öskra á mig. Þetta var því spes en gaman,“ segir Aron og það skemmdi líklega ekkert fyrir upplifuninni að hans lið vann tveggja marka sigur í leiknum.

# Heitir dagar

## Fyrir heimilin í landinu

### Stílfögur eldhústæki frá AEG sem gera gott eldhús betra

**22%** afsláttur af öllum AEG ofnum



**2 LÍNAN**

BE2000001-M

Fjölkerfa blástursofn án rafeindaklukku. Er sérstaklega einfaldur í notkun og umgengni. Litur: Stál.
**Íslensk notendahandbók.**

Rétt verð kr: 89.900,-
**Heitir dagar: 70.120,-**



**3 LÍNAN**

BE3002401-M

Fjölkerfa blástursofn sem er sérstaklega einfaldur í notkun og allri umgengni. Einnig fáanlegur með innbyggðum kjöthitamæli. Litur: Stál og hvítur.
**Íslensk notendahandbók.**

Rétt verð kr: 109.900,-
**Heitir dagar: 85.720,-**



**5 LÍNAN**

BE5304401-M

Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli og hraðhitakerfi. Sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni. Einnig fáanlegur með sjálfhreinsibúnaði. Litur: Stál, hvítur og svartur.
**Íslensk notendahandbók.**

Rétt verð kr: 139.900,-
**Heitir dagar: 109.120,-**



**8 LÍNAN**

BS831410S-M

Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli og sjálfhreinsikerfi. Sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni. Litur: Stál.
**Íslensk notendahandbók.**

Rétt verð kr: 219.900,-
**Heitir dagar: 171.520,-**

## 22% afsláttur af öllum AEG helluborðum

HK634000XB



**SÉRTILBOÐ**
á þessu vinsæla 57 cm helluborði með stálkanti.

Verð áður kr. 89.900

**Verð nú kr. 69.900,-**

## 30-40% afsláttur af öllum háfum frá Airforce




### Eyjuháfar · Eggháfar

Gott úrval af Airforce vegghafum og eyjuháfum, sem eru annálaðir fyrir glæsilega hönnun og mikil gæði.
Nokkrir háfana eru uppsettir hjá okkur, svo sjón er sögu ríkari.

ormsson.is

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Opið virka daga kl. 10-18 og á laugardögum kl. 11-15.

ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

## ✝ Ása Karen Ásgeirsdóttir



**Ása Karen fæddist þann 3. desember 1942 og ólst upp við Hofsvallagötu í Reykjavík. Hún lést á Landspítalanum í Fossvogi þriðjudaginn 27. október síðastliðinn. Hún var dóttir hjónanna Ásgeirs Matthíassonar blikksmiðs og Þorgerðar Jóhönnu Magnúsdóttur húsmóður. Ása Karen á þrjár eftirlifandi systur. Ásu Karen og fyrrverandi eiginmanni hennar, Jóhannesi Jónssyni, kaupmanni í Bónus, varð tveggja barna auðið. Þau eru Kristín og Jón Ásgeir. Barnabörn Ásu Karenar eru fimm. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík í dag 5. nóvember kl. 15.00.**

Með nokkrum orðum langar mig að minnast Ásu Karenar Ásgeirsdóttur, en það hefur verið í kringum 1977 eða fyrir 38 árum síðan að ég fór að venja komur mínar á heimili hennar og þeirra Jóhannesar þar sem við Jón Ásgeir urðum miklir vinir og höfum verið allar götur síðan. Ég á svo endalaust margar ljúfar minningar um Ásu, bæði heima úti á Nesi, í SS Austurveri þar sem við vinirnir unnum frá 11 ára aldri saman og ekki síst í Kjósinni, sælureit Ásu.

Á árunum í Austurveri kom hún ávallt með þeim fyrstu og fór með þeim síðustu, vinnusemin og dugnaðurinn hefur alltaf einkennt hana, og þegar t.d. hugsað er út í uppgang og velgengni Bónuss mörgum árum síðar, þegar fyrirtækið var í uppbyggingu, þá var þáttur Ásu þýðingarmikill í því samhengi, en hún sá þar um uppgjör og fjármál, og vann sem fyrr mjög langan vinnudag og kvartaði aldrei og hennar einkenni nutu sín þá eins og annars staðar. Fyrir mér eru einkenni Ásu, dugnaður, heiðarleiki, hógværð, lítillæti, auðmýkt, góðmennska, réttlætiskennd. Mörg orð, en hluti af þeim kostum sem hún skartaði. Ása var yndisleg manneskja og þrátt fyrir alvarlegt yfirbragð, var hún mikill húmoristi og hafði til dæmis oftast jafnvel mjög gaman af uppátækjum og fíflaganginum í okkur Jóni og vinum okkar, bæði á æskuárunum og eins eftir að við urðum fullorðnir.

Um sumarið árið 2002 hófust, af öflum í þjóðfélaginu, fordæmalausar ásakanir og fjaðrafok, beint gegn fjölskyldufyrirtækinu og stóð það yfir í fjölda ára. Erfið fjölmiðlaumræða, óvægin, og viðkvæm. Enginn fótur reyndist síðar fyrir þessum ásökunum, sem vinur minn þurfti að verja sig fyrir og um leið fjölskylduna í áraraðir, eins og síðar kom í ljós, þegar dómar voru kveðnir upp. Þetta hafði djúpstæð áhrif, ekki síst á Ásu, sem misbauð algjörlega framferði einstakra manna sem töldu sig koma fram í nafni réttlætis. Hún þoldi ekki óréttlæti, hvort sem það beindist að fólkinu hennar eða öðrum. Ég held að Ása hafi aldrei jafnað sig alveg á þessu.

Ég er Ásu mjög þakklátur fyrir allt. Allar samverustundir, góðmennsku hennar og umhyggju. Hún unni fólkinu sínu og hún var „Súperamma“ og naut sín í botn í kringum barnabörnin sín. Og sem dæmi, jafnvel þegar ég renndi við í Kjósinni með dóttur mína, þá fór allt á flug hjá Ásu að bæta á pönnukökurnar og græja kakó. Þannig var hún.

Ása var ávallt náin Ester, mágkonu sinni til fjölmargra ára. Ég hef líka hugsað mikið til Önnu, systur Ásu. Fyrir utan að vera tvíburasystur leyndi það sér ekki að þær voru bestu vinkonur líka. Það var eftirtektarvert, kærleikurinn og vináttan á milli þeirra alla tíð.

Ég hugsa til Jóns Ásgeirs og Kristínar sem eru að kveðja báða foreldra sína á rétt rúmum tveim árum. Ég á eftir að sakna Ásu, eins og ég sakna Jóhannesar, og bið um allan þann styrk sem systkinin, makar þeirra, barnabörnin, fjölskylda og aðrir ástvinir þurfa á að halda núna.

Ég minnist Ásu Karenar Ásgeirsdóttur með mikilli virðingu og þakklæti. Ása var einstök og ég bið Guð um að blessa minningu hennar.

**Magnús Örn Guðmarsson**



**Svanirnir og Valgerður kórstjóri ásamt hljóðfæraleikurum.**
MYND/GUÐNI HANNESSON

# Valgerður er dáð af öllum

## Karlakórinn Svanir á Akranesi fagnar aldarafmæli á morgun með tónleikum. Dúmbó og Steini leggja honum lið.

„Við reiðum hátt til höggs og höldum tónleika annað kvöld til að minnast þess að 100 ár eru frá stofnun Karlakórsins Svana. Við erum á tánum og bíðum spennt. Svo erum við svo heppnir að fá liðsmenn, hljómsveitina Dúmbó og Steina,“ segir Viðar Einarsson sem er formaður Svana í dag.

Viðar kann sögu kórsins upp á sína tíu fingur. Hún hófst á því að 10 ungir menn á Skaganum stofnuðu Svani 14. október 1915. „Stjórnandinn var kona, eins og núna, hún hét Petrea Sveinsdóttir,“ segir Viðar og tekur fram að kórinn hafi stundum tekið hlé en blómaskeið hans hafi verið upp úr 1960 þegar Haukur Guðlaugsson hafi stjórnað honum. „Þá þóttu Svanir með betri kórum landsins.“

Lengsti lúr kórsins var frá 1983 til 2012. „Þegar gamlar upptökur með kórnum höfðu verið gefnar út á diski kviknaði neisti og kórinn var endurvakinn, með aðstoð Páls Helgasonar kórstjóra. Síðan tók Valgerður Jónsdóttir við, hún er dáð af öllum enda er mjög gaman á æfingum hjá henni,“ segir Viðar og tekur fram að tónleikarnir séu í Grundaskóla annað kvöld og hefjist klukkan 20.30.

**gun@frettabladid.is**

---



✝

**Þórir Magnússon**
bóndi,
Syðri-Brekku,

sem andaðist á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi 28. október síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Þingeyrakirkju föstudaginn 6. nóvember kl. 14.00.
Þeim sem vildu minnast hins látna er bent á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

**Sigrún Þórisdóttir** **Gunnlaugur Björnsson**
**Þórkatla Þórisdóttir** **Jón Guðlaugsson**
**Axel, Sveinn, Elín Eva, Eva, Ingibjörg,**
**Þórey, Sigurður Björn, Þórir Óli,**
**tengdabörn og langafabörn.**

---



✝

Okkar ástkæra

**Ásta Ísberg**
Tjarnarmýri 35, Seltjarnarnesi,

lést mánudaginn 2. nóvember.
Útför hennar fer fram frá Seltjarnarneskirkju þriðjudaginn 10. nóvember kl. 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Gunnar Þórðarson**

---



✝

Okkar ástkæri

**Skúli Grétar Guðnason**
endurskoðandi,
Sólbraut 17, Seltjarnarnesi,

andaðist miðvikudaginn 28. október sl.
Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 6. nóvember kl. 13.00.

**Kristjana Björnsdóttir**
**Berglín Skúladóttir og Óskar Axelsson**
**Magnús Árni Skúlason og Kristín Dagmar Jóhannesdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ásta Kristinsdóttir**
áður til heimilis að Sólvöllum 17, Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Lögmannshlíð 31. október.

**Sigurhörður Frímannsson**
**Kristjana Sigurharðardóttir**
**Gunnfríður Sigurharðardóttir**
**Kristinn F. Sigurharðarson** **Kristín J. Þorsteinsdóttir**
**Ívar E. Sigurharðarson** **Marta Vilhelmsdóttir**
**Guðný Sigurharðardóttir** **Einar Magnússon**
**Hörður Sigurharðarson** **Bryndís Jóhannesdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hulda Guðmundsdóttir**
húsmóðir,
Ásgarði 4, Reykjanesbæ,

lést að heimili sínu þann 20. október síðastliðinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Ættingjar þakka hluttekninguna og samúðarkveðjur.

**Guðmundur Svavarsson** **Sigríður V. Árnadóttir**
**Margrét Ágústsdóttir** **Árni Ásmundsson**
**Skúli Ágústsson** **Stella M. Thorarensen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær sambýliskona, dóttir, móðir, tengdamóðir, amma og systir,

**Ásgerður Garðarsdóttir**
Silungakvísl 6,
110 Reykjavík,

lést á líknardeild LSH sunnudaginn 1. nóvember.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 16. nóvember kl. 13.00.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta Ljósið líknarfélag njóta þess.

**Þóroddur Stefánsson**
**Garðar Hinriksson** **Hulda Jónsdóttir**
**Ásgeir Jóel** **Þrúður Arna Briem**
**Tinna Rut Þóroddsdóttir** **Jóhann Kröyer Halldórsson**
**Rakel Þóroddsdóttir**
**Blær Örn Ásgeirsson** **Kolka Prema Ásgeirsdóttir**
**og systkini.**

---



✝

Bróðir minn og frændi okkar,

**Guðmundur Þorkelsson**
bókbindari,
Barmahlíð 51, Reykjavík,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni fimmtudaginn 29. október, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju mánudaginn 9. nóvember kl. 13.00.

**Helgi Gunnar Þorkelsson**
**Kolbrún Guðmundsdóttir**
**Gunnar Þorsteinsson** **Ingveldur Þorkelsdóttir**
**Sigríður H. Þorsteinsdóttir** **Jón Ingi Guðmundsson**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Jóhann Sigurðsson**
Akurgerði 40,
Reykjavík,

lést á Landspítalanum mánudaginn 2. nóvember.
Útförin verður auglýst síðar.

**Margrét Valdimarsdóttir**
**Einar Jóhannsson, Sigrún Jónsdóttir**
**Hekla Jóhannsdóttir, Ágúst Sigurmundsson**
**Einar Haukstein, Ásta Margrét, Jón Ingi, Guðrún**


HAGKAUP
Ein ferð betra verð
FIMMTUDAGA KL.19:50
ELDHÚSIÐ HANS EYÞÓRS
Á FIMMTUDAGSKVÖLDUM Á STÖÐ 2
VERÐI YKKUR AÐ GÓÐU
Fróðleg og freistandi þáttaröð þar sem meistarakokkurinn Eyþór Rúnarsson eldar góðan og fjölbreyttan mat. Eyþór leggur ríka áherslu á matargerð frá grunni og kennir áhorfendum að töfra fram hvern réttinn á fætur öðrum á skemmtilegan hátt. Í hverjum þætti er ákveðið þema tekið fyrir, léttur og góður hversdagsmatur, hátíðarréttir og allt þar á milli.
365.is | Sími 1817
365

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Austan og suðaustan 8-15 m/s, en allt að 20 m/s við suður- og suðausturströndina í dag. Rigning um landið sunnan- og vestanvert, en úrkomuminna um landið norðaustanvert. Hiti 3 til 8 stig.




## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. Gljáhúð
6. ógrynni
8. púka
9. umrót
11. þófi
12. svölun
14. gáleysi
16. ekki
17. Einkar
18. svelg
20. frá
21. grobb

**LÓÐRÉTT**
1. íþrótt
3. í röð
4. hvel
5. óvild
7. agndofa
10. Sólunda
13. líða vel
15. svanur
16. kopar
19. tveir eins.

**LÁRÉTT: 2.** lakk, **6.** of, **8.** ára, **9.** los, **11.** íl, **12.** fróun, **14.** vangá, **16.** ei, **17.** all, **18.** iðu, **20.** af, **21.** raup.
**LÓÐRÉTT: 1.** golf, **3.** aá, **4.** kringla, **5.** kal, **7.** forviða, **10.** sóa, **13.** una, **15.** álft, **16.** eir, **19.** uu.




### Skák Gunnar Björnsson

Oliver Aron Jóhannesson (2202) átti leik gegn Alexandros Isaakidis (1819) á HM ungmenna sem nú er í gangi í Porto Carras í Grikklandi.

**Svartur á leik**

**39...Hxd6! 40. Hxd6 Bf6#.** Lokaumferð HM ungmenna fer fram í dag. Símon Þórhallsson, sem teflir í flokki 16 ára og yngri, hefur staðið sig afskaplega vel á mótinu og náð mörgum góðum úrslitum.

**www.skak.is** EM landsliða nálgast.



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | 1 | | 7 | | 3 | 8 |
| | | | | 2 | | | | |
| 8 | 4 | | | | | | 5 | |
| | | | | 7 | | | | |
| 5 | | | 3 | 6 | 1 | 9 | 4 | |
| 2 | | 1 | | 8 | | | | 7 |
| | | 5 | 2 | | 4 | 3 | | 9 |
| 1 | 2 | | 6 | | | 4 | 8 | 5 |
| | | | | | | 1 | 2 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 1 | | 3 | | | 8 | 9 | |
| | 3 | | | 7 | | | | 2 |
| | 4 | 9 | 8 | | | | | 6 |
| | | 7 | | | 1 | | | 8 |
| 8 | | 3 | | 6 | | | | |
| | | | | | | 4 | 2 | |
| 1 | | 6 | | | | 9 | | |
| | 8 | | | | | | 3 | |
| | | | | | 5 | | 7 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | 8 | | 7 | | 5 |
| 9 | | 4 | | 1 | | | 2 | |
| | | 8 | | | 2 | | | |
| 2 | | | | | | 9 | | 1 |
| 7 | | 6 | | | | | 5 | |
| 1 | | | 4 | | | | | |
| | 9 | 5 | | | | | 6 | 3 |
| 4 | 6 | | | | | | | |
| | | | | 4 | 8 | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 5 | 4 | 6 | 1 | 8 | 9 | 7 |
| 6 | 7 | 4 | 9 | 8 | 2 | 1 | 3 | 5 |
| 8 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 4 | 2 | 6 |
| 7 | 2 | 6 | 1 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 |
| 9 | 5 | 3 | 7 | 4 | 8 | 2 | 6 | 1 |
| 4 | 1 | 8 | 2 | 9 | 6 | 5 | 7 | 3 |
| 3 | 4 | 2 | 5 | 7 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 5 | 6 | 9 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 | 2 |
| 1 | 8 | 7 | 6 | 2 | 4 | 3 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 6 | 9 | 4 | 8 | 2 | 5 | 1 |
| 4 | 8 | 2 | 5 | 1 | 6 | 3 | 9 | 7 |
| 5 | 9 | 1 | 2 | 7 | 3 | 4 | 8 | 6 |
| 1 | 2 | 7 | 3 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 |
| 8 | 4 | 3 | 1 | 6 | 5 | 7 | 2 | 9 |
| 9 | 6 | 5 | 7 | 2 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 2 | 1 | 4 | 8 | 9 | 7 | 6 | 3 | 5 |
| 7 | 3 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 6 | 5 | 9 | 4 | 3 | 2 | 1 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 2 | 8 | 7 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 8 | 7 | 1 | 6 | 9 | 5 | 2 | 4 | 3 |
| 9 | 5 | 4 | 1 | 2 | 3 | 6 | 7 | 8 |
| 4 | 2 | 6 | 5 | 1 | 8 | 7 | 3 | 9 |
| 5 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 2 | 1 |
| 7 | 1 | 8 | 9 | 3 | 2 | 4 | 5 | 6 |
| 6 | 4 | 9 | 3 | 5 | 7 | 1 | 8 | 2 |
| 1 | 3 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 |
| 2 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 | 3 | 9 | 7 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF NÝJUM JÓLALEGUM VÖRUM;)

**SMELLTU Á KÖRFUNA**
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP




**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PAPPÍR Í NÓVEMBER!**



### HÁGÆÐA PAPPÍR

Tilboð á öllum pappír um 20% í Nóvember. Sparaðu tíma og peninga og kláraðu jólakortin tímanlega í ár!

**VERÐ FRÁ 630**

ALLT FYRIR JÓLAKORTIN;)

**5 ÞÚSUND AFSLÁTTUR** VERÐ ÁÐUR 24.900

**A3** PRENTAÐU LJÓSMYNDIRNAR Í A3 STÆRÐ



brother at your side

### J4120DW

Þráðlaust undratæki frá Brother sem skannar, ljósritar og prentar hágæða myndir í allt að A3 stærð, rammalaust.

**19.900**

HINN FULLKOMNI PRENTARI!

**10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR** VERÐ ÁÐUR 59.900

**100% KEPPNIS** ALVÖRU LEIKJA GRÆJA:)



BenQ

### 24" 3D LED

Glæsilegur skjár fyrir þá kröfuhörðustu með yfirburði í hraða og gæðum með 144Hz 3D tækni!

**49.900**

27" XL2720Z AÐEINS 99.900

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL

**OPNUNARTÍMAR**
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

2011 - 2014 Framúrskarandi fyrirtæki

acer · Lenovo · hp · KOSS · TOSHIBA · THONET & VANDER · Microsoft · intel Security



Mikið er lagt í að endurskapa flugeldasýninguna Stjörnubrim, með dönsum, búningum og ljósum. MYND/ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN

# Fegurðin hefur aðdráttarafl

**Og himinninn kristallast heitir verk sem Íslenski dansflokkurinn sýnir í kvöld í Borgarleikhúsinu. Það er eftir Sigríði Soffíu, hönnuð flugeldasýninga síðustu þriggja menningarnátta.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Og himinninn kristallast er stór uppfærsla með sjö dönsurum, flóknum sviðshreyfingum, ljósum og flugeldum. Það er gríðarlega mikið í hana lagt," segir Sigríður Soffía Níelsdóttir þegar hún er beðin að útskýra dansverkið sitt sem lifnar á stóra sviði Borgarleikhússins í kvöld.

Verkið er framhald flugeldasýninga þriggja menningarnátta síðustu ára sem Sigríður Soffía hafði veg og vanda af. „Þetta er endapunktur minn á því að kynna það fyrir almenningi að fugleldasýning geti verið samin sem dansverk, nú geri ég flugeldasýninguna að dansverki," segir Sigríður Soffía og segir verkið nánast endursköpun á flugeldasýningunni Stjörnubrim sem flutt var á Menningarnótt 2015.

Hún þvertekur fyrir að hún segi sögu í sýningunni. „Ég er einmitt að fá fólk til að njóta dansins á sama hátt og það nýtur flugeldasýningar. Það dettur engum í hug að segja eftir flugeldasýningu: „Ég fattaði ekki hver var vondi karlinn og hver góði." Hið sama gildir hér, það er ekkert að skilja. Í sumum dansverkum má fólk koma og njóta hreyfinga og hughrifa og sjónarspils."

Sigríður Soffía segir sýningar sínar unnar upp úr heimspekilegum pælingum um fegurðina og skynjun heilans á henni. Í framhaldinu hafi komið vangaveltur um af hverju við heillumst, til dæmis af hverju okkur þykja flugeldasýningar svo æðislegar. „Það er fegurð þeirra sem hefur aðdráttarafl," segir hún. „Flugeldasýning er sett upp niðri í miðbæ og hundrað þúsund manns koma til að horfa á hana, nánast eins og flugur sem fljúga á ljós."

## LISTRÆNT TEYMI

**Sigríður Soffía vinnur að sýningunni með Hildi Yeoman fatahönnuði og Helga Má Kristinssyni listamanni en þau skipuðu hið listræna teymi sýningarinnar Svartar fjaðrir sem var opnunarsviðsverk Listahátíðar í Reykjavík 2015. Þau hlutu öll mikið lof fyrir verkið og var Sigríður Soffía tilnefnd til Grímunnar 2015 sem Sproti ársins og Hildur Yeoman var tilnefnd til Grímunnar 2015 fyrir búninga ársins.**

**Á SUM DANSVERK MÁ KOMA BARA TIL AÐ NJÓTA HREYFINGA, HUGHRIFA OG FEGURÐAR.**



„En nú geri ég flugeldasýninguna að dansverki," segir danshöfundurinn Sigríður Soffía Níelsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# Nýtt bragð í IKEA

Veitingastaður IKEA hefur notið gríðarlegra vinsælda frá upphafi og er hann orðinn fastur áfangastaður margra sem kunna að meta góðan mat á góðu verði fyrir alla í fjölskyldunni. Nú er langþráð stækkun við hann loks orðin að veruleika og það er með miklu stolti sem IKEA kynnir glæsilega viðbót við Veitingastaðinn! Gefðu þér tíma til þess að setjast niður, slaka á og njóta dagsins í IKEA.

© Inter IKEA Systems B.V. 2015



**795,-**
**Ekta smørrebrød**





**OPNUNARTILBOÐ**
**395,-**
**Belgísk vaffla með nutella og rjóma**

## Jólabæklingurinn er kominn út!

Honum er dreift inn á öll heimili landsins sem samþykkja fjölpóst




JAFNLAUNA-VOTTUN VR

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®

# Nafn hennar flaug yfir Bandaríkin á einni nóttu

**Sýning á verkum Nínu Sæmundsson (1892-1965) sem gerði höggmyndalist að ævistarfi verður opnuð á morgun í Listasafni Íslands. Hrafnhildur Schram er sýningarstjóri og höfundur nýrrar bókar: Nína S.**

„Það var eitthvað sem heillaði mig við Nínu og ég byrjaði fyrir mörgum árum að safna heimildum um hana, enda lítið vitað um hana hér. Listamenn sem búa lengi erlendis, eins og hún, eiga á hættu að gleymast, því fannst mér ég þurfa að koma þessu efni frá mér,“ segir Hrafnhildur Schram listfræðingur. Hún er höfundur nýrrar bókar um Nínu Sæmundsson myndlistarkonu sem Crymogea gefur út á morgun. Samtímis er sýningin Listin á hvörfum opnuð í Listasafni Íslands með verkum Nínu, þar er Hrafnhildur líka sýningarstjóri.

Hrafnhildur kveðst hafa farið til þeirra borga sem Nína hafði búið í og talað við fólk sem þekkti hana, meðal annars sambýliskonu hennar í Kaliforníu, Polly James. Þannig hafi hún fengið heimildir frá fyrstu hendi.

„Nína skildi strax hvað hún þyrfti til að koma sér á framfæri þegar hún kom til New York, líkt og nútímalistamenn í dag, og komst í samband við sýningarsali og gallerí. Hún uppskar heilmikla athygli fyrir að vera fyrsta íslenska konan sem leggur fyrir sig höggmyndalist og vann til verðlauna í New York. Gerði lágmynd í anddyri þekkts hótels, The Waldorf Astoria, og nafn hennar flaug yfir Bandaríkin á einni nóttu. Reyndar var hún áður búin að slá í gegn í París. Fékk stór verðlaun á haustsýningunni þar 1924, fyrir verkið Móðurást, sem stendur niðri í Lækjargötu,“ lýsir Hrafnhildur.

**HÚN UPPSKAR HEILMIKLA ATHYGLI FYRIR AÐ VERA FYRSTA ÍSLENSKA KONAN SEM LEGGUR FYRIR SIG HÖGGMYNDALIST OGVANN TIL VERÐLAUNA Í NEW YORK.**

Nína giftist ekki og á enga afkomendur. „En hún átti íslenskan unnusta á námsárunum í Kaupmannahöfn, Gunnar Thorsteinsson, bróður Muggs málara. Gunnar og Nína veiktust bæði af lungnaberklum og hann dó á berklahæli í Danmörku meðan hún barðist fyrir lífi sínu á sams konar hæli í Sviss, þar sem hún dvaldi í hálft annað ár en náði sér aldrei,“ lýsir Hrafnhildur.

Þótt Nína yrði þannig fyrir ýmsum áföllum í lífinu var það ekki fyrr en hún flutti aftur heim til Íslands sem hún mætti skilningsleysi vegna listsköpunar sinnar. Rammast kvað að því þegar styttan Hafmeyjan var sprengd upp í Reykjavíkurtjörn. „Sá atburður fékk mjög á Nínu,“ segir Hrafnhildur. „Hún tjáði sig ekki fyrr en mörgum árum síðar um það óhæfuverk en sagði þá að eitthvað hefði dáið innra með henni. Þetta var mikið áfall, ekki bara fyrir hana heldur marga landsmenn að svona skyldi gerast í okkar litla samfélagi.“ gun@frettabladid.is



„Mér fannst ég þurfa að koma efninu frá mér,“ segir Hrafnhildur Schram sem er bæði höfundur bókarinnar Nína S og sýningarstjóri sýningarinnar Listin á hvörfum í Listasafni Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


MARCO TOZZI®



STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND






6.nóv kl 20:00 UPPSELT
13.nóv kl 20:00 ÖRFÁ SÆTI LAUS
14.nóv kl 20:00 NÝ SÝNING

„Ég hef ekki hlegid svona mikið síðan ég skildi við manninn minn.“


## Spaugstofan okkar snýr aftur – og nú á svið

LEIKHÚS

**Yfir til þín**
★★★★☆

**Spaugstofan í samstarfi við Þjóðleikhúsið**
**Stóra sviðið**
**Höfundar og leikarar** Karl Ágúst Úlfsson, Pálmi Gestsson, Randver Þorláksson, Sigurður Sigurjónsson og Örn Árnason
**Söngtextar og bundið mál** Karl Ágúst Úlfsson
**Tónlist** Karl Ágúst Úlfsson, Örn Árnason, Gunnar Þórðarson og fleiri
**Tónlistarstjórn** Jónas Þórir Þórisson
**Aðstoð við leikstjórn** Ágústa Skúladóttir
**Sviðshreyfingar** Katrín Ingvadóttir
**Lýsing** Hermann Karl Björnsson
**Hljóðmynd** Elvar Geir Sævarsson



Spaugstofan er þjóðareign, ef ekki þjóðargersemi, segir í dómnum.

Á síðustu þrjátíu árum hefur Spaugstofan framleitt ógrynni af efni fyrir sjónvarp, leiksvið og útvarp. Ef einungis sjónvarpsþættirnir eru taldir nær talan tæplega fimm hundruð, hreinlega margir dagar af efni. Hópurinn er fyrir löngu orðinn klassík. Þrátt fyrir það er ekkert grín að færa glensið upp á stóra svið Þjóðleikhússins og uppfæra efnið að auki.

Leynigestur kynnir kumpánana til leiks á einkar dramatískan hátt með gamanvísu sem rammar sýninguna inn, en Karl Ágúst á væntanlega heiðurinn af þeim spaugilega texta. Það skemmtilega við þá félaga er að þeir eru líka meðvitaðir um sögu sína og pota góðlátlega hver í annan, svo sem um hversu oft Randver hefur þurft að dubba sig upp í kvenmannsföt fyrir eitt eða annað atriði í Spaugstofunni og Jóhanna Sigurðardóttir mætir auðvitað í stutta heimsókn.

Umgjörð sýningarinnar er fábrotin og eiginlega varla sjáanleg því þeir félagar notast einungis við nokkra stóla, stóran skjá, nokkur hljóðfæri og vel valda búninga. Hermann Karl Björnsson gerir vel að skapa hópnum afmarkað rými á stóra sviðinu, sem er meiriháttar mál, með góðri en látlausri lýsingu.

Þegar öllu er á botninn hvolft þurfa þessir kappar ekkert prjál, sviðsframkoma og hæfileikar þeirra eru fyllilega nóg til að fylla sviðið af kæti, aulabröndurum og nokkrum skrýtlum í dónalegri kantinum. Þeir kunna nefnilega líka á þagnirnar, eins og látbragðsleik, ókláraðar rímur og nótur sem Örn nær ekki í ótrúlegu atriði þar sem hann flytur opnunaratriði óperu með þremur persónum, einn og sér. Röddin hans er engu lík og eiginlega forkastanlegt að hann skuli ekki leika í fleiri söngleikjum. Fimmaurabrandarar eru list og er einstaklega erfitt að komast upp með slíka en að sjá Sigurð fetta sig og bretta í gegnum ódýra brandara er dásamlegt.

Svetlana og Boris taka Svanavatnið, Kristján Ólafsson er orðinn farandsölumaður og Dolli mætir til að gera töfrabrögð af ódýru gerðinni, auðvitað líka forsetinn sjálfur, rónarnir Bogi og Örvar kryfja heimsmálin og óteljandi fleiri karakterar mæta á svæðið. Geir og Grani koma við og menningarlegir hagyrðingar gera sitt allra besta til að láta skáldskapinn ekki enda í klúrum limrum.

Þeir félagar taka sum af sínum frægustu lögum líkt og Alveg týpískt Júróvisionlag, Yfir til þín og tvö úr fangelsisþættinum fræga. Eftirhermurnar þeirra eru náttúrulega í sérflokki en sérstaklega verður að nefna Pálma í hlutverki Gylfa Ægissonar. Atriðið tekur ekki meira en nokkrar mínútur en hittir beint í mark, bæði gervið og örstutta lagið sem hann átti erfitt með að botna.

Þátttöku áhorfenda hefði vel mátt sleppa, þó að troðningur Boga og Örvars í byrjun hafi verið frekar fyndinn. Sum atriðin teygðu lopann aðeins of lengi eins og söngstundin þar sem Karl Ágúst og Örn tóku mismunandi útgáfur af Fljúga hvítu fiðrildin og Afi minn fór á honum Rauð. En þar stóð söngur Arnar í gervi Jónsa úr Sigur Rós upp úr.

Spaugstofan er fyrir löngu orðin þjóðarstofnun, ef ekki þjóðargersemi. Satt má vera að hún styðjist mikið við eldra efni en þeir félagar finna þekktum persónum nýjan farveg, setja efnið í nýjan búning og hafa greinilega mikið gaman af, líkt og áhorfendur í sal.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Drengirnir hafa engu gleymt.

# NÝJAR BÆKUR!

NÓV. BÓK MÁNAÐARINS




## Gerill
**Vildarverð: 5.599.-**
Verð: 6.999.-




2. Metsölulisti Eymundsson

## Dimma
**Vildarverð: 5.999.-**
Verð: 6.999.-




## Fjallkonan
**Vildarverð: 5.849.-**
Verð: 6.499.-




## Hrólfs saga
**Vildarverð: 5.849.-**
Verð: 6.499.-




## Yfir farinn veg með Bobby Fischer
**Vildarverð: 5.399.-**
Verð: 5.999.-

3. Metsölulisti Eymundsson




## Týnd í paradís
**Vildarverð: 5.999.-**
Verð: 6.999.-




## Sjóveikur í München
**Vildarverð: 5.599.-**
Verð: 6.999.-




## Eitthvað á stærð við alheiminn
**Vildarverð: 5.599.-**
Verð: 6.699.-




## Landnám og landnámsfólk
**Vildarverð: 8.999.-**
Verð: 9.999.-




## Syndarinn
**Vildarverð: 5.999.-**
Verð: 6.999.-




## Geirmundar saga heljarskinns
**Vildarverð: 5.999.-**
Verð: 6.999.-

1. Metsölulisti Eymundsson




## Þýska húsið
**Vildarverð: 5.599.-**
Verð: 6.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími Vildarverðs er frá 5. nóvember, til og með 9. nóvember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Titillinn fer enn í taugarnar á yfirvöldum

**Væntanleg mynd eftir Spike Lee, Chi-Raq, hefur vakið reiði borgaryfirvalda í Chicago. Lee segist vilja segja erfiða sögu með gamansömum hætti. Hann byggir þessa kvikmynd, sem fjallar um gengin í Chicago, á gríska verkinu um Lýsiströtu.**

Síðan það spurðist út fyrr á árinu að Spike Lee ætlaði að gera mynd undir titlinum Chi-Raq hafa fulltrúar borgaryfirvalda í Chicago keppst við að tala myndina niður. Titillinn snertir viðkvæma taug þar í borg, en vegna hárrar glæpatíðni í borginni hefur hún fengið þetta viðurnefni, sem vísun í Írak og stríðið þar í landi. Hefur þetta nafn iðulega verið notað í rapptextum frá mörgum af þeim fjölmörgu röppurum sem eru frá borginni, sérstaklega suðurhlutanum.

**Gamansemi**

Spike Lee tjáði sig opinberlega um deilurnar við borgaryfirvöld í lok síðasta mánaðar. Var þetta í fyrsta sinn sem hann gerði það. Lee sagði frá því að Rahm Emanuel, borgarstjóri Chicago, hefði beðið hann að breyta titlinum á fundi þeirra í apríl og gengið ansi hart fram. „Hann getur ekki ráðskast með mig,“ sagði Lee í viðtali við Chicago Mag.

Hann sagðist hafa tjáð borgarstjóranum að sagan myndi dæma hann fyrir að taka þessa afstöðu gegn tjáningunni. Lee benti á að titillinn væri ekki hans uppfinning, heldur upplifun þeirra sem byggju í borginni. Upplifun listamanna sem endurspegla þann veruleika sem þeir þekkja.

**Byggt á grískum skopleik**

Myndin er byggð á einum þekktasta skopleik Aristófanesar, Lýsiströtu. Þessi gríski skopleikur var skrifaður 411 fyrir Krist, en fær nú nútímalegri blæ. Með hlutverk Lýsiströtu fer Teyonah Parris, sem er á mikilli uppleið í kvikmynda- og sjónvarpsbransanum. Parris lék í Mad Men og er nú í þáttunum Survivor's Remorse. Hún er þó líklega þekktust fyrir hlutverk sitt í myndinni Dear White People. Fyrir frammistöðuna í henni fékk hún Black Reel-verðlaunin sem besti nýi leikarinn. Hún var einnig tilnefnd sem besta leikkonan í aðalhlutverki á sömu hátíð.

Reynsluboltarnir Samuel L. Jackson, Wesley Snipes og John Cusack fara einnig með hlutverk í Chi-Raq. Þúsundþjalasmiðurinn Nick Cannon leikur líka stórt hlutverk í myndinni og ljóst að leikarahópurinn er breiður og sterkur.

> **HANN SAGÐIST HAFA TJÁÐ BORGARSTJÓRANUM AÐ SAGAN MYNDI DÆMA HANN FYRIR AÐ TAKA ÞESSA AFSTÖÐU GEGN TJÁNINGUNNI. LEE BENTI Á AÐ TITILLINN VÆRI EKKI HANS UPPFINNING, HELDUR UPPLIFUN ÞEIRRA SEM BYGGJU Í BORGINNI. UPPLIFUN LISTAMANNA SEM ENDURSPEGLA ÞANN VERULEIKA SEM ÞEIR ÞEKKJA.**

**Frá Brooklyn**

Titillinn á myndinni er ekki eina þrætuefnið sem Lee hefur þurft að svara fyrir. Hann hefur til dæmis fengið gagnrýni fyrir að reyna að segja þessa viðkvæmu glæpasögu Chicago-borgar þótt hann sé sjálfur frá Brooklyn í New York.

Lee hefur svarað gagnrýninni þannig að hann hafi verið lengi í bransanum, gert myndir um viðkvæma hluti eins og fellibylinn Katrínu. Hann sé margverðlaunaður leikstjóri og sé hæfur til verksins.

Myndin fjallar um hugmyndir Lýsiströtu, sem fær stríðandi menn til þess að leggja niður vopnin með því að fá konur til að hóta þeim kynlífsbanni. Í skopleiknum gríska var Lýsistrata búin að fá nóg af stríðinu á milli Trójumanna og Spartverja. En í Chi-Raq er hugmyndin sett í nútímalegan búning; þar sem Lýsistrata reynir að koma á friði í suðurhluta Chicago-borgar. Lee segist vilja segja viðkvæma sögu með skoplegum hætti, það sé oft frábær frásagnarmáti.

**Þekkt nafn**

Rappsenan frá Chicago er blómleg. Þaðan er auðvitað ein skærasta stjarna rappsins, Kanye West. En þaðan eru líka ungir rapparar sem hafa verið á mikilli uppleið. Menn á borð við Chief Keef, Lil' Durk og Lil' Herb. Þeir segja á hispurslausan hátt frá erfiðu lífi í fátækrahverfum borgarinnar. Segja má að þeir veiti innsýn inn í nokkuð lokaðan menningarkima. Tónlistin sem þeir gera hefur verið kölluð „Drill“. Blaðamenn vestra hafa keppst við að skilgreina tónlistarstefnuna. Samnefnarinn er dimm og hörð tónlistin, með textum sem lýsa gjarnan erfiðu líferni. Stefnan er sögð hafa fæðst í Woodlawn-hverfinu í suðurhluta Chicago. „Drill“ er gamalt slangur yfir vélbyssur, sem „gangsterarnir“ í Chicago notuðu á bannárunum í Bandaríkjunum. Segja má að harðneskjan sé það sem einkenni stefnuna. Kvikmyndin Chi-Raq er væntanleg í kvikmyndahús í Bandaríkjunum í byrjun desember. Til stendur að sýna hana í völdum kvikmyndahúsum, áður en hún fer í sýningu á myndveitunni Amazon Instant Video.

kjartanatli@365.is



Spike Lee segir frá rifrildi við borgarstjóra Chicago.

## Frumsýningar




**SPECTRE**

Hasar, spenna, ævintýri
Aðalhlutverk: Daniel Craig, Christoph Waltz, Léa Seydoux, Ben Whishaw, Naomie Harris, Dave Bautista, Monica Bellucci, Ralph Fiennes, Andrew Scott og Rory Kinnear
IMDB: 7,5
Frumsýnd: 6.11. 2015



**STEVE JOBS**

Drama
Aðalhlutverk: Michael Fassbender, Kate Winslet, Seth Rogen, Jeff Daniels og Katherine Waterston
IMDB: 7,7
Frumsýnd: 13.11. 2015



**HANASLAGUR**

Teiknimynd
Aðalhlutverk: Bruno Bichir, Carlos Espejel og Angélica Vale
IMDB: 6,0
Frumsýnd: 13.11. 2015

Vandað sjónvarpsefni og fjarskipti á frábæru verði

FÁRÁNLEGA
FLOTTUR PAKKI

Með Skemmtipakkanum fylgja sex sjónvarpsstöðvar. Spennandi íslenskir og erlendir þættir, kvikmyndir og vandað talsett barnaefni. Að auki fá áskrifendur internet, heimasíma, Stöð 2 Maraþon og aðild að Vild. **Með því að greiða 1.990 kr. aukalega færðu endalaust tal og 1 GB í GSM.**

365




FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT á 365.is

9.290 kr.
Aðeins 310 kr. á dag

2 3 Krakkastöðin HBO G BRAVO 2 MARAÞON Vild

365.is
Sími 1817


MIÐNÆTURFJÖR Í KRINGLUNNI
20% AFSLÁTTUR
Gildir allan daginn, í öllum verslunum, af öllum vörum*
SÉRFRÆÐINGAR Í KRINGLUNNI FRÁ KL 20-22:
CW-X: Þú getur unnið CW-X buxur í spurningaleik
UNDER ARMOUR: Stjarnan Juniors, Íslandsmeistarar í 1. fl. í hópfimleikum, kynna nýju Under Armour haustlínuna kl. 20:30
ADIDAS
CASALL
ZIG ZAG
ARENA
ZO-ON
BROOKS
CAMELBAK: Með hverjum seldum CamelBak vatnsbrúsa fylgir viku gestakort í Hreyfingu
TUFTE: Allir sem kaupa Tufte nærfatnað fá happdrættismiða
BENEDIKT BRYNLEIFSSON TROMMARI - SPILAR FYRIR GESTI FRÁ 20 TIL 20:30
OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS Í KRINGLUNNI
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| JEM AND THE HOLOGRAMS | 5:30 |
| CRIMSON PEAK | 11 |
| EVEREST 3D | 5;30, 8 |
| SICARIO | 10:30 |

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ ÞAÐ MARGBORGAR SIG
FRÁBÆR GRÍNMYND ÞAR SEM SKÁTARNIR SÝNA AÐ ÞEIR ERU ÁVALLT VIÐBÚNIR
SCOUTS GUIDE TO THE ZOMBIE APOCALYPSE
VIN DIESEL ÓLAFUR DARRI
THE LAST WITCH HUNTER
Frá þeim sömu og færðu okkur Pitch Perfect.
JEM

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| SCOUTS GUIDE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| SCOUTS GUIDE VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 5:30 - 8 - 10:20 |
| PAN ÍSLTAL 2D | KL. 5:30 |
| PAN ÍSLTAL 3D | KL. 5:30 |
| PAN ENSKT TAL 2D | KL. 8 - 10:30 |
| LEGEND | KL. 10:40 |
| BLACK MASS | KL. 8 |
| EVEREST 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| JEM AND THE HOLOGRAMS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 8 - 10:20 |
| PAN ÍSLTAL 2D | KL. 5:30 |
| BLACK MASS | KL. 10:30 |
| THE INTERN | KL. 5:30 - 8 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| SCOUTS GUIDE | KL. 8 - 10:30 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 5:40 - 8 - 10:10 |
| PAN ÍSLTAL 2D | KL. 5:30 |
| CRIMSON PEAK | KL. 10:35 |
| LEGEND | KL. 8 - 10:20 |
| EVEREST 2D | KL. 5:20 |
| EVEREST Q&A 3D | KL. 7 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| SCOUTS GUIDE | KL. 8 - 10:10 |
| JEM AND THE HOLOGRAMS | KL. 8 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 10:30 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| SCOUTS GUIDE | KL. 8 - 10:10 |
| JEM AND THE HOLOGRAMS | KL. 5:30 - 8 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 10:30 |
| PAN ÍSLTAL 3D | KL. 5:30 |

SAMbio.is
EVEREST
PAN
SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI SÝND Í 2D OG 3D
LEGEND
BLACK MASS

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
BRADLEY COOPER
Misstu ekki af bragðbestu mynd ársins!
BURNT
DHEEPAN
GULLPÁLMINN
JACQUES AUDIARD
JEM
KLOVN FOREVER
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

## 5. NÓVEMBER 2015

## Listsýningar

**Hvað?** Arna Óttarsdóttir
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Gallery I8
Í dag verður opnuð sýning á nýjum verkum eftir Örnu Óttarsdóttur, sem helgar sig ævafornum vinnuaðferðum vefstólsins. Allir velkomnir.

**Hvað?** Handverk og hönnun opnuð
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Ráðhús Reykjavíkur
Sýningin verður haldin dagana 5. til 9. nóvember og eru þátttakendur 58 talsins að þessu sinni. Meðal þess sem hægt er að skoða á sýningunni í nóvember er keramik, skartgripir, fatnaður, munir úr horni og beini, leðurvörur, textíll, barnafatnaður og trémunir. Einnig verða í dag afhent Skúlaverðlaunin og mun Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, veita þau. Allir velkomnir.

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland
Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

## Leiðsögn

**Hvað?** Leiðsögn um Umgerð
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Listasafnið á Akureyri
Í dag verður boðið upp á leiðsögn um sýningu Hugsteypunnar, Umgerð, sem opnuð var um síðustu helgi. Mun Guðrún Pálína Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi Listasafnsins, taka á móti gestum og fræða. Aðgangur er ókeypis.

## Tónlist

**Hvað?** Hálfvitaþrenna
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Ljótu hálfvitarnir munu halda tónleika á Café Rosenberg í kvöld og eru þeir þá fyrstu tónleikar af þremur sem bandið mun halda á staðnum yfir helgina. Miðaverð 3.500 krónur.

**Hvað?** Hádegistónleikar Fríkirkjunnar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Fríkirkjan við Tjörnina í Reykjavík
Í hádeginu munu orgeltónar og söngur óma um alla kirkjuna, og verða valin verk eftir Pál Ísólfsson leikin. Flytjendur eru Hugi Jónsson barítón og Douglas Brotchie organisti og standa tónleikarnir yfir í þrjátíu mínútur. Aðgangseyrir 1.500 krónur (ekki er tekið við greiðslukortum). Allir velkomnir.


Hljómsveitin Ljótu hálfvitarnir verður á Cafe Rosenberg í kvöld og næsta kvöld, og svo kvöldið eftir það. MYND/HAFÞÓR HREIÐARSSON


Jón Gnarr verður á höfundakvöldi í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Fyrirlestrar

**Hvað?** Fjölskyldan á Hofstöðum – Fornleifafræðileg rannsókn á kirkjugarði
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Askja 132, Háskóla Íslands
Hildur Gestsdóttir fornleifafræðingur heldur í dag fyrirlestur hjá Miðaldastofu Háskóla Íslands um fornleifauppgröft á Hofstöðum í Mývatnssveit. Allir eru velkomnir og aðgangur ókeypis.

## Bókmenntir

**Hvað?** Höfundakvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Dyngjuvegur 8
Fjórða höfundakvöld vetrarins fer fram í kvöld í Gunnarshúsi. Í þetta skiptið munu Jón Gnarr og Hermann Stefánsson sitja fyrir svörum hjá Veru Knútsdóttur bókmenntafræðingi og lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum. Aðgangseyrir er 1.000 krónur og allir velkomnir á meðan stólar leyfa. Veitingar eru innifaldar í aðgangseyri.

## Handverk

**Hvað?** Prjónakaffi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Café Meskí, Fákafeni 9
Á prjónakaffi Heimilisiðnaðarfélags Íslands kynnir Hélène Magnússon einbandið Love Story og tvíbandið Gilitrutt en hvort tveggja er unnið úr hreinni íslenskri lambsull. Allir velkomnir.

## Bingó

**Hvað?** Bingó fyrir fullorðna
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Sólheimum 27
Boðið er upp á bingó fyrir fullorðna í dag og hefjast leikar klukkan 13.00 og standa til klukkan 14.00. Kostar spjaldið 200 krónur og er til mikils að vinna, svo sem bókavinninga. Heitt verður á könnunni og allir hjartanlega velkomnir.

## Uppistand

**Hvað?** Uppistand
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Kjallarinn á BAR 11
Comedy Klúbburinn fagnar tveggja ára afmæli sínu og verður fagnað með blöndu af erlendum og innlendum grínistum og töframönnum á fimmtudagskvöldum. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.



Bingó fyrir fullorðna klukkan 13.00

HVAÐ ER SVONA MERKILEGT VIÐ ÞAÐ?
BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
Stúlkurnar á Kleppjárnsreykjum ........ 18:00
Rams / Hrútar ENG SUB ........ 18:00
Glænýja testamentið IS SUB ........ 20:00
Jóhanna síðasta orrustan ........ 20:00
Virgin mountain / Fúsi ENG SUB ........ 20:00
Love ........ 3d 22:15
Hvað er svona merkilegt við það?(kitchen sink revolution) IS SUB 22:00
Ice and the sky ENG SUB ........ 22:00
STÚLKURNAR Á KLEPPJÁRNSREYKJUM

# JÓLAFÖNDRIÐ FÆST Í A4



**25%**
**AFSLÁTTUR**
**AF ÖLLUM FÖNDUR-VÖRUM***
**5.-9. NÓV.**












*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **Pinterest.com/A4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

**A4**




19:50
**ELDHÚSIÐ HANS EYÞÓRS**
Vandaðir íslenskir þættir þar sem meistarakokkurinn Eyþór Rúnarson sýnir okkur réttu handtökin í eldhúsinu á sinn einstaka hátt. Í þætti kvöldsins er spennandi og girnilegt samlokuþema.
*Uppskriftir á visir.is/matur*


FRÁBÆR
**FIMMTUDAGUR**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365


20:20
**MASTERCHEF USA**
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna hylli dómnefndarinnar.



21:50
**THE BLACKLIST**
James Spader í hlutverki hins magnaða Raymond Red Reddington sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandaríkum yfirvöldum.



22:00
**X-MEN**
Fyrsta myndin í hinum geysivinsæla kvikmyndabálki um ofurmennahópinn sem saman gengur undir nafninu X- mennirnir.



21:00
**GOTHAM**
Hörkuspennandi þættir þar sem sögusviðið er Gotham-borg sem flestir kannast við úr sögunum um Batman.



22:00
**THE SOPRANOS**
Magnaður og margverðlaunaður þáttur frá HBO þar sem fylgst er með fjölskyldumanninum og mafíuforingjanum Tony Soprano í daglegu lífi.



19:00
**ARTHÚR 2**
Spennandi og skemmtilegt ævintýri um Arthúr sem snýr aftur í heim Mínimóanna með ömmu sinni.




©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is




# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.45** iCarly
**08.05** The Middle
**08.30** Masterchef USA
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** 60 mínútur
**10.20** The Doctors
**11.00** Jamie's 30 Minute Meals
**11.25** Geggjaðar græjur
**11.40** Heilsugengið
**12.05** Um land allt
**12.35** Nágrannar
**13.00** Harry Potter and the Philosopher's Stone
**15.25** Foodfight
**16.55** iCarly
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag
**19.25** Undateable
**19.50** Eldhúsið hans Eyþórs Vandaðir íslenskir þættir þar sem meistarakokkurinn Eyþór Rúnarsson sýnir okkur réttu handtökin í eldhúsinu á sinn einstaka hátt.
**20.20** Masterchef USA
**21.05** NCIS
**21.50** The Blacklist Þriðja spennuþáttaröðin með James Spader í hlutverki hins magnaða Raymond Reddington eða Red, sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum.
**22.35** The Player
**23.20** Réttur
**00.10** Homeland
**00.55** Presumed Innocent
**03.00** Don't Be Afraid of the Dark
**04.40** James Dean

## SPORT

**07.50** Meistaradeildarmörkin
**08.30** Valur - Haukar
**10.05** Spænsku mörkin 2015/2016
**10.35** Roma - Bayer Leverkusen
**12.15** Barcelona - BATE
**13.55** Chelsea - Dynamo Kiev
**15.35** Bayern München - Arsenal
**17.15** Meistaradeildarmörkin
**17.55** Rubin Kazan - Liverpool Bein útsending
**20.00** Tottenham - Anderlecht Bein útsending
**22.00** NFL Gameday
**22.30** Celtic - Molde
**00.10** Belenenses - Basel

## SPORT 2

**12.00** Sheffield Wednesday - Arsenal
**13.40** League Cup Highlights
**14.10** Football League Show
**14.40** Messan
**16.00** Chelsea - Tottenham, 2003
**16.30** Crystal Palace - Man. Utd.
**18.10** Chelsea - Liverpool
**20.00** Premier League World
**20.30** Man. City - Norwich City
**22.15** Southampton - Bournemouth
**00.00** Premier League Review
**00.55** Premier League World

## GOLFSTÖÐIN

**09.05** Golfing World
**09.55** World Golf Championship
**12.15** PGA Tour 2015 - Highlights
**13.10** HSBC Champions
**18.10** Inside The PGA Tour
**18.35** HSBC Champions
**23.35** Presidents Cup
**01.40** Presidents Cup 2015 Highlights
**02.35** Inside the PGA Tour
**03.00** HSBC Champions

## STÖÐ 3

**18.25** The Carrie Diaries
**19.05** Suburgatory
**19.30** Clipped
**19.55** Sullivan & Son
**20.20** Flash
**21.05** Gotham
**21.50** Arrow
**22.30** Who Gets the Last Laugh
**22.55** Lip Sync Battle
**23.20** Hollywood Hillbillies
**23.40** NCIS. Los Angeles
**00.55** Clipped
**01.20** Sullivan & Son
**01.45** Flash
**02.25** Gotham
**03.10** Arrow
**03.50** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Ljóti andarunginn og ég
**07.25** Lukku-Láki
**07.47** Ævintýraferðin
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.45** Doddi litli og Eyrnastór
**08.55** Tommi og Jenni
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveins
**09.49** UKI
**09.54** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Ævintýri Tinna
**10.23** Brunabílarnir
**10.47** Latibær
**11.00** Ljóti andarunginn og ég
**11.22** Lukku-Láki
**11.44** Ævintýraferðin
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.45** Doddi litli og Eyrnastór
**12.55** Tommi og Jenni
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveins
**13.54** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Ævintýri Tinna
**14.23** Brunabílarnir
**14.47** Latibær
**15.00** Ljóti andarunginn og ég
**15.22** Lukku-Láki
**15.44** Ævintýraferðin
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.45** Doddi litli og Eyrnastór
**16.55** Tommi og Jenni
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveins
**17.49** UKI
**17.54** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Ævintýri Tinna
**18.23** Brunabílarnir
**18.47** Latibær
**19.00** Arthúr 2



Tommi og Jenni, 08.55, 12.55 og 16.55

## GULLSTÖÐIN

**17.25** Two and a Half Men
**17.45** Friends
**18.10** New Girl
**18.35** Modern Family
**18.55** Ally McBeal
**19.45** Cold Feet
**20.35** Broadchurch
**21.30** Klovn
**22.00** The Sopranos
**22.55** It's Always Sunny in Philadelphia
**23.15** The Glades
**00.00** Ally McBeal
**00.45** Cold Feet
**01.35** Broadchurch
**02.30** Klovn
**02.55** The Sopranos
**03.50** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.30** A.C.O.D.
**13.00** Girl Most Likely
**14.45** Jane Eyre
**16.45** A.C.O.D.
**18.15** Girl Most Likely
**20.00** Jane Eyre
**22.00** X-Men
**23.45** Insidious
**01.30** Non-Stop
**03.20** X-Men

## RÚV

**16.50** Síðasti tangó í Halifax
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** KrakkaRÚV
**17.56** Stundin okkar
**18.20** Sveppir
**18.27** Kungfú Panda
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.05** Toppstöðin
**21.10** Scott og Bailey
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Lögregluvaktin Bandarísk þáttaröð um líf og störf lögreglumanna í Chicago. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05** Poldark Glæný, bresk sjónvarpsþáttaröð þar sem Heiða Rún Sigurðardóttir fer með eitt aðalhlutverkið.
**00.05** Kastljós
**00.35** Fréttir
**00.50** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Design Star
**09.50** Million Dollar Listing
**10.35** Pepsi MAX tónlist
**13.25** Cheers
**13.50** Dr. Phil
**14.30** Odd Mom Out
**14.55** Survivor
**15.40** The Muppets Prúðuleikararnir eru mættir aftur á skjáinn eftir 17 ára hlé.
**16.00** The Voice Ísland
**17.30** Dr. Phil
**18.10** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**18.50** The Late Late Show with James Corden
**19.30** Bakraddir
**19.45** Life in Pieces
**20.10** Grandfathered
**20.35** The Grinder Gamanþáttaröð með Rob Lowe og Fred Savage í aðalhlutverkum. Lowe leikur Dean Sanderson, sykursætan leikara.
**21.00** Scandal
**21.45** How to Get Away with Murder Leikkonan Viola Davis hlaut nýverið Emmy-verðlaun fyrir hlutverk sitt í þessum æsispennandi þáttum. Í þessari þáttaröð höldum við áfram að fylgjast með Annalise Keating, lögfræðingi sem rekur lögmannsstofu með fimm fyrrum nemendum sínum.
**22.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** Blue Bloods
**00.35** Law & Order. Special Victims Unit
**01.20** Fargo
**02.05** Scandal
**02.50** How to Get Away with Murder
**03.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**04.15** The Late Late Show with James Corden
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# Endurfæddur Nathan Drake

Uncharted: The Nathan Drake Collection gerir góða leiki betri.

**Uncharted: -The Drake Collection**
**PlayStation 4**

★★★★☆

NathanDrake og vinur hans og lærifaðir, Victor „Sully“ Sullivan, eru án efa meðal stærstu stjarna PlayStation undanfarin ár. Ævintýri þeirra eru margvísleg og hafa Uncharted-leikirnir notið gífurlegra vinsælda og í raun má segja að þeir leikirnir hafi einkennt PlayStation 3.

Í tilefni af útgáfu Uncharted 4 í mars á næsta ári, uppfærði Bluepoint Games gömlu leikina þrjá fyrir PS4 og Naughty Dog gaf þá út í einu safni. Leikirnir hafa verið uppfærðir að miklu leyti og líta mun betur út, eins og sjá má hér á síðunni.

Í leikjunum er blandað saman skotbardögum, þrautum og skemmtilegri sögufrásögn.

Spilarar stýra Nathan Drake í gegnum fornar rústir allt frá frumskógum Suður-Ameríku til Himalayafjalla og Sádi-Arabíu, þar sem hann leitar fornra fjársjóða og berst við illmenni.

Fyrsti leikurinn, Drake's Fortune, er nú orðinn átta ára gamall og það sést á honum. Grafikin lítur að vísu ágætlega út, en hreyfingar og skotkerfi ekki, þrátt fyrir að skotkerfið hafi verið bætt. Þá gerist það leiðinlega oft, þegar Drake þarf að klífa kletta og byggingar, að sjónarhornið hjálpar ekki til. Þá vill það gerast að maður hoppi fram af klettum og láti lífið á annan máta.

Bæði Uncharted 2 og 3 virðast ekki eiga við þessi vandamál að stríða.

Stýrikerfið virkar mun betur og bardagar virka bæði skemmtilegri og náttúrulegri. Það er að auðveldara að miða og jafnvel að fara í skjól.

Önnur nýjung er að nú er búið að bæta við svokölluðu Speed Run. Þar geta spilarar keppst við að klára borð á sem skemmstum tíma og borið tíma sína saman við hve lengi vinir þeirra eru að klára borðin. Þá er einnig hægt að bera annars konar tölfræði saman við tölfræði vina. Það er hve marga óvini þú hefur fellt og slíkt.

Uncharted-safnið er stórgóður sögupakki sem býður upp á mikla skemmtun. Það sem Uncharted-serían gerir alveg frábærlega er að segja skemmtilega sögu mjög áhugaverðs karakters. Nathan Drake er frábær og leikirnir eru allir stórskemmtilegir.

**Samúel Karl Ólafsson**



**Útlit leikjanna allra hefur verið uppfært og eru þeir nú í háskerpu.**



**Nathan Drake kemst í hann krappann um allan heim.**




**Uncharted: Drake's Fortune**
Kom út árið 2007.
Rúmlega **4,8 milljónir** eintaka seldar.
**Var valinn PS3-leikur ársins af fjölmörgum miðlum.**




**Uncharted 2: Among Thieves**
Kom út árið 2009.
Rúmlega **6,6 milljónir** eintaka seldar.
**Var valinn leikur ársins af fjölmörgum miðlum.**




**Uncharted 3: Drake's Deception**
Kom út árið 2011.
Rúmlega **6,7 milljónir** eintaka seldar.
**Var valinn leikur ársins af fjölmörgum miðlum.**

## Uppskrift

### Amerískar pönnukökur á fimmtudegi

**1 egg**
**2 msk. sykur**
**5 dl. hveiti**
**3 tsk. lyftiduft**
**½ tsk. salt**
**3 msk. smjör ( brætt)**
**4 dl mjólk (ef ykkur finnst deigið of þykkt þá bætið þið meiri mjólk út í)**
**1 tsk. vanilluextrakt**

*1. Sigtið saman hveiti, lyftiduft og salt í skál.*
*2. Bræðið smjör, leggið til hliðar og kælið.*
*3. Hrærið mjólk og egg saman í annarri skál.*
*4. Setjið mjólkurblönduna út í hveitiblönduna og hrærið vel saman.*
*5. Bætið smjörinu saman við í nokkrum pörtum og hrærið vel á milli.*
*6. Bætið vanilluextraktinu og sykrinum saman við í lokin.*

**Þá ætti deigið að vera tilbúið.**
*Hitið smá smjör á pönnu og setjið örlítið deig á, bakið svo á báðum hliðum þar til pönnukökurnar eru orðnar gullinbrúnar. Líklega nokkrar mínútur á hvorri hlið.*



**Uppskrift fengin af evalaufeykjaran.com**


MIÐNÆTURSPRENGJA
OPIÐ
TIL 24:00
í Kringlunni
NTC
býður öllum
viðskiptavinum sínum
20% afslátt
af öllum dömu- og herravörum
á miðnætursprengju
Kringlunnar í dag.


Kultur
gs skór
Kultur
menn
COMPANYS
-20%
... af öllum vörum
aðeins í dag
focus
SMASH
URBAN
17
galleri sautján

# Fræðsludagskrá fyrir listamenn á Airwaves-hátíðinni í fyrsta sinn

Búið er að gera Petersen-svítuna í Gamla bíói að eins konar samkomustað fyrir listamenn, fjölmiðla og áhugafólk um tónlist. Þar fer fram fræðsludagskrá um allt sem tengist tónlistargeiranum á meðan á hátíðinni stendur.

Í fyrsta sinn í sögu Iceland Airwaves-hátíðarinnar fer nú fram svokölluð fræðsludagskrá meðfram hátíðinni, sem er hugsað fyrir tónlistarmenn sem vilja kynna sér hinar ýmsu hliðar tónlistargeirans. „Þetta er í fyrsta sinn sem boðið er upp á svona. Við verðum í Petersen-svítunni sem er efsta hæðin í Gamla bíói og verður það svæði hugsað fyrir þá listamenn sem koma fram á hátíðinni, fjölmiðlafólkið og allt bransafólkið, þar sem allt þetta fólk getur hangið saman og blandað geði,“ segir Sigtryggur Baldursson, tónlistarmaður og framkvæmdastjóri Útóns.

Á þessu sama svæði fer einnig fram fræðsludagskrá um hin ýmsu málefni tengd tónlistarbransanum og segir Sigtryggur þessa fræðsludagskrá geta verið einkar mikilvæga fyrir listamenn sem vilja koma sköpun sinni á framfæri. „Þetta er í raun eingöngu fyrir þá sem eru með listamannsarmband og pressuarmband og darlingarmband en við ætlum samt að gefa armbönd á þessa fræðslufundi því við viljum fá fólk til að koma og ég vil hvetja fólk til að kíkja eitthvað á þetta því þetta er dýrmætt fræðsluefni fyrir músíkbransann,“ segir Sigtryggur.

**VIÐ VILJUM FÁ FÓLK TIL AÐ KOMA OG ÉG VIL HVETJA FÓLK TIL AÐ KÍKJA EITTHVAÐ Á ÞETTA ÞVÍ ÞETTA ER DÝRMÆTT FRÆÐSLUEFNI FYRIR MÚSÍKBRANSANN.**

Fræðslufundirnir hefjast í dag og verða fram á laugardag. Á meðal fyrirlesara eru Heather Kolker, umboðsmaður Of Monsters and Men, Simon Raymonde, eigandi plötufyrirtækisins Bella Union, María Rut Reynisdóttir, umboðsmaður Ásgeirs, og fjöldinn allur af fólki frá hinum ýmsu stöðum í tónlistarbransanum. „Þetta verða fyrirlestrar, pallborðsumræður og spjall, þannig að fólk getur spurt spurninga og fræðst um hvað allt þetta fólk er að gera.“

Þeir sem hafa áhuga á þessari fræðslu en eru ekki með armband sem gefur aðgang geta fengið armband með því að hafa samband við Útón. **– glp**


Sigtryggur Baldursson segir fræðsludagskrána geta verið ákaflega mikilvæga fyrir listamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# DEBENHAMS

# CLINIQUE

## DAGAR 5.–11. NÓVEMBER

**20% AFSLÁTTUR**
AF CLINIQUE Á MEGADÖGUM

Glæsilegur kaupauki* ef keyptar eru Clinique vörur fyrir 6.900 krónur eða meira.




**Kaupaukinn inniheldur:**
Take the Day Off Makeup Remover – augnfarða- og varalitahreinsi, 50ml
Repairwear Anti-Gravity Eye Cream – virkt augnkrem, 5ml
Repairwear Sculpting Night Cream – nýtt krem sem styrkir og lyftir, 15ml
Blushing Blush Powder Blush – kinnalit, precious posy
High Impact Mascara – svartan mascara, 3.5ml
Calyx – ferskan ilm , 4ml
Snyrtibuddu

*meðan birgðir endast




**Nýtt: Chubby Lash Fattening Mascara.**
Kynntu þér nýjasta maskarann sem þykkir augnhárin til hins ýtrasta.

CLINIQUE
Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust.

Finndu okkur á facebook

*Gerðu lífið skemmtilegra*

**DEBENHAMS – SMÁRALIND**
**KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR**



Rennsli sýningarinnar gekk vel og allt löðrandi í sköpunarkrafti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Borgarleikhúsið fylltist af næstu kynslóðinni

Ungleikur var haldinn í þriðja skiptið nú í ár. Tilgangur hans er að mæta þörfinni fyrir að viðhalda virku leikhúslífi meðal unga fólksins, og er leitast við að sinna þeirri þörf óháð menntaskólunum. „Fólk á aldrinum sextán til tuttugu og fimm getur verið með, en reyndar er einn svindlari í ár, hann er tuttugu og sex,“ segir Alma Mjöll, leikstjóri verksins Austurgluggans sem frumsýnt var á þriðjudaginn, þegar Fréttablaðið gægðist á rennsli. Eiga þátttakendur Ungleiks það sameiginlegt að vera að feta sig áfram í bransanum svo hæglega má segja að ferskleikinn svífi yfir vötnum. „Þetta er gríðarlega mikilvægt tækifæri fyrir ungt fólk sem er að feta brautina í leikhúsunum,“ segir Alma. „Við erum búin að vera að æfa í tvo mánuði og vera á bólakafi í því, bara þetta og skólinn. Það koma margir að hverri sýningu, svo sem leikstjórar, leikskáld, búningahönnuðir, sviðsmyndahönnuðir og fleiri,“ bendir hún á. „Ég meina, hvenær getur tuttugu og eins árs gömul stelpa sett upp verk í Borgarleikhúsinu í samvinnu við aðra unga og óreynda í þessum bransa? Þetta er frábært tækifæri.“ – ga

# Góður húmor og menn vanda sig





Bragi Valdimar Skúlason, höfundur Karnivalíu, segir einungis fullorðna skilja sumt af húmornum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þetta er mjög skemmtilegt, annars væri maður ekki að þessu, þetta er góður húmor og maður reynir að vanda sig,“ segir tónlistarmaðurinn Bragi Valdimar Skúlason. Hann sendi á dögunum frá sér sína þriðju plötu í samstarfi við Memfismafíuna en platan er í raun barnaplötubók og nefnist Karnivalía.

Um er að ræða bók þar sem í er að finna ellefu laga plötu ásamt söngtextum og litlum hugvekjum og smásögum sem fylgja hverju lagi. „Við ákváðum að gefa þetta út sem bók með plötu til þess að hressa upp á „formattið“ og það er líka auðveldara að senda þetta út í formi bókar þar sem þetta eru stuttar sögur við hvert lag og þá njóta myndirnar sín enn betur,“ segir Bragi Valdimar.

Verkefnið ætti einnig að falla fullorðnum vel í geð og er ekkert síður fyrir þá þar sem textarnir eru hnyttnir og sumt af húmornum þannig að einungis fullorðnir skilja það.

Karnivalía er þriðja platan í barnaplöturöðinni því áður hafa komið út plöturnar Gilligill sem kom út árið 2008 og Diskóeyjan sem kom út árið 2010 og innihélt meðal annars smellinn Það geta ekki allir verið gordjöss.

Bragi Valdimar segir efnið á plötunni fjölbreytt. „Þetta er allt frá diskói og furðufönki yfir í vögguvísur.“

Á Karnivalíu syngur fjöldi söngvara en Sigríður Thorlacius, Egill Ólafsson, Sigurður Guðmundsson og Magga Stína eru í stórum hlutverkum. Þingmaðurinn og fönkprófessorinn Óttarr Proppé þylur stafrófsvísur og sjálfur Páll Óskar birtist í sérlega hoppvænu stuðlagi, Húba Húba. Þá segir Jón Gnarr sína meiningu um mannanafnanefnd í samnefndu lagi. Upptökustjórn er í höndum Guðmundar Kristins Jónssonar, sem er betur þekktur sem Kiddi í Hjálmum. – glp




# LAMBALÆRI OG ÁST!

*Nýttu þér frábært tilboð á lambalærum í Iceland og hóaðu í fjölskyldu og vini í glaðlega og kærleiksríka máltíð.*







**Borgaðu** með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró.
Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að **14 daga vaxtalausan greiðslufrest.**
Skráðu þig á **www.netgiro.is**

Netgíró
Betri leið til að borga

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

# AIRWAVES-REYNSLUBOLTAR OPNA SIG

Guðrún Ansnes
gudrun@frettabladid.is

Airwaves hófst í gær, en hátíðin er nú haldin í sautjánda skiptið. Þétt tónlistardagskrá um miðborgina, hvort sem er fyrir armbandshafa eða undandagskrárfara. Eitt er þó á hreinu, og það er að fólk leggur mikið upp úr útlitinu og ganga sumir svo langt að segja þetta smávaxna útgáfu af tískuviku. Fréttablaðið tók púlsinn nokkrir þaulreyndum Airwaves-förum, sem vita hvernig best er að binda um hnútana fyrir komandi átök, útlitslega séð.

## Verða næstu fjórir dagar stútfullir af hátíðarfatakrísum?

**ÓSK GUNNARSDÓTTIR**
**FJÖLMIÐLAKONA**

Þú þarft að bíða í röð, það er staðreynd. Og það er ekkert rosa gaman að bíða í röð fyrir utan listasafnið að drepast úr kulda,“ segir Ósk, en hún er að fara á sína tólftu hátíð í ár og því reynslubolti með meiru sem veit hvað blívur. „Þegar maður tekur þessa fimm daga með trompi, er gott að ákveða þetta með mánaðar fyrirvara, svo maður endi ekki á því að tæma budduna rétt fyrir Airwaves,“ bendir hún á.

„Maður þarf að fylgjast vel með veðurspánni. Það skiptir miklu máli. Árið 2012 fauk ég til dæmis á bíl og fékk heilahristing,“ segir hún og skellir upp úr. „Öllu skiptir að vera í þægilegum skóm, ekki fara á háhæluðum skóm. Ekki gera þér það.“

**EKKI VERA Í SAMFESTINGI**

**Sjúklega flott og gaman að vera töffari í þannig. En hann er ekki praktískur. Þú vilt vera eins snögg og þú getur á klósettinu, raðirnar þangað eru langar. Pissa og út.**



Ósk nýklippt, dressin hanga tilbúin hengd upp á skápa, og tilbúin til að leika á als oddi alla hátíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Ósk mælir með

- Ekki vera á háhæluðum skóm.
- Vertu í léttri yfirhöfn, þú munt fara úr henni.
- Notaðu lög. Flík ofan á flík, sem þú getur svo tínt af þér og bætt á eftir þörfum.
- Ekki vera í samfestingi. Sjúklega flott og gaman að vera töffari í þannig. En hann er ekki praktískur. Þú vilt vera eins snögg og þú getur á klósettinu, raðirnar þangað eru langar. Pissa og út.
- Vertu með lítinn bakpoka. Alls ekki stóran. Það er illa séð.
- Vertu með húfu og trefil.
- Góð skyrta og gallabuxur koma þér langt.
- Rokkaðu þig frekar upp með eyrnalokkum og einhverju glingri heldur en glimmergallanum, þó hann sé mega kúl.



Irena Sveinsdóttir er tilbúin í slaginn, með kasjúal klæðnað að vopni fram að helgi og þá tekur hún út pelsinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Meira en tónlistarhátíð

**IRENA SVEINSDÓTTIR**
**TÍSKUBLOGGARI Á TRENDNET.IS**

Irena Sveinsdóttir leggur mikið upp úr að fólk klæði sig bara nákvæmlega eins og það langar til og telur boð og bönn ekki eiga við á Airwaves. „Maður sér mikið af alls konar týpum á Airwaves og hátíðin snýst um miklu meira en bara tónlist. Hingað kemur fólk til að taka myndir af gestunum, svokallaðar „street style“ myndir og það er voða gaman þegar einhver hefur áhuga á að smella af mynd af manni,“ segir Irena, sem er nokkurn veginn komin með samsetningar sínar á hreint, þrátt fyrir að vera mikil b-manneskja að eigin sögn.

### Irena mælir með

- Þægilegum föt umfram annað.
- Skóm sem þú endist í allt kvöldið. Strigaskór koma sterkir inn.
- Klæða sig vel, maður veit aldrei með veðrið og búa þannig um að hægt sé að fara úr fötum ef það verður heitt.
- Pelsar og pallíettur ganga alltaf.
- Grípandi mynstur eru alltaf skemmtileg í svona stússi.
- Byggja planið upp þannig að maður er meira kasjúal fyrstu dagana og koma svo með „item-in“ um helgina.

## Kósí og endurnýting aðalatriðið

**HLYNUR JAMES HÁKONARSON**
**BLOGGARI Á HERRATREND OG EINN AF EIGENDUM SÍÐUNNAR RVK STYLE INSTAGRAM**

Það eru allir að reyna að vera eitthvað, en svo eru allir í sama pakkanum, svörtum rúllukraga, pels og með hatt,“ segir Hlynur og bætir við: „Það er leiðinlegt að vera gaurinn sem er að reyna að vera nettur en hugsar eins og allir hinir, „ég ætla að vera tískumorðinginn“.“ Hann segist aðhyllast kósí stemninguna í ár og hræðist ekki að fara oft í sömu fötunum.

### Hlynur mælir með

- Stórri lokaðri hettupeysu.
- Klofsíðum buxum.
- Vintage bomber-jakka.
- Gallabuxur og svartir Timberland-skór eru eitthvað sem mætti vinna með.
- Klæða sig í lögum, fara í rúllukragabol undir stóra peysu og háskólajakka yfir það.
- Stórum frakka.
- Gott að velja eitt kvöld þar sem maður er aðeins meira tilhafður. Fara í biker-jakka, opna skyrtu og hlýrabol og bróka sig vel. Þetta er ekki grín. Vera í svörtum þröngum buxum við.
- Leðurbuxum, alvöru.
- Fyrir grautþunna á sunnudaginn er sniðugt að pikka út úr dressum undanfarinna daga og fara í Stan Smith-skóna við.




Hlynur James horfir til hátíðarinnar uppfullur af þægilegheitum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# OUTLETSPRENGJA



## 40-90%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

## 5-7. NÓVEMBER



**ELÍ** 14.993 kr. ~~39.490~~ kr.



**DÚNA** 17.993 kr. ~~34.990~~ kr.



**FURA** 22.493 kr. ~~48.990~~ kr.



**DÓI** 10.493 kr. ~~19.990~~ kr.

**Fimmtudag - Föstudag** ........ **10 - 18**

**Laugardagur** ........ **10 - 16**

**CINTAMANI OUTLET**

Austurhraun 3, Garðabæ | www.cintamani.is






Daði Einarsson sá meðal annars um að búa til fjallgarð og stórhríð í myndinni Everest. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þurfti að búa til fallegt Everestfjall

Daði Einarsson stýrði tæknibrellugerðinni í kvikmyndinni Everest en brellurnar eru að mestu unnar á Íslandi. Mjög krefjandi verkefni.

Daði Einarsson var svokallaður tæknibrellustjóri kvikmyndarinnar Everest sem frumsýnd var fyrir skömmu. Myndin, sem Baltasar Kormákur leikstýrði, hefur slegið í gegn um heim allan og þá hafa tæknibrellurnar í myndinni fengið mikið lof.

**Krefjandi gagnvart aðstandendum þeirra sem létust**

Daði segir verkið hafa verið einkar krefjandi sökum þess að allt þurfti að vera mjög raunverulegt til að gera söguna raunverulega og trúverðuga. „Þetta var ótrúlega krefjandi verkefni og þess vegna mjög gaman. Ábyrgðin var líka mjög mikil gagnvart framleiðanda, leikstjóra, áhorfendum og ekki síst gagnvart aðstandendum þeirra sem létust í slysinu. Það var líka mikilvægt að gera þetta vel gagnvart fjallafólki og það mátti ekki skálda mikið í kringum þetta. Það var mikil pressa að ná þessu rétt og við vorum mjög nákvæmir í öllum okkar aðgerðum,“ segir Daði spurður út verkefnið.

Everest kom eins og fyrr segir út fyrir skömmu en hún hefur þó átt hug Daða í um tvö ár. „Þetta var mjög langt ferli. Ég kem mjög snemma inn í ferlið og það eru eiginlega fáar deildir sem koma jafn snemma inn í ferlið og okkar deild. Við byrjuðum að undirbúa þetta árið 2012 og fórum í vettvangskannanir árið 2013. Sumarið 2013 vorum við að festa niður tökustaði og svo hófust tökur í janúar 2014. Við skilum svo af okkur í byrjun júní 2015, þannig að þetta eru um tvö ár sem hafa alveg farið í verkefnið,“ útskýrir Daði.

**Að mestu unnið á Íslandi**

Sem tæknibrellustjóri setur Daði upp plan og hefur yfirsýn en með honum starfar fjöldi fólks. „Megnið af tæknibrelluvinnunni fór fram á Íslandi og og þetta eru mest allt Íslendingar sem vinna að þessu. Við unnum þó einnig verkefni með fyrirtæki í London og Svíþjóð.“

Everest er byggð á sönnum atburðum sem gerðust í maí árið 1996, þegar öflugur stormur skall skyndilega og algjörlega óvænt á fjallinu með þeim afleiðingum að átta fjallgöngumenn sem voru komnir á toppinn eða rétt að komast þangað fórust. Hvernig fer maður að því að búa til slíkan storm í kvikmynd? „Að búa til storm byrjar á mikilli rannsóknarvinnu. Við leitum að myndskeiðum af alvöru stormum, förum á YouTube og skoðum alvörufyrirbærið. Svo hönnum við okkar storm með concept-artista, gerum skissur og skoðum með leikstjóra. Þegar við erum sammála um hvernig þetta á að líta út förum við í þá vinnu að búa til storm sem hreyfist og virðist raunverulegur. Þar notumst við meðal annars við hugbúnað sem líkir eftir náttúrufyrirbærum og skeytum saman við tölvuteiknuð ský. Við reynum að nota mikið af samanskeyttum ljósmyndum eða kvikmyndatökum og reynum af fremsta megni að halda okkur í sama heimi og óbreyttu tökurnar. Það er alveg sama hversu vel tæknibrellur eru gerðar, ef þær eru stílbrot við óbreyttu tökurnar þá eru þær misheppnaðar,“ útskýrir Daði.

Til þess að setja sig inn í aðstæðurnar þurftu Daði og Baltasar að fara til Everest og skoða svæðið vel. „Við fórum til Everest og fórum þar um í þyrlu og þurftum að kynna okkur þetta og átta okkur á aðstæðum. Við þurftum að finna þá tilfinningu sem við vildum setja á tjaldið. Eftir á að hyggja var það mjög mikilvægt og allar ákvarðanir voru teknar út frá þessari upplifun.“

Daði segir myndina frábrugðna ævintýramyndum hvað varðar tæknibrellur að því leytinu til að ekkert mátti út af bregða í Everest. „Myndin er sérlega erfið að því leyti að það má ekkert út af bregða í mörgum tilfellum. Ef þetta væri ævintýramynd þá væri meira frelsi til að skálda og hafa eitthvað sem er kannski frekar fallegt heldur en að það sé endilega raunverulegt. Everest varð að vera raunveruleg til að halda öllu inni í sögunni. Í grunninn til var bara eitt stórt vandamál og það var að búa til fjallgarð. Þegar við sáum að við gátum búið til raunverulegt og fallegt Everestfjall var þetta komið að mestu leyti,“ útskýrir Daði.

**Fleiri stór verkefni í pípunum**

Myndin er tekin upp víð, í Katmandú og víðar í Nepal en þegar komið var að grunnbúðum Everest var farið í kvikmyndastúdíó í Róm og víðar og notast við Greenscreen. „Við tókum mikið upp í Dólómíta-fjöllunum á Ítalíu og náðum þar að nýta okkur snjóinn og kuldann en við skiptum samt út fjöllunum fyrir Himalaya-fjöllin. Við vorum þarna í þrjú þúsund metra hæð þannig að þetta voru ekkert þægilegar innitökur,“ bætir Daði við.

Daði og Baltasar hafa nú unnið að fjórum kvikmyndum saman og eiga saman fyrirtækið RVX. RVX hefur í nógu að snúast og hefur fyrirtækið fengið mikið af fyrirspurnum eftir að Everest kom út. „Við erum á fullu með eitt og annað. Það er eitt stórt verkefni á döfinni sem er spennandi. Eftir að Everest kom út hafa menn verið að spyrjast fyrir um hvernig við gerðum þetta. Annars erum við núna að bera saman og skoða næstu myndir. Þess á milli erum við alltaf með fullt af smærri verkefnum og erum til dæmis að vinna að þáttunum Ófærð um þessar mundir.“ **gunnarleo@frettabladid.is**

**Helstu verkefni Daða undanfarin ár**

- Everest - 2015
- Fúsi - 2015
- Metalhead - 2013
- Gravity - 2013
- 2 Guns - 2013
- Boardwalk Empire - 2012
- Djúpið - 2012
- Contraband - 2012



*Gildir fyrir eina áskrift. Viðskiptavinir sem taka þessu tilboði fyrir 31. desember halda þessum kjörum í eitt ár.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


MIÐNÆTURSPRENGJA
Í VERSLUN OKKAR Í KRINGLUNNI Í DAG
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
VÖRUM
ZO•ON ICELAND
KRINGLUNNI | 103 REYKJAVÍK | 412-5864
WWW.ZO-ON.IS
ZO•ON
ICELAND

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Frosta Logasonar




## Íslendinga-bækur

Það er ekkert grín að búa á einangraðri eyju lengst norður í Atlantshafi. Íslensk þjóð er því marki brennd að hafa í þúsund ár þurft að berjast fyrir lífi sínu í harðgerðri náttúru á mörkum hins byggilega heims. Kyn okkar hefur aðlagast og mótast af erfiðum aðstæðum og í kjölfarið getið af sér samfélag sem á sér fáar hliðstæður. Allt er þetta svo ítarlega skjalfest á bæði gömlum skinnritum jafnt sem hátæknilegri Íslendingabók á vefnum þar sem sjálfur get ég rakið ættir mínar beint til fyrsta landnemans í Reykjavík.

Næstu vikur og mánuðir verða strembnir á Íslandi. Skammdegið er að skella á og ef þú ætlar ekki óvænt að sitja fastur í snjósköflum og slabbi einhvern næstkomandi morgun þurfa vetrardekkin að komast undir fljótlega. Helsta vandamál mitt næstu mánuðina verður þó sennilegast skortur á tíma og skipulagningu. Einn stjórnmálaflokkurinn hefur lagt til að seinka klukkunni og það er vel. En eins og með öll hin góðu málin má ekki samþykkja það. Þetta er of róttækt. Þar af leiðandi eiga mínar hugmyndir um lengri sólarhring engan möguleika. Svekkjandi.

Mér eins og öðrum Íslendingum veitti nefnilega ekkert af svona eins og fjórum aukatímum á dag. Sérstaklega á þessum árstíma. Ég á nefnilega eftir að lesa mikið af þeim bókum sem hafa verið að koma út á undanförnum vikum. Hallgrímur Helgason, Jón Gnarr, Einar Már, Jón Kalman, Stefán Máni og Bibbi í Skálmöld bíða allir á náttborðinu mínu. Ég ætla að lesa þá alla fyrir jól af því ég veit af reynslu að þeir skrifa allir eðalstöff. Tvö meistaraverk hafa þegar verið lesin en það eru bækur Mikka Torfa og Bubba Morthens. Já, það er vandlifað á skerinu.


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

UMHVERFISMERKI
141 381
Prentgripur
FINGRAFÖRIN OKKAR ERU ALLS STAÐAR !
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
www.gudjono.is · Sími 511 1234



